


ÁSGERÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR

*250 börn á sumarnámskeiðum*

• Heilsa • Heimili

allt Í MIÐJU BLAÐSINS

DÖGG MÓSESDÓTTIR

*Heldur kvikmyndahátíð með nýju sniði*

Stuttmynda- og myndbandahátíð á Grundarfirði í vetur

FÓLK 30



DÚKKULÍSURNAR

*Fagna 25 ára afmæli*

Bjóða stúlkum í tónsmiðju í tilefni afmælisins

TÍMAMÓT 16



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

7. ágúst 2007 — 211. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

# Komust með efnin í gegnum Bandaríkin

**Sextán ára stúlka og 28 ára karlmaður komust með um hálft kíló af kókaíni frá Venesúela, í gegnum Bandaríkin og hingað til lands. Foreldrar stúlkunnar vissu að hún var að fara en stöðvuðu hana ekki. Stúlkan líklega yngsti kókaínsmyglarinn.**

**LÖGREGLUMÁL** Sextán ára stúlka og 28 ára karlmaður voru handtekin á Keflavíkurflugvelli mánudaginn 30. júlí með hálft kíló af kókaíni í fórum sínum.

Efnin fundust við leit Tollgæslunnar en bæði stúlkan og karlmaðurinn, sem eru par, voru með efnin innvortis. Þau hafa bæði verið í gæsluvarðhaldi frá því málið komið upp og verið yfirheyrð. Þau hafa játað sök í málinu en ekkert bendir til þess að aðrir tengist því.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins vissu foreldrar stúlkunnar af ferðum hennar með manninum til Suður-Ameríkuríkisins Venesúela en gerðu ekkert til þess að koma í veg fyrir að hún færi. Lögreglan hefði getað stöðvað ferðir hennar, þar sem hún er ekki orðin sjálfráða, ef ósk um það hefði borist.

Lögreglan á Suðurnesjum vildi ekki tjá sig um málið að öðru leyti en því að stúlkan og maðurinn hefðu verið í haldi í eina viku og þeim yrði að öllum líkindum sleppt í dag.

Gæsluvarðhald yfir þeim er að renna út og er ekki talið líklegt að farið verði fram á lengra varðhald, þar sem málið telst upplýst.

Heimildamenn Fréttablaðsins innan lögreglu og Tollsins minnast þess ekki að jafn ungur kókaíninnflytjandi hafi verið tekinn við eftirlit hér á landi en stúlkan varð sextán ára 29. júlí síðastliðinn, degi áður en hún var tekin á Keflavíkurflugvelli.

Lögreglan hefur efnin til rannsóknar en ekkert liggur fyrir um styrkleika þeirra eða verðmæti.

Ríkissaksóknari hefur fengið málið til umfjöllunar og verður reynt að flýta málinu eins og kostur er. Ákæra verður svo gefin út í kjölfarið.

- mh



**HÝR BORG** Baldur Þórhallsson og Felix Bergsson ætla að leiða fólk í gegnum sögu samkynhneigðra í Reykjavík í tilefni Hinsegin daga um helgina. Hótel Borg er meðal þeirra staða sem heimsóttir eru, en samkynhneigðir sóttu þann stað mikið á árum áður. Dagbækur sem skrifaðar voru í Lærða skólanum í Reykjavík árið 1882 eru elstu heimildirnar sem notaðar eru til leiðsagnar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Felix Bergsson og Baldur Þórhallsson fara yfir sögu homma og lesbía:

# Leiðsögn um hýru Reykjavík

**MENNING** Felix Bergsson leikari og Baldur Þórhallsson stjórnmálafræðingur standa fyrir sögugöngu um staði sem tengjast lífi samkynhneigðra í miðborg Reykjavíkur í vikunni. Í klukkustundar langri gönguferð verður fjallað um menningu og líf einstakra samkynhneigðra Reykvíkinga allt frá lokum nítjándu aldar.

„Okkur langar að svipta hulunni af sögu samkynhneigðra í Reykjavík,“ segir Baldur. „Þetta er saga sem er ósögð og er enn að miklu leyti geymd í munnmælum.“ Hann segir hugmyndina hafa sprottið upp úr grúski sínu og Felix í söguheimildum um lesbíur og homma í Reykjavík á síðustu öld. Með hjálp Þorvalds Kristinssonar, fyrrverandi formanns samtakanna 78, hafi þeir sett saman gönguna.

Meðal staða sem heimsóttir eru er Hótel Borg, sem samkynhneigðir sóttu mikið á árum áður, hegningarhúsið við Skólavörðustíg, þar sem eini Íslendingurinn sem dæmdur hefur verið fyrir samkynhneigð sat, og Laugavegur 11, þar sem þekkt listamannakaffihús var á sjötta áratug síðustu aldar.

„Við ætlum að fara í tvær göngur í tilefni Hinsegin daga. Sú fyrri verður á fimmtudagskvöldið, á íslensku, en sú seinni verður á föstudaginn og ætluð útlendingum. Þar verður talað á ensku, og farið aðra leið.“

- sþs




## ÞRIÐJUDAGUR

### Keith í gegnum árin

Keith Richards, sem skrifar nú ævisögu sína, var ekki alltaf gamall og krumpaður.

FÓLK 22



### Á uppleið í Barcelona



Fyrirsætunni Svölu Lind Þorvaldsdóttur hefur gengið vel á Spáni í sumar.

FÓLK 30

### NATO-fenið í Afganistan

„NATO-leiðangurinn í Afganistan, undir forystu Bandaríkjanna og á þeirra forsendum, er þegar orðinn að u.þ.b. eins fullkominni martröð og hugsast getur,“ segir Steingrímur J. Sigfússon.

Í DAG 12

### Happakylfur

Sigurpáll Geir Sveinsson úr Kili vann einvígið á Nesinu í gær þrátt fyrir að þurfa að fá lánaðar kylfur.

ÍÞRÓTTIR 26



## VEÐRIÐ Í DAG




**DROPAR SUÐVESTAN TIL** - Í dag verða suðaustan 8-13 m/s sunnan og vestan til annars hægari. Nokkuð bjart veður á Norður- og Austurlandi, annars skýjað og hætt við lítils háttar vætu vestast á landinu. Hiti 10-18 stig.

VEÐUR 4






**REKNIR BURT** Þessir ungu menn fengu inni í bílskúr. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

Vinir Akureyrar:

## Engin hátíð að ári að óbreyttu

**AKUREYRI** Bragi Bergmann, framkvæmdastjóri hátíðarinnar Ein með öllu á Akureyri, tilkynnti við lok hátíðarhalda í gær að hátíðin yrði ekki haldin að ári ef bæjaryfirvöld héldu til streitu ákvörðun um að meina 18-23 ára ungmennum aðgang að tjaldsvæðum bæjarins.

Félagið Vinir Akureyrar standa fyrir hátíðinni. „Félagið var stofnað til að auka straum ferðamanna til bæjarins og við teljum að Akureyri sé ekki samboðið að útiloka einhvern aldurshóp,“ segir Bragi. „Það er hrópandi misræmi í að útiloka þennan hóp, en bjóða hann svo velkominn á stúdentagarða og heimavistir eftir mánuð.“

- sgj

Slagsmál á veitingastað:

## Kokkurinn elti mennina með kjöthnífa á lofti

**LÖGREGLUMÁL Fimm menn brutu glös og hentu til húsgögnum á veitingastaðnum Le Rendez-vous við Klapparstíg þann 29. júlí.**

**Fjórir þeirra hlupu svo út án þess að borga fyrir þegnar vínveitingar. Reikningurinn nam um fimm þúsund krónum.**

**Starfsmaður sem reyndi að ganga í veg fyrir mennina var sleginn í andlitið. Fimmti maðurinn, sá þeirra sem minnst hafði sig í frammi, varð eftir og var síðar handtekinn.**

**Lögreglan segir vitni greina svo frá að kokkurinn á staðnum hafi ekki viljað láta bjóða sér þetta. Hann hafi því farið á eftir mönnunum með tvo kjöthnífa á lofti.**

- kóþ



## SPURNING DAGSINS



*Bragi, er Ein með öllu þá öll?*

„Eigi veit ek þat svo gjörla en hitt veit ég að því miður var Ein með öllu með öllum nema 18 til 23 ára í ár.“

Bragi Bergmann er einn aðstandenda fjölskylduhátíðarinnar Einnar með öllu á Akureyri. Forsvarsmenn hátíðarinnar hafa lýst því yfir að hátíðin verði ekki haldin að ári nema bæjarstjórn leyfi öllum að koma.

Stella spákona keyrir um og finnur ungt fólk sem vantar far:

# Er amma fyrir alla unglinga

**FÓLK** „Maður getur alltaf á sig börnum bætt,“ segir Stella Guðmundsdóttir spákona.

Stella kynnti „Símann hennar ömmu“ um helgina í smáauglýsingum Fréttablaðsins. Þar bauð hún börnum og unglingum, sem líður illa, að hringja í sig og spjalla.

„Það sem vakti fyrir mér var að ná til þessara unglinga sem hringja ekki í hjálparsíma Rauða krossins, 1717. Það eru allt of fáir sem láta sig ungt fólk varða,“ segir Stella.

Auglýsingin hefur birst einu sinni og enn hefur enginn unglingur hringt. Hins vegar hafa fullorðnir látið í sér heyra.



Nýjar uppskriftir daglega á fallegum uppskriftavef.

**Síminn hennar Ömmu.**
**Ókeypis ráð.**

Ert þú barn eða unglingur ? líður þér illa ? Þarft þú einhvern til að tala við. Amma er við símann laugadaga og sunnudaga kl.17-21 í síma 697 8727.

ATH. verð í Kolaportinu um helgina

**AUGLÝSING STELLU** Stella hefur gaman af því að keyra ungt fólk heim til sín um helgar og býður nú upp á góð ráð í síma.

„Það var til dæmis einhver perri sem stundi um miðja nótt. Hann hringdi margoft úr leyninúmeri. Ég spurði hann bara hvort hann væri að syngja sitt síðasta,“ segir Stella og hlær.

Stella er spákona í hjáverkum og býður þeim sem hún spáir fyrir að leggja aura í skál til að styrkja annað sjálfboðastarf hennar, að keyra ungmenni heim.

„Ég hef gaman af því að keyra og um helgar hitti ég oft ungt fólk sem vantar far heim og þá fá þau far með mér,“ segir hún.

„Þetta er það fólk sem við eigum að hlúa að,“ segir þessi hjálpfúsa kona. „Ég held að það séu mjög margir sem vildu gera þetta sem ég er að gera, en fólk hefur sig einhverra hluta vegna ekki í það.“ - kóþ

Tekinn á 169 kílómetra hraða:

## Sprengdi sektamörk lögreglu

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði 22 ára gamlan karlmann sem ók á Vesturlandsvegi við Grafarholt klukkan 21 í gærkvöldi. Maðurinn mældist á 169 kílómetra hraða á klukkustund, rúmlega tvöföldum hámarkshraða á vegkaflanum.**

**Maðurinn var sviptur ökuréttindum á vettvangi. Að sögn lögreglu sprengdi hann sektamörk lögreglu, en einungis er heimilt að sekta fyrir allt að 160 kílómetra hraða. Maðurinn þarf því að fara fyrir dómara sem ákvarðar refsingu hans. Að sögn lögreglu er ljóst að það verði umtalsverð fjárupphæð.** - sgj

Hitaveita Suðurnesja:

## Fengu 625 milljóna króna tékka

**ORKUMÁL Hitaveitu Suðurnesja barst tíu milljóna dala ávísun frá varnarliðinu í pósti 15. júní síðastliðinn. Upphæðin jafngildir 625 milljónum króna. Ávísunin var greiðsla vegna samningsrofs um kaup á heitu vatni, sem varð í kjölfar brottfarar varnarliðsins.**

**Samið var um greiðsluna 25. október 2006 og tók því um átta mánuði fyrir varnarliðið að greiða upphæðina. Þetta kom fram í fréttabréfi Hitaveitu Suðurnesja, Fréttaveitunni.**

**Varnarliðið var stærsti einstaki viðskiptavinur Hitaveitunnar og var samið um þessa greiðslu vegna brottfarar hersins.** - sgj



**BRUNINN Í APRÍL** Austurstræti 22 í ljósum logum og nú stendur lítið eftir af því.

Eldsvoðinn á Lækjartorgi:

## Skýrsla send eigendum

**ELDSVOÐI** Skýrsla Brunamálastofnunar um brunann á Lækjartorgi í apríl síðastliðnum hefur verið send hagsmunaaðilum. Þeir fá rúmar þrjár vikur til að fara yfir hana og koma með athugasemdir. Eftir það verður haldinn blaðamannafundur sem verður þá líklega í lok ágústmánaðar.

Björn Karlsson brunamálastjóri sagði að skýrslugerðin hefði verið miklu seinlegri en hann bjóst við. „Það er búið að vera svo mikið um breytingar þarna,“ sagði Björn. „Heilmikið kraðak af teikningum er til af húsunum og við þurftum að fara vandlega yfir það allt saman.“ - pal

# Tekinn þrisvar í röð fyrir fíkniefnaakstur

**Maður var handtekinn á þremur stöðum á landinu um helgina og á tveimur mismunandi bílum fyrir akstur undir áhrifum eiturlyfja. Í öll skiptin fundust á honum eiturlyf og í eitt skiptið þýfi. Sífellt fleiri teknir fyrir lyfjaakstur.**

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Borgarnesi stöðvaði ungan mann fyrir akstur undir áhrifum fíkniefna klukkan fimm á föstudagsmorgun. Fíkniefni fundust í bifreið hans og var maðurinn handtekinn. Maðurinn var án ökuréttinda eftir að hafa verið sviptur þeim.

Í kjölfarið náði einhver í bíl mannsins til lögreglunnar fyrir hann. Á laugardag klukkan hálf þrjú var hann svo stöðvaður á Blönduósi á bílnum. Aftur greindist hann undir áhrifum eiturlyfja og fundust aftur fíkniefni í bílnum. Auk þess fannst þýfi í bílnum frá innbroti á Selfossi fyrir um viku. Í ljós kom að eigandi bifreiðarinnar var erlendis og var því lagt hald á hana.

Að sögn lögreglunnar á Blönduósi var maðurinn tekinn fyrir fíkniefnaakstur í þriðja skiptið í Reykjavík á sunnudaginn. Hafði hann þá útvegað sér aðra bifreið og voru aftur fíkniefni í bíl hans.

Að sögn lögreglu á maðurinn yfir höfði sér eins mánaðar fangelsisvist fyrir að keyra án ökuleyfa. Þá eru hin brotin ótalin.

Annar maður var stöðvaður á tveimur stöðum á landinu undir áhrifum fíkniefna um helgina. Fyrst var hann stöðvaður á fimmtudagskvöld í Borgarnesi og aftur á laugardagskvöld á Blönduósi. Var lagt hald á bílinn á Blönduósi, en ekki fundust fíkniefni á manninum.

„Þegar vaknar grunur um lyfjaakstur getum við tekið strokusýni á tungu eða enni, sem sambærileg við blásturstækin sem notuð eru við ölvunarakstur,“ segir Ásgeir Þór Ásgeirsson, aðalvarðstjóri á höfuðborgarsvæðinu. „Ef strokusýnin eru jákvæð eru gerðar frekari rannsóknir. Ekkert má finnast í blóði, annars eru menn sviptir ökuleyfi.“



**LÖGREGLAN Á BLÖNDUÓSI** Lögreglan á Blönduósi lagði hald á bíla þriggja ökumanna um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ásgeir segir að fyrir liggi skýrari heimildir fyrir lögregluna til að bregðast við lyfjaakstri eftir breytingar á umferðarlögum frá því í fyrra.

steindor@frettabladid.is

Vaxtahækkanir á íbúðalánum:

## Bankarnir fylgjast ekki að

**VEXTIR** Hvorki Glitnir né Landsbankinn hafa fylgt í kjölfar Kaupþings sem hækkaði vexti á nýjum íbúðalánum í 5,95 prósent, eða um 0,75 prósentur, fyrir síðustu mánaðamót. Vextir á nýjum íbúðalánum í íslenskum krónum eru enn 5,2 prósent hjá bönkunum tveimur og það sama er uppi á teningnum hjá Byr sparisjóði.

Bæði SPRON og Frjálsi fjárfestingarbankinn fóru hins vegar að dæmi Kaupþings og hækkuðu vexti í 5,95 prósent frá og með 1. ágúst.

Lán frá Íbúðalánasjóði bera lægstu vextina. Þeir eru 4,8 prósent með uppgreiðslugjaldi en 5,05 prósent án uppgreiðslugjalds. - eþa

Óhapp í björgunarferð:

## Kviknaði í fjórhjóli í akstri

**LÖGREGLUMÁL Björgunarsveit var kölluð út til að aðstoða erlendan ferðamann sem hafði snúið ökkla á göngu í Esjunni í gær. Kviknaði í fjórhjóli björgunarsveitar þegar því var ekið á vettvang og brann það til kaldra kola. Engan sakaði.**

**Ferðamaðurinn óskaði eftir aðstoð á þriðja tímanum og fór slökkvilið á vettvang til aðstoðar. Senda þurfti þá eftir björgunarsveit til að hjálpa til við að flytja manninn. Á leið eftir Vesturlandsveginum kviknaði í fjórhjóli björgunarsveitarinnar og þurfti að kalla út dælubíl slökkviliðsins til að slökkva glóðirnar.** - sgj

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Veltu bíl í Skíðadal**

Tvennt var í bíl sem valt í lausamöl í Skíðadal skammt frá Ólafsfirði klukkan þrjú síðdegis í gær. Þakka má bílbeltum að ökumaður og farþegi sluppu með skrámur, en bíllinn er ónýtur.


BÍLL DAGSINS
KIA MAGENTIS
Nýskr. 05.05 - Sjálfskiptur - Ekinn 39 þús. km.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Sævarhöfða 2 Sími 525 8020 Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00.


Reynt að koma í veg fyrir nýjan kúariðufaraldur í Bretlandi:

# Uppruna smitsins enn leitað

**LONDON, AP** Bresk stjórnvöld reyna nú hvað þau geta til að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu kúariðu svo ekki verði úr nýr faraldur á borð við þann sem varð árið 2001.

Enn er verið að rannsaka hvort kúariðusmitið sem uppgötvaðist í síðustu viku megi rekja til rannsóknarstöðvar þar sem bóluefni gegn kúariðu er framleitt. Einnig er verið að kanna hvort flóðin í síðasta mánuði gætu hafa átt hlut að máli.

Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, gerði hlé á sumarleyfi sínu í gær og fór að hitta bændur sem búa í nágrenni býlisins við Wanborough þar sem kúariðusmitið fannst.

Debbie Reynolds, yfirdýralæknir í Bretlandi, segir að kúariðusmitið sé af sama stofni og greindist árið 1967. Þessi stofn hefur greinst í dýrum lengi, en hefur verið notaður í bóluefni.

Hilary Benn, umhverfisráðherra Bretlands, segir að skýrslu frá sérfræðingum sé að vænta á mánudag eða þriðjudag.

„Við verðum að koma í veg fyrir meiri útbreiðslu,“ segir hann, og rifjar upp faraldurinn árið 2001 þegar grípa þurfti til harkalegra aðgerða; slátra þurfti sjö milljón dýrum og brenna hræjunum í gryfjum víðs vegar um landið. Þessar aðgerðir urðu mikið áfall bæði fyrir landbúnað og ferðaþjónustu í Bretlandi. - gb



**Á FUNDI MEÐ BÆNDUM** Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, gerði hlé á sumarleyfi sínu vegna kúariðunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**Námsmannaþjónusta Sparisjóðsins**

Við hjá Sparisjóðnum viljum vera í góðu sambandi við viðskiptavini okkar. Félagar í Námsmannaþjónustunni njóta persónulegrar þjónustu sem er sniðin að þörfum hvers og eins, auk góðra kjara og spennandi sértilboða. Við erum alltaf til í að ræða málin – ef sambandið er gott, gengur allt annað betur líka.

Skoðaðu málið betur á **www.spar.is** til þess að komast í gott samband!

SPARISJÓÐURINN
Námsmannaþjónusta

## GENGIÐ 03.08.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 62,26 | 62,56 |
| Sterlingspund | 126,72 | 127,34 |
| Evra | 85,21 | 85,69 |
| Dönsk króna | 11,449 | 11,515 |
| Norsk króna | 10,752 | 10,816 |
| Sænsk króna | 9,244 | 9,298 |
| Japanskt jen | 0,5224 | 0,5254 |
| SDR | 95,31 | 95,87 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

115,7093

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Karlmaður á þrítugsaldri lést í bílveltu við Þóroddsstaði í gærmorgun:

# Flúði lögreglu og fórst í bílslysi

**BANASLYS** Karlmaður á þrítugsaldri lést í umferðarslysi á áttunda tímanum í gærmorgun. Maðurinn missti stjórn á fólksbifreið í beygju á Laugarvatnsvegi við Þóroddsstaði með þeim afleiðingum að bíllinn fór nokkrar veltur og maðurinn kastaðist út úr honum. Hann var einn í bílnum.

Lögreglumenn á leið að Selfossi höfðu mætt bifreiðinni á Biskupstungnabraut og gefið ökumanni merki um að stöðva með því að kveikja á sírenu. Þegar lögreglumennirnir snéru við sáu þeir að ökumaðurinn hafði aukið hraðann. Þeir hófu eftirför, en misstu sjónar á bifreiðinni. Þá slökktu þeir á sírenunni.

Lögreglumennirnir héldu áfram að svipast um eftir bílnum og töldu sig hafa séð hann við Svínavatn með stefnu upp Laugarvatnsveg. Það næsta sem þeir sáu var reyk- og gufumökkur. Þeir komu að manninum meðvitundarlausum og báru lífgunartilraunir ekki árangur.

Þetta var sjötta banaslysið í umferðinni í ár. Á sama tíma í fyrra höfðu fjórtán manns látist í umferðarslysum. - sgj



**SJÖTTA BANASLYSIÐ Á ÁRINU** Bíllinn fór út af veginum og valt nokkrum sinnum. Ökumaður kastaðist út og lést. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÖRGUNNUR ODDSDÓTTIR

Tveir síbrotamenn í varðhald:

# Stanslaus afbrot ef þeir eru lausir

**DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest gæsluvarðhaldsúrskurð til 25. september yfir tveimur síbrotamönnum, 18 og 19 ára. Mennirnir hafa gerst sekir um mikinn fjölda afbrota á undanförnum mánuði, en þeir sluppu úr gæsluvarðhaldi í byrjun júní.**

**Annar þeirra var stöðvaður fjórtán sinnum undir stýri án ökuréttinda. Samtals er um nærri 30 afbrot að ræða, sem öll voru framin í júlí. Annar mannanna hlaut fimmtán mánaða fangelsisdóm í febrúar síðastliðnum, og hinn þriggja mánaða skilorð í maí. Brotaferill þeirra er nær óslitinn meðan þeir ganga lausir. - sh**

Lögreglumenn í Bangkok:

# Nota Hello Kitty-armbönd

**TAÍLAND Lögreglumenn í Bangkok í Taílandi sem mæta seint til vinnu, leggja ólöglega eða brjóta af sér á annan hátt þurfa að ganga með armband með mynd af teiknimyndapersónunni Hello Kitty í nokkra daga, samkvæmt nýjum reglum.**



HELLO KITTY

**Armbandið er stórt og bleikt og tvö hjörtu eru saumuð í það. Með þessu vilja lögreglustjórar halda uppi aga og sýna að jafnvel smæstu afbrot séu refsiverð. Lögregluþjónunum sem ganga með armbandið er meinað að segja frá hvað þeir gerðu af sér.**

**Hello Kitty-persónan hefur verið vinsæl í Asíu í marga áratugi og má finna margs konar varning merktan henni. - sgj**

Deilur á Austur-Tímor:

# Gusmao fær að mynda stjórn

**AUSTUR-TÍMOR, AP** Jose Ramos Horta, forseti á Austur-Tímor, hefur ákveðið að Xanana Gusmao verði næsti forsætisráðherra landsins og myndi stjórn, þrátt fyrir að Fretelin-flokkurinn, fjölmennasti flokkur á þingi, geri tilkall til stjórnarmyndunarumboðs.



XANANA GUSMAO

Til átaka kom í höfuðborginni og kveiktu hópar ungmenna í.

Gusmao, sem er fyrrverandi forseti landsins, verður settur í embættið á morgun. Í þingkosningunum í júní hlaut Fretelin ekki nægan styrk til að mynda meirihlutastjórn, en flokkur Gusmaos fékk næstflest þingsæti. - gb

# Hátíðir helgarinnar ágætlega heppnaðar

**Þúsundir skemmtu sér á hátíðum víðs vegar um landið um helgina. Áberandi færri voru á ferðinni en undanfarin ár. Flestir fóru á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum og á Eina með öllu á Akureyri. Veður setti víða strik í reikninginn.**

**FERÐALÖG** Hátíðahöld um verslunarmannahelgina fóru víðast hvar vel fram. Nokkuð færri voru á faraldsfæti en undanfarin ár, og er veðurspánni þar helst kennt um.

Um tuttugu fíkniefnamál komu upp í Vestmannaeyjum og á Akureyri, þar sem flest var af fólki. Þó heimsóttu mun færri Akureyri í ár en í fyrra. Engin nauðgun hafði verið kærð til lögreglu síðdegis í gær.

Á Þjóðhátíð í Eyjum voru vel yfir tíu þúsund gestir og fór hátíðin tiltölulega vel fram. Jóhannes Ólafsson yfirlögregluþjónn segist mjög ánægður með hvernig til tókst, hátíðin hafi sennilega verið sú næst fjölmennasta sem haldin hefur verið í Eyjum.

Ellefu fíkniefnamál komu upp á hátíðinni og fimm líkamsárásir voru tilkynntar lögreglu. Veðrið var gott að sögn Jóhannesar, fyrir utan hvassviðri á fimmtudeginum og smávegis norðankalda seinni part laugardags. Þjóðhátíðargestir voru farnir að streyma í bæinn strax í gærmorgun.

Fjölskylduhátíðin Ein með öllu var haldin á Akureyri um helgina, og er áætlað að um sex þúsund manns hafi lagt leið sína þangað. Það er um það bil helmingi minna en vant er.

Varðstjóri lögreglunnar á Akureyri segir hátíðina hafa farið vel fram, en rigning og kuldi hafi sett strik í reikninginn. Fíkniefnamálin sem komu upp voru um tíu, og fjórar líkamsárásir voru tilkynntar.

Friðsamlegasta hátíðin um verslunarmannahelgina var líklegast Unglingalandsmót Ungmennafélags Íslands sem haldið var á Höfn í Hornafirði. Þar voru um sjö þúsund gestir, og voru þeir allir til sóma að sögn fulltrúa lögreglunnar. Hvorki komu upp fíkniefnamál né voru líkamsárásir tilkynntar.

Ásgeir Þór Ásgeirsson, aðalvarðstjóri hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, segir meira af fólki hafa verið að skemmta sér í miðbænum um helgina en hefur verið undanfarnar verslunarmannahelgar. „Það var erill hjá okkur á föstudags-, laugardags- og sunnudagskvöld, en þetta fór samt þokkalega vel fram,“ segir hann.

salvar@frettabladid.is



**Á ÞJÓÐHÁTÍÐ** Um tíu þúsund manns heimsóttu Vestmannaeyjar um helgina og skemmtu sér í Herjólfsdal. Veðrið þar var að mestu leyti gott, fyrir utan mikið hvassviðri á fimmtudagskvöld.

### HELGIN Í TÖLUM

| | |
|---|---|
| **Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum** | |
| Gestir | Um 10.000 |
| Fíkniefnamál | 11 |
| Líkamsárásir | 5 |
| **Ein með öllu á Akureyri** | |
| Gestir | Um 6.000 |
| Fíkniefnamál | 10 |
| Líkamsárásir | 4 |
| **Neistaflug í Neskaupstað** | |
| Gestir | Um 2.000 |
| Fíkniefnamál | 0 |
| Líkamsárásir | 1 |
| **Unglingalandsmót UMFÍ á Höfn** | |
| Gestir | Um 7.000 |
| Fíkniefnamál | 0 |
| Líkamsárásir | 0 |

Ráðstefna í Alþjóðahúsi:

# Málefni innflytjenda til umræðu

**ALÞJÓÐAMÁL** Málþing um fjölmenningu hefst í Alþjóðahúsinu í dag. Menningarmál verða sérstaklega til umræðu í kvöld en á morgun verður rætt um aðbúnað og réttindi innflytjenda á Íslandi, pólitíska og félagslega stöðu þeirra og hagræn áhrif fyrir íslenskt efnahagslíf.

Í kvöld verður meðal annars rætt um erlenda rithöfunda sem eru „afsprengi ólíkra kúltúra“, eins og orðrétt segir í tilkynningu, og hafa haft djúpstæð áhrif samfélög víða um heim.

Íslenskunám fyrir útlendinga verður einnig til umræðu. Meðal fyrirlesara í kvöld verða Toshiki Toma, prestur innflytjenda, Halldór Guðmundsson rithöfundur og Katrín Jakobsdóttir þingkona. - mh

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Flugvél hlekktist á í flugtaki

Þyrla Landhelgisgæslunnar var kölluð út í Nýja-Dal á ellefta tímanum á sunnudagskvöld. Fjórir útlendingar voru um borð í flugvél sem hlekktist á í flugtaki. Hlutu þeir minniháttar meiðsl. Slysið er í rannsókn.

### Tekinn ölvaður síðdegis

Lögregla í Borgarnesi stöðvaði mann sem ók ölvaður klukkan þrjú síðdegis í gær. Hafði hann setið að sumbli fram undir morgun og var enn ölvaður þegar hann lagði af stað heim um morguninn.

## DALVÍK

### Göturnar skipta um nafn

Hafnarbraut á Dalvík hefur skipt um nafn og heitir nú Hafmeyjubraut. Böggvisbraut er orðin að Grásleppubraut og Hringtún að Hákarlstúni. Þessi nýju og tímabundnu götuheiti eru liður í undirbúningi fyrir fiskidaginn mikla sem haldinn verður á Dalvík 11. ágúst næstkomandi.


GÖNGUFERÐIR



Gönguferð á Alicante

27.sept.–1. okt.

Farastjóri: Ingibjörg Þórhallsdóttir

Verð á mann í tvíbýli

88.900 kr.

» Nánar á www.expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express Ferðir

Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Express Ferðir, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 900 100


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**BEST FYRIR AUSTAN**

Í dag og á morgun eru horfur á þokkalega björtu veðri á landinu norðaustan og austanverðu í hægum vindi. Um sunnan og vestanvert landið verður hins vegar heldur stífari vindur, einkum út til stranda og á annesjum. Má búast við lítilsháttar vætu á þeim slóðum. Á fimmtudag má hins vegar reikna með vætu allra austast og þá rofar til á landinu sunnan og vestanverðu.

**REYKJAVÍK Í DAG**

Suðaustan 5-8 m/s og hætt við lítilsháttar vætu. Hiti 10-14 stig.

um hádegi »




» á morgun




5-10 sunnan og vestan til annars hægari.

» fimmtudagur




Yfirleitt hæg breytileg átt.

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 24°C léttskýjað | London | 22°C skúrir | Friedrichshafen | 24°C skúrir |
| Billund | 26°C léttskýjað | París | 23°C skúrir | Basel | 21°C rigning |
| Osló | 26°C léttskýjað | Eindhoven | 23°C léttskýjað | Alicante | 30°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 27°C léttskýjað | Frankfurt | 24°C skúrir | Algarve | 25°C léttskýjað |
| Gautaborg | 26°C léttskýjað | Berlín | 29°C léttskýjað | Las Palmas | 27°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.


JÆJA, ÉG FER ÚT HÉR. GAMAN AÐ KYNNAST ÞÉR OG TAKK FYRIR SPJALLIÐ!
ÉG MUN ALDREI GLEYMA ÞÉR.
VINIR 0 KR
FRÍTT Í STRÆTÓ FYRIR NÁMSMENN!
Í vetur verður frítt í strætó fyrir framhalds- og háskólanema á höfuðborgarsvæðinu. Nú geturðu lesið blöðin, sötrað kaffi og eignast nýja vini á leiðinni í skólann. Allt frítt.
Nánari upplýsingar á rvk.is/betristraeto og á straeto.is

KJÖRKASSINN



*Finnst þér rétt að banna nektardans á skemmtistaðnum Goldfinger?*

| | |
|---|---|
| Já | 50% |
| Nei | 50% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

*Fórst þú í ferðalag um helgina?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Maður um sextugt fannst liggjandi í blóði sínu í Breiðholti á föstudagskvöld:

# Grunaðir um að hafa keyrt á mann

**LÖGREGLUMÁL** Nokkrir menn hafa verið yfirheyrðir af lögreglu vegna máls þar sem rúmlega sextugur maður fannst liggjandi í blóði sínu á götu í Breiðholti í Reykjavík á föstudagskvöld. Þeir voru í bíl sem talið er að hafi verið ekið á manninn, og stungið af.

Komið var að manninum þar sem hann lá meðvitundarlaus á miðri götunni í Hraunbergi í Breiðholti, og var hann í hjartastoppi. Ekki er ljóst hvað kom fyrir hann, en bremsuför voru á götunni nálægt staðnum þar sem hann fannst.

Lífgunartilraunir voru hafnar og maðurinn fluttur á Landspítalann, þar sem hann liggur enn. Honum var haldið sofandi í fyrstu en vaknaði í fyrradag. Hann er úr lífshættu, og er talinn á batavegi.

Fulltrúi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu staðfesti að nokkrir menn hefðu verið yfirheyrðir vegna málsins. Engar aðrar upplýsingar fengust hjá lögreglu.



**BREIÐHOLT** Maðurinn fannst liggjandi á miðri götunni í Hraunbergi, sem er í Efra-Breiðholti. Ekki liggur fyrir hvað kom fyrir hann, en líklegt þykir að ekið hafi verið á hann.

Gísli Þorsteinsson, lögreglufulltrúi hjá ofbeldisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, neitaði að tjá sig um málið þegar leitað var eftir því. - sþs

Eldur á þremur stöðum:

# Kveikt í þrisvar í austurborginni

**LÖGREGLUMÁL Eldur kviknaði á þremur stöðum í austurborginni aðfaranótt föstudags. Málið er í rannsókn og grunur er um íkveikju. Fjórtán ára drengur var handtekinn um nóttina, en honum var sleppt. Ekki er vitað hvort hann átti aðild að brunanum.**

**Fyrst var gert viðvart vegna elds í brettum í Mörkinni laust fyrir klukkan tvö. Klukkutíma síðar kviknaði í geymslu í Gnoðarvogi. Loks var tilkynnt um eld í gúmmíbáti í sömu götu.**

**Slökkvilið var kallað út og greiðlega gekk að slökkva í logunum.** - sgj








ÍRASKIR LÖGREGLUMENN Í BAGDAD Bandaríkjaher hefur útvegað þeim vopn og þjálfað þá. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Þriðjungur vopna til Íraks er glataður

## Bandaríkjaher getur ekki gert grein fyrir því hvað orðið hefur um 30 prósent þeirra vopna sem afhent voru írösku lögreglunni síðastliðin þrjú ár.

**BANDARÍKIN** Næstum því þriðjungur þeirra vopna sem Bandaríkjaher hefur afhent írösku lögreglunni undanfarin ár er horfinn. Óttast er að þessi vopn hafi komist í hendur uppreisnarmanna sem beiti þeim nú gegn bandarískum hermönnum. Þetta kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar Bandaríkjanna og fréttavefur BBC greinir frá.

Meðal vopnanna sem bandaríski herinn getur ekki gert grein fyrir eru 110 þúsund AK-47 rifflar og 80 þúsund skammbyssur, ásamt 135 þúsund hlífðarbrynjum og 115 þúsund hjálmum. Alls eru þetta 30 prósent allra þeirra vopna sem íraska lögreglan hefur fengið frá Bandaríkjaher síðustu þrjú árin.

Varnarmálaráðuneytið véfengir ekki þessar tölur en segir að starfsreglur varðandi úthlutun vopna séu í endurskoðun.

Bandarísk stjórnvöld hafa varið tæplega tólf hundruð milljörðum króna í íraskar öryggissveitir frá árinu 2003 og þar hafa 174,7 milljarðar farið í að kaupa og afhenda vopn og annan búnað.

Bandaríkjastjórn hefur lagt alla áherslu á að gera íraskar lögreglu- og hersveitir færar um að taka við öryggisgæslu í Írak, því þá fyrst geti Bandaríkjaher farið frá landinu þegar heimamenn eru farnir að geta tryggt friðinn án utanaðkomandi aðstoðar.

Þess vegna er það þeim mun neyðarlegra að vopnin skuli fara beint til andstæðinga Bandaríkjamanna í Írak.

Bandaríkjaher hefur á hinn bóginn ásakað stjórnvöld í Íran um að kynda undir átökin í Írak. Bandaríkjamenn segja Írana hafa veitt íröskum sjíum, sem barist hafa gegn Bandaríkjamönnum í Írak, bæði vopn og herþjálfun. Íranar harðneita þessu, en á fundi sendiherra Bandaríkjanna og Írans í Bagdad í gær var ákveðið að þeir myndu halda áfram að hittast reglulega.

Staða ríkisstjórnar Nouri al-Malikis í Írak versnaði síðan enn í gær þegar fimm ráðherrar, allt saman súnní-múslimar, tilkynntu að þeir myndu ekki mæta á ríkisstjórnarfundi. Þar með eru engir súnnímúslimar lengur í stjórninni, sem átti að tryggja samstarf sjía, súnnía og kúrda við stjórn landsins.

gudsteinn@frettabladid.is/sdg@frettabladid.is






Borgaryfirvöld útiloka ekki að Reykjavíkurflugvöllur verði fluttur á Hólmsheiði:

# Fisfélagið fær aðstöðu á Hólmsheiði

**SKIPULAGSMÁL** „Við óskuðum fyrst eftir aðstöðu á þessu svæði árið 2003 og það er ánægjulegt að þetta sé loksins í höfn,“ segir Ágúst Guðmundsson, formaður Fisfélags Reykjavíkur, en borgarráð staðfesti á fimmtudag samning um að félagið fengi afnot af afmörkuðu svæði á Hólmsheiði undir flugvöll og félagsaðstöðu.

Borgaryfirvöld útiloka ekki að Reykjavíkurflugvöllur flytjist á Hólmsheiði í framtíðinni því í samningnum segir að borgin geti sagt honum upp verði ákveðið að flytja flugvöllinn þangað. Öll hús Fisfélagsins skulu einnig vera þannig byggð að unnt sé að flytja þau á brott.

Fisflugmenn eru ánægðir með samninginn. „Við missum aðstöðuna okkar að líkindum í haust svo það var brýnt að finna félaginu nýjan stað. Hólmsheiðin var í raun eina svæðið innan borgarmarkanna sem kom til greina,“ segir Ágúst.

Ekki eru allir ánægðir með að Fisfélagið fái aðstöðu á Hólmsheiði og hefur Félag landeigenda í Óskoti og í Reynisvatnslandi óskað eftir því að úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála felli úr gildi samþykktir Reykjavíkurborgar á þeim rökum að flugumferð raski friðsæld þeirra sem dvelja í sumarbústöðum.

Ágúst segir að áhyggjur íbúanna byggist á misskilningi og á ekki von á því að þetta breyti ákvörðun borgarráðs. - þo



**RÁÐHÚSIÐ** Fisfélagið hefur undanfarin ár haft aðstöðu og flugvöll á Grund undir Úlfarsfelli. Borgarráð ákvað nýlega að flytja aðstöðuna upp á Hólmsheiði. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

www.expressferdir.is/fotbolti

# BOLTINN ER HJÁ OKKUR!




Nú er boltinn loksins farinn á rúlla á Englandi á ný! Fótboltaunnendur þurfa ekki að leita langt yfir skammt því eins og endranær bjóða Express Ferðir mikið og glæsilegt úrval af æsispennandi fótboltaferðum á hreint ótrúlegu verði. Möguleikarnir eru endalausir. Við getum útvegað þér miða á leik, miða og hótel eða útbúið ferð fyrir þig og þína á nánast alla leiki á Englandi, Spáni og í Þýskalandi, að ógleymdri Meistaradeild Evrópu.

**Þú finnur allar nánari upplýsingar á www.expressferdir.is/fotbolti**

## LIVERPOOL CHELSEA

19. ÁGÚST

Það verður fróðlegt að sjá hvernig þessi tvö stórlið koma undan sumri. Liverpool hafa verið nokkuð iðnir við leikmannakaup og Chelsea hafa bætt nokkrum leikmönnum við sinn sterka hóp. Þeir sem hafa komið á Anfield vita að stemningin þar er ólýsanleg og þeir sem hafa ekki farið á leik á þessum magnaða velli verða hreinlega að drífa sig. Miðar Express Ferða á þennan leik staldra stutt við og því ekki eftir neinu að bíða!

INNIFALIÐ:

**Flug og skattar, hótel með morgunverði í þrjár nætur í Liverpool og miði á leikinn.**

**Verð á mann í tvíbýli:**

**89.900 kr.**

## CHELSEA PORTSMOUTH

25. ÁGÚST

Drogba, Lampard, Terry og allar hinar stórstjörnurnar í Chelsea fá Hermann Hreiðarsson og félaga í Portsmouth í heimsókn á Stamford Bridge og við ætlum að sjálfsögðu að mæta. Harry Redknapp hefur verið með veskið á lofti í allt sumar og því miklar væntingar gerðar til liðsins. Chelsea verða því að vera á tánum og passa sig á að vanmeta ekki Hermanator og félaga!

INNIFALIÐ:

**Flug og skattar, hótel með morgunverði í tvær nætur í London og miði á leikinn.**

**Verð á mann í tvíbýli**

**69.900 kr.**







**VERÐ FRÁ: 54.900 kr.**

## Þú finnur draumaleikinn hjá okkur!

| | |
|---|---|
| 14. ágúst | Tottenham–Everton |
| 18. ágúst | Fulham–Middlesbro |
| 18. ágúst | Tottenham–Derby |
| 25. ágúst | West Ham–Wigan |
| 25. ágúst | Arsenal–Man. City |
| 26. ágúst | Man. Utd.–Tottenham |
| 1. september | Man. Utd.–Sunderland |
| 1. september | Liverpool–Derby |
| 1. september | Fulham–Tottenham |
| 2. september | Arsenal–Portsmouth |
| 15. september | Chelsea–Blackburn |
| 15. september | Tottenham–Arsenal |
| 15. september | West Ham–Middlesbro |
| 23. september | Man. Utd.–Chelsea |
| 29. september | Chelsea–Fulham |
| 29. september | West Ham–Arsenal |

Tæmandi listi á www.expressferdir.is
Yfir 150 ferðir

## Skráðu þig í Fótboltaklúbb Express Ferða!

Það margborgar sig að skrá sig í Fótboltaklúbb Express Ferða, því félagar fá reglulega sendar fréttir um fótboltaferðir og fá fyrstir upplýsingar um sértilboð og afslátt sem í boði er hverju sinni. En það er ekki allt. Nöfn þeirra sem skrá sig í ágúst fara í pott og er vinningurinn ekki af verri endanum, fótboltaferð að eigin vali með Express Ferðum á tímabilinu 2007–2008!

Gakktu til liðs við okkur og skráðu þig á **www.icelandexpress.is/expressfotbolti**

Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu

**» Nánar á www.expressferdir.is/fotbolti eða í síma 5 900 100**

Express Ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Krakkadagar

Nú eru krakkadagar hjá Shell.
**20% afsláttur** af leikföngum
og 2 fyrir 1 af Hlunkum frá Kjörís.
Allir krakkar fá blöðrur*.

2 fyrir 1




20%
afsláttur
af leikföngum

*Meðan birgðir endast.

Vörumerki Shell eru notuð af Skeljungi með leyfi Shell Brands International AG.

Made to move


Sveitarstjóri Skaftárhrepps ánægður með endurbyggingu veiðihúss:

# Vonar að málið leysist í góðu

**ÞJÓÐLENDUR** „Á þessu stigi málsins veit ég ekki til þess að það hafi verið unnin nein spjöll og maður vonar bara að svona mál leysist í góðu,“ segir Bjarni Daníelsson, sveitarstjóri Skaftárhrepps.

Bjarni segir Svein Pálsson, sveitarstjóra Mýrdalshrepps, hafa haft samband við byggingarfulltrúa Skaftárhrepps, eftir umfjöllun Fréttablaðsins um endurbyggingu og umtalsverða stækkun veiðihúss við Grænalón.

Sveinn hóf endurbyggingu veiðihússins, sem stendur á þjóðlendu, án leyfis frá byggingaryfirvöldum hreppsins og forsætisráðuneyti, sem fer með forræði yfir þjóðlendum.

Bjarni segist ekki þekkja mikið til málsins en er ánægður með að verið sé að endurbæta húsnæði í hreppnum, almennt séð. Hins vegar hafi verið klaufalegt af Sveini og félögum að sækja ekki um tilskilin leyfi.



**FRÁ KIRKJUBÆJARKLAUSTRI** Sveitarstjóri hreppsins segir að klaufalega hafi verið staðið að endurbyggingu veiðihúss. Myndin tengist fréttinni ekki beint. MYND/NJÖRÐUR HELGASON

„Það eru mjög stífar reglugerðir um þetta nú til dags,“ segir Bjarni. Það flæki hlutina enn fremur að um þjóðlendu sé að ræða. - kóþ

# Auknar heimildir veittar til hlerunar

**Bush Bandaríkjaforseti segir nauðsynlegt að leyniþjónustan hafi lagaleg úrræði til að hlera símtöl og tölvupóstsamskipti grunaðra hryðjuverkamanna.**

**BANDARÍKIN, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti undirritaði á sunnudag lög sem gefa yfirvöldum auknar heimildir til hlerana á símtölum og tölvupóstsamskiptum bandarískra ríkisborgara sem grunaðir eru um að vera hryðjuverkamenn, án þess að sækja þurfi um sérstaka heimild til þess í hvert sinn. Neðri deild og öldungadeild Bandaríkjaþings samþykktu lögin rétt fyrir þingslit vegna sumarleyfa.

Bush hafði lýst frumvarpið forgangsmál. „Þegar sérfræðingar okkar hjá leyniþjónustunni hafa lagaleg úrræði til að afla upplýsinga um fyrirætlanir óvina okkar eru Bandaríkin öruggari,“ sagði Bush á sunnudag. „Og þegar þessi sömu lagalegu úrræði vernda einnig borgaraleg réttindi Bandaríkjamanna þá getum við treyst þeirri vitneskju okkar að við getum varðveitt frelsi okkar meðan við gerum Bandaríkin öruggari.“

Markmið laganna er að hægt sé að hlera samskipti sem fara í gegnum Bandaríkin. Yfirvöld sögðu þetta úrræði nauðsynlegt til að flýta fyrir störfum Þjóðaröryggisstofnunarinnar við að hlera símtöl, tölvupóst og önnur samskipti erlendra ríkisborgara „sem talið er að séu fyrir utan Bandaríkin“.



**GEORGE W. BUSH** Bandaríkjaþing hefur samþykkt ný lög um hleranir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mannréttindasamtök og margir demókratar segja lögin ganga of langt þar sem þau gefi yfirvöldum heimildir til að hlera samskipti bandarískra ríkisborgara við aðila erlendis án fullnægjandi eftirlits frá dómstólum eða þingi. - sdg




3G Vertu með frá byrjun

**NOVA** er nýtt 3G félag sem mun bjóða nýja tegund farsíma- og netþjónustu síðar á þessu ári. 3G mun breyta með hvaða hætti fólk á í samskiptum, miðlar upplýsingum og afþreyingu.

Vilt þú takast á við nýja og skemmtilega hluti að loknu sumarfríi og ganga til liðs við **NOVA**?

Við leitum að kraftmiklu og hressu fólki sem vill takast á við áskorun í starfi. Starfið felur í sér að veita viðskiptavinum **NOVA** ráðgjöf í tengslum við hina nýju 3G þjónustu fyrirtækisins.

Við leggjum áherslu á gott og skemmtilegt starfsumhverfi hjá nýju og spennandi fyrirtæki.

Verslanir

**NOVA** leitar að öflugum sölu- og þjónusturáðgjöfum í verslanir.

Hæfniskröfur

Lífsgleði og jákvætt viðhorf.
Góð tölvukunnátta.
Stúdentspróf eða sambærileg menntun.

Sölu- og þjónustuver

**NOVA** leitar að öflugum sölu- og þjónusturáðgjöfum í sölu- og þjónustuver.

Vinnutími

Unnið er á vöktum.
Í boði er fullt starf og hlutastarf.

Nýir starfsmenn munu fá yfirgripsmikla þjálfun áður en þeir hefja störf.

Áhugasamir sendi inn ferilskrá með upplýsingum um menntun og fyrri störf á netfangið nova@nova.is fyrir 10. ágúst nk. Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir.

**Nánari upplýsingar á nova.is**
NOVA · Sætúni 8 · 105 Reykjavík · Sími 517 6660 · nova.is

NOVA

# ÚTSALA
# VALHÚSGÖGN

**SÓFAR - SÓFASETT - HORNSÓFAR - TUNGUSÓFAR - SVEFNSÓFAR - HVÍLDASTÓLAR - BORDSTOFUHÚSGÖGN - SKÁPAR...**



**www.valhusgogn.is**
Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar
Þetta verður þú að prófa!

**Opið:** Virka daga 10-18
Laugardaga 11-16 - Sunnudaga 13-16

## „ORÐRÉTT“

### Eins og venjuleg helgi

**„Umferðin úr borginni á föstudaginn var bara á við venjulega helgi.“**

RÚNAR SIGURPÁLSSON, VARÐSTJÓRI UMFERÐARDEILDAR LÖGREGLUNNAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU.
Fréttablaðið, 4. ágúst

### Tifandi tímasprengja

**„Fjarðarárvirkjun er ekki aðeins dæmi um mikil náttúruspjöll á fjölfarinni ferðamannaleið heldur tifandi tímasprengja.“**

HJÖRLEIFUR GUTTORMSSON NÁTTÚRUFRÆÐINGUR.
Morgunblaðið, 4. ágúst

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA:** KÁRI HÓLMAR RAGNARSSON, LAGANEMI OG STÚDENTARÁÐSLIÐI

## Fékk einn vænan gúmoren á Þjóðhátíð



„Ég var nú bara að koma af Þjóðhátíð í Eyjum, þar sem ég var ásamt sjö öðrum að vinna í átakinu Karlmenn segja nei við nauðgunum,“ segir Kári Hólmar Ragnarsson, laganemi og fulltrúi í Stúdentaráði Háskóla Íslands. „Við vorum að spjalla við karlmenn á útihátíð um nauðganir og dreifa ýmiss konar varningi og bitlingum í tengslum við það. Þetta gekk bara stórvel, okkur var nánast undantekningarlaust vel tekið, þó svo að einn þjóðhátíðargestur hafi séð sig knúinn til að gefa mér einn vænan gúmoren.

Næstu helgi eru Hinsegin dagar og Stúdentaráð tekur þátt í hátíðarhöldunum. Við viljum undirstrika með því mikilvægi jafnréttis og umburðarlyndis. Svo er ég bara að undirbúa næsta vetur, bæði í skólanum og Stúdentaráði. Við í Röskvu erum komin með allt á fullt fyrir næsta vetur, sem verður sá rosalegasti í sögu Háskóla Íslands. Það verður frítt í strætó fyrir stúdenta og Stúdentagörðum verður fjölgað og fleira og fleira.“

## GOOGE.COM

### SKÁLDIÐ GOOGE VINSÆLT

Vinsældir ljóðskáldsins Barnabe Googe virðast hafa aukist síðustu ár. Alltént er heimasíða tileinkuð honum mjög vinsæl þrátt fyrir að vera efnislítil og geyma aðeins eitt ljóð – On Money. Googe var uppi á sextándu öld á tímum Elísabetar fyrstu Englandsdrottningar en hingað til hefur hann ekki verið talinn með þungavigtarmönnum í ljóðlistinni í Bretlandi. Illar tungur segja að vinsældir hans séu einungis vegna þess að nafnið á heimasíðu hans líkist annarri heimasíðu.

## SJÓNARHÓLL

FRÍTT Í STÆÐI FYRIR VISTHÆFA BÍLA

## Ættu að fá frítt í bíó



**KRISTJÁN HREINSSON**
Skáld

„Ég hef ekki kynnt mér þetta vel en eitt það fyrsta sem flaug upp í hugann þegar ég heyrði af þessu var hvort þessir bílar væru ekki dýrari en aðrir bílar,“ segir Kristján Hreinsson skáld um þá ákvörðun borgarstjórnar að bjóða visthæfum bílum frí bílastæði í miðborg Reykjavíkur. „Ef þessir bílar eru dýrari má líta á það þannig að eigendur þeirra séu nú þegar búnir að borga fyrir stæðin með hærra verði. Ein af mínum skoðunum varðandi bíla og umferð er sú að það eigi ekki að gera neitt. Það eigi að leyfa vegakerfinu að drabbast niður svo fólk sjái smám saman að það er miklu betra að labba eða hjóla. En að öllu gamni slepptu finnst mér sjálfsagt að umbuna þeim sem aka um á vistvænum bílum. Allir sem menga lítið eiga að fá frí bílastæði og helst frítt í bíó líka,“ segir Kristján.



**ENGIN NÝGRÆÐINGUR** Bubbi Morthens skemmti gestum Þjóðhátíðar í Vestmannaeyjum og ekki í fyrsta sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR




JÓNASARFERÐ
TIL KAUPMANNAHAFNAR!

Í tilefni af því að 200 ár eru liðin frá fæðingu Jónasar Hallgrímssonar verður efnt til sérstakrar Jónasarferðar til Kaupmannahafnar dagana 7. - 9. september.

Þar verður efnt til fjölbreyttrar dagskrár á gömlum slóðum Jónasar, meðal annars skemmtiferðar til Sorö, gönguferðar um Kaupmannahöfn skáldsins, ráðstefnu í tengslum við Jónasarsýningu á Nordatlantiske Brygge, og tónleika Fífilbrekkuhópsins sem eru helgaðir ljóðum Jónasar.

Ferðin stendur frá 7. - 9. september, og kostar 59.900 kr. Innifalið er flug með Icelandair, gisting, ferðir til og frá flugvelli, ferðin til Sorö og Hafnargangan. Gist verður á fjögurra stjörnu hóteli, Scandic Hotel Weber, við Vesturbrúargötu.

SÍÐUSTU FORVÖÐ AÐ SKRÁ SIG Í FERÐINA!

Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu Icelandair (www.icelandair.is) merkt „sérferðir“ eða hjá verkefnastjóra Jónasarnefndar, Sveini Einarssyni (s. 898 6360).




**FROÐUBALL** Þau Hemmi, Agla, Kolla, Begga, Ari og Ásrún skemmtu sér konunglega á froðuballi á hátíðinni Ein með öllu á Akureyri. MYND/HEIÐA.IS



**BLYSUM BRUGÐIÐ Á LOFT** Hátíðinni Einni með öllu var slitið með glæsilegri flugeldasýningu. Óvíst er hvort hátíðin verður haldin aftur á næsta ári vegna umdeildrar ákvörðunar bæjaryfirvalda um að meina ungmennum á aldinum 18-23 ára aðgang að tjaldstæðum bæjarins. MYND/HEIÐA.IS

Sævar Guðjónsson leiðsögumaður skaut hreindýrstarf sem var flæktur í vír:

# Leiðinlegt að þurfa að fella svona dýr

„Tarfurinn var fastur svo það var ekkert hægt að gera í stöðunni annað en skjóta hann,“ segir Sævar Guðjónsson, leiðsögumaður með hreindýraveiðum, en hann rakst á hreindýrstarf á Áreyjatindi á dögunum sem var illa flæktur í rafgirðingavír.

„Við sjáum dæmi um þetta annað slagið og sem betur fer er stundum hægt að hjálpa dýrunum. Einu sinni skaut ég hornin af tarfi til þess að losa hann við svona flækju en í þessu tilfelli var vírinn flæktur um háls og fætur dýrsins svo það var ekki nokkur leið að losa hann. Vírinn særir skepnurnar með tímanum og þessi grey fá ekki penisilín eins og við svo það borgar sig að fella þau áður en þau fara að þjást, þótt það sé vissulega leiðinlegt,“ segir Sævar.

Sævar segir að hreindýraveiðitímabilið fari rólega af stað en veiðar hafi gengið vel. „Þau dýr sem ég hef séð eru í mjög góðu ástandi og þeir tarfar sem við höfum skotið hér niðri á fjörðunum eru feitir og flottir,“ segir Sævar sem býst við að traffíkin aukist þegar líður á mánuðinn.

Þann 1. ágúst höfðu verið veiddir 67 tarfar og ein kýr. Kvóti ársins hljóðar upp á 577 kýr og 560 tarfa en heimilt er að veiða hreindýr til 15. september. - þo



**MEÐ ALLT Á HORNUM SÉR** Vírinn var flæktur illa um horn dýrsins, höfuð og fætur og ekki annað hægt að gera en fella það. MYND/SÆVAR GUÐJÓNSSON



**BREKKUSÖNGUR** Þingmaðurinn og Vestmannaeyingurinn Árni Johnsen hélt uppi fjörinu með sínum fræga brekkusöng á Þjóðhátíð í Eyjum. Í ár gat fólk tekið undir um allt land því söngnum var útvarpað á Rás 2. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

## HELGIN Í MÁLI & MYNDUM



**FJÖR Á NEISTAFLUGI** Fjölmennt var á stórdansleik í íþróttahúsinu í Neskaupstað þar sem hljómsveitin Buff spilaði. FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR GUNNARSSON



**Í GÓÐU STUÐI** Þessi ungi maður virtist skemmta sér ágætlega í miðbæ Akureyrar. FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL



**BEÐIÐ EFTIR LEIGUBÍL** Mikil röð myndaðist undir morgun við Bifreiðastöð Oddeyrar á Akureyri þar sem fólk beið eftir því að ná leigubíl heim. FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL


*Fáðu meira fyrir ferðina*

*Velkomin í Flugstöð Leifs Eiríkssonar*



*Aukið rými og bætt þjónusta í Flugstöð Leifs Eiríkssonar*

*Umfangsmiklar breytingar hafa staðið yfir á Flugstöð Leifs Eiríkssonar síðustu misserin. Verslunar- og þjónusturýmið hefur riflega tvöfaldast og fjölmargir nýir rekstraraðilar bæst í hópinn. Veitingastöðum fjölgar jafnt og þétt og úrval verslana og vöruframboð hefur aldrei verið glæsilegra.*

*Fáðu meira – mættu fyrr!*

*Við hvetjum alla farþega til þess að mæta tímanlega og njóta alls þess sem Flugstöð Leifs Eiríkssonar hefur upp á að bjóða. Hægt er að nálgast upplýsingar um þjónustu flugstöðvarinnar á airport.is.*

*Munið! Innritun hefst 2 tímum fyrir brottför!*

ferð til fjár
FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR

ÍSLENSKA SIA.IS FLE 37703 06/07

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Aflamarkskerfið.

## Minnihlutaráð

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Lítið hefur farið fyrir umfjöllun og umræðum um skoðanakönnun sem nýlega var birt um stuðning og andstöðu við aflamarkskerfið í fiskveiðum. Niðurstaðan er mjög afgerandi: Yfirgnæfandi meirihluti er óánægður með kerfið en aðeins fimmtán af hundraði lýsa ánægju.

Það sem meira er: Skoðanakannanir um þetta efni hafa frá upphafi vega verið á þennan veg. Rökrétt er í því ljósi að spyrja hvers vegna þetta almenna viðhorf hefur aldrei endurspeglast í ákvörðunum Alþingis. Furðu gegnir að menn hafa ekki svo heitið geti leitað svara við þessari spurningu í þann aldarfjórðung sem þetta markaðskerfi við fiskveiðistjórnun hefur verið að mótast.

Á þessum tíma hafa allir flokkar átt aðild að ríkisstjórn. Sennilega hefur aldrei verið óþvingaður meirihluti fyrir málinu á Alþingi. Meirihluti stjórnarmeirihluta á hverjum tíma hefur borið þessa ábyrgð. Með öðrum orðum: Stærsti minnihlutinn meðal þjóðarinnar og á Alþingi hefur ráðið för.

Þetta þýðingarmikla mál hefur verið helsta hitaefni stjórnmálaumræðunnar og helsta kosningamál í öllum kosningum þar til í vor sem leið. Hvernig má vera að stærsti minnihluti þjóðar og löggjafarsamkomu geti haft svo afgerandi áhrif á mál sem þannig er vaxið? Virkar lýðræðið ekki?

Svarið við þeirri spurningu er í sjálfu sér afar einfalt. Á öllum þessum tíma hefur engum tekist að safna liði að baki öðrum kosti er hefði jafnmikið eða meira fylgi en aflamarkskerfið hvað þá meirihluta. Þessi kalda staðreynd segir um leið alla sögu um styrk röksemdafærslunnar fyrir óánægjunni.

Gott dæmi um þennan pólitíska veruleika eru yfirlýsingar tveggja úr hópi áhrifamestu stjórnmálamanna landsins, forseta Alþingis og formanns borgarráðs. Báðir fengu þjóðarlof snemma sumars fyrir afdráttarlausa gagnrýni á aflamarkskerfið. Hún var almennt talin bera vott um víðsýni og pólitískan styrk.

Hvorugur þessara virtu stjórnmálamanna hefur á hinn veginn látið sér til hugar koma að lyfta litla fingri til að knýja á um breytingar þar sem þeir sitja og hafa áhrif og völd. Ástæðan er einföld. Báðir vita að um leið og þeir útfæra tillögur um annan kost lenda þeir í litlum minnihluta og kalla yfir sig óánægju þorra þjóðarinnar. Stjórnmál eru list.

Þegar Alþýðuflokkurinn var smáflokkur hafði hann forystu um gagnrýni á fiskveiðistjórnunarkerfið. Eigi að síður minnkaði kjörfylgið og hann er ekki lengur til. Eftir að Samfylkingin varð stór flokkur lýsti hún yfir stuðningi við stöðugleika í sjávarútvegsmálum og á nú aðild að ríkisstjórn á þeirri forsendu.

Þegar Framsóknarflokkurinn var stór flokkur hafði hann forystu um það markaðskerfi við fiskveiðistjórnun sem er við lýði. Nú er hann orðinn að litlum flokki. Í samræmi við þá breyttu stöðu byrjaði hann fyrir síðustu kosningar að skírskota til óánægjunnar með aflamarkskerfið. Samt sem áður heldur fylgið áfram að minnka jafnvel eftir að í stjórnarandstöðu er komið.

Sama skoðanakönnun og sýnir yfirgnæfandi óánægju með aflamarkskerfið geymir þá þverstæðukenndu niðurstöðu að aðeins fjórðungur vill afnema það og enginn einn annar kostur hefur meira fylgi.

Ályktunin sem af þessu má draga er sú að umræður um þetta mikilvæga viðfangsefni í íslenskum stjórnmálum mættu í ríkari mæli en verið hefur byggja á köldum staðreyndum og í minna mæli á heitum tilfinningum.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365
**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson.
Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Er þetta heimildin?**
Saving Iceland-hópurinn, sem staðið hefur fyrir mótmælaaðgerðum gegn stóriðju, hefur átt í illdeilum við Ríkisútvarpið, vegna þeirrar fullyrðingar fréttastofu RÚV – sjónvarps að mótmælendur í hópnum fái greitt fyrir að mótmæla. Þetta var fullyrt í kvöldfréttatíma Sjónvarpsins 26. júlí og tekið sérstaklega fram að mótmælendur fengju aukalega greitt væru þeir handteknir. Því er velt upp í heilsíðugrein í Lesbók Morgunblaðsins sem enginn er skrifaður fyrir hvort smáauglýsing geti verið heimild RÚV fyrir þessari fullyrðingu. Auglýsingin hljóðar svo: „Atvinnumótmælendur vantar núna. Reynsla æskileg en allir velkomnir. Borgað samkvæmt taxta, bónus fyrir kranaklifur. Sendið umsókn á atvinnumotmaelandi@gmail.com.“



**Tryggja sér gistingu**
Jón Helgi Guðmundsson, eigandi Kaupáss, keypti sér nýlega hús á Dalvík og gerði kröfu um að geta notað það frá 8. ágúst. Heimamenn gantast með það sín á milli að Jón Helgi hafi gert þetta til þess að tryggja sér örugga gistingu fyrir Fiskidaginn mikla á Dalvík sem haldinn verður hátíðlegur 11. ágúst, en hann hefur notið mikilla vinsælda á undanförnum árum.



**Bloggfrí – því ekki fyrr?**
Stefán Friðrik Stefánsson, einn vinsælasti bloggari landsins, er farinn í bloggfrí. Af síðustu átján færslum Stefáns, sem fær tæplega 1.500 heimsóknir á dag á síðu sína, hefur hann sextán sinnum endursagt fréttir af mbl.is í bloggfærslum sínum. Spurningin er, hvort Stefán hefði átt að fara fyrr í frí?

magnush@frettabladid.is

# Nató-fenið í Afganistan



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON
**Í DAG** | Afganistan

Nató-leiðangurinn í Afganistan, undir forystu Bandaríkjanna og á þeirra forsendum, er þegar orðinn að u.þ.b. eins fullkominni martröð og hugsast getur. Frá fyrstu tíð höfðu margir efasemdir um að Bandaríkin og Vesturlönd myndu ríða feitari hesti frá leiðangri sínum þangað en Rússar gerðu á sinni tíð. Burtséð frá afar hæpnu réttmæti þess að hefja loftárásirnar á Afganistan á sínum tíma í kjölfar atburðanna 11. september 2001 spurðu margir hvort yfirhöfuð væri raunsætt að ætla að aðferðafræði haukanna í Bandaríkjunum myndi skila árangri og hverjar fórnirnar yrðu. En það var hafist handa og sprengjum var látið rigna úr háloftunum yfir þetta vanþróaða land, Afganistan, vikum saman. Mótspyrna brotin á bak aftur í helstu borgum og samvinnuþýðri ríkisstjórn komið á laggirnar. Það reyndist auðveldara að heyja stríðið en eiga við eftirleikinn.

**Tilgangslaust blóðbað**
Samkvæmt hinum nýju formúlum Bandaríkjamanna höfðu þeir forgöngu um stríðið, sáu að mestu um sprengingarnar og ræstu síðan Nató út til að að hreinsa upp eftir sig. Nú brjótast Nató-ríkin um á hæl og hnakka, fórna lífi hermanna sinna í meira og minna tilgangslausri baráttu, ungt fólk fellur nær daglega sem óvelkomnir gestir í framandi landi. 420 Bandaríkjamenn, 68 Bretar, 66 Kanadamenn, 25 Þjóðverjar, 21 Spánverji o.s.frv. eru fallnir frá því stjórn talibana var komið frá 2001. Og það sem verra er: Mannfall óbreyttra borgara sökum aðgerða Natóherjanna er stórfellt. Deilt er um hversu mörg þúsund eða jafnvel tugir þúsunda óbreyttra borgara hafi fallið frá því átökin hófust en hafið er yfir vafa að í ýmsum aðgerðanna hafa allt eins margir eða fleiri óbreyttir borgarar fallið en raunverulegir liðsmenn talibana eða annarra andófsafla gegn hinni erlendu hersetu. Undangengið eitt og hálft ár er talið að 6.500 manns a.m.k. hafi fallið og ekki er fjarri lagi að álykta að fullur helmingur hafi verið óbreyttir borgarar.

**Þverrandi stuðningur**
Þetta stríð eru Vesturlönd að heyja meira og minna í óþökk og í andstöðu við íbúa viðkomandi svæða og ráðandi öfl þar. Yfirleitt hefur sýnt sig að slík barátta er vonlaus. Sjálfum erkifjendunum, talibönum, vex fiskur um hrygg og ópíumframleiðsla í skjóli uppreisnar- og stríðsherra og héraðshöfðingja hefur náð fyrri hæðum og rúmlega það.

Þó svo eigi að heita að ríkisstjórn Karzai ráði Kabúl, nærliggjandi svæðum og að einhverju leyti ferðinni í stærstu borgum er þó enginn afgangur af því. Þegar út í héröðin kemur og einkum landamærasvæðin milli Afganistans og Pakistans er hið gagnstæða uppi á teningnum. Flótti virðist vera við það að bresta á í Nató-liðinu og þverrandi stuðningur heima fyrir við áframhaldandi þátttöku í aðgerðunum verður æ meira áberandi í umræðum um málið, t.d. í nágrannalöndunum Noregi og Danmörku.

**Staða Íslands verði endurmetin**
Ófarirnar í Afganistan eru stærsta og alvarlegasta dæmið um afleiðingar hinnar nýju stefnu þegar Nató var breytt úr svæðisbundnu varnarbandalagi í alheimshernaðarbandalag og aðila sem skyldi láta til sín taka í fjarlægum heimsálfum, skv. forskrift Bandaríkjamanna, hinnar árásargjörnu aðferðafræði, hugmyndanna um fyrirbyggjandi styrjaldir og allt það. Er þetta nýja Nató virkilega sá félagsskapur sem við eigum heima í í ljósi atburðanna í Írak, Afganistan og víðar? Væri ekki hyggilegast fyrir okkur að staldra við og byrja á því, þó ekki væri annað, að kalla alla Íslendinga heim frá Afganistan, a.m.k. alla þá sem eru þar á forsendum eða í tengslum við Nató? Af nógu er að taka á vettvangi borgaralegrar, friðsamlegrar þróunarsamvinnu og hjálparstarfs, bæði þar og annars staðar, þó svo við látum öðrum eftir að standa í slíku á hernaðarforsendum. Minna má á, í þessu sambandi, þær breytingar sem Alþingi sameinaðist um að gera á frumvarpi til laga um íslensku friðargæsluna. Þar var tekinn af allur vafi um að sú starfsemi skuli skilgreind sem borgaraleg og vera á slíkum forsendum.

*Höfundur er formaður Vinstri grænna og situr í utanríkismálanefnd.*

# Binding til bóta

**UMRÆÐAN**
Kolviðarverkefnið



TRYGGVI FELIXSON

Undanfarin 200 ár eða svo hefur maðurinn með athöfnum sínum raskað kolefnishringrás jarðar. Þessi röskun, sem felur í sér uppsöfnun koldíoxíðs í andrúmsloftinu, veldur örri hlýnun jarðar og umtalverðum breytingum á lífsskilyrðum. Afleiðingar geta í versta falli orðið skelfilegar fyrir afkomendur okkar.

Það eru fyrst og fremst tvær ástæður fyrir þessari alvarlegu þróun. Annars vegar, og það er meginástæðan, brennsla á kolefniseldsneyti eins og olíu, kolum og jarðgasi. Hins vegar mikil gróður- og jarðvegseyðing. Nýleg úttekt bendir til að um 20% af árlegri losun kolefnis af mannavöldum sé vegna gróður- og jarðvegseyðingar.

Allur gróður bindur kolefni. Það gerir jarðvegur einnig. Þess vegna var þannig gengið frá málum í hinu margumtalaða Kyoto-samkomulagi, sem setur samfélagi þjóðanna reglur um losun gróðurhúsalofttegunda, að aðgerðir til að auka bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri megi tilgreina í losunarbókhaldi einstakra ríkja. Möguleikar til að auka bindingu í gróðri og jarðvegi hafa náttúrulegar takmarkanir. Því getur binding alls ekki komið í stað þess að takmarka eða draga úr losun koltvíoxíðs eða annarra gróðurhúsalofttegunda. En það gagnast í þeirri nauðsynlegu viðleitni að draga úr röskun kolefnishringrásar jarðar að innleiða hvetjandi aðgerðir til að binda kolefni í gróðri og jarðvegi. Í alþjóðasamþykktum um þetta mál er tilgreint að aðgerðir til að binda kolefni skuli vera samræmanlegar við önnur markmið í umhverfismálum svo sem að varðveita líffræðilega fjölbreytni.

Kolviður (www.kolvidur.is) er sjóður sem Landvernd og Skógræktarfélag Íslands hafa stofnað í þeim tilgangi að gefa almenningi og fyrirtækjum tækifæri til að taka virkan þátt í að fjármagna framtak til að bæta jafnvægið í kolefnisbúskap jarðar. Starfsemi sjóðsins lýtur ströngum reglum um náttúruvernd og bókhald, bæði fjárhagslegt sem og bókhald um raunverulegan árangur. Tiltekið landsvæði hefur verið valið sem fyrsta ræktunarsvæðið og öflug fyrirtæki lagt málinu lið til að koma verkefninu af stað. Sjóðurinn nýtur velvildar stjórnvalda og sá árangur sem næst í bindingu verður eflaust tilgreindur í losunarbókhaldi Íslands þegar fram líða stundir.

Stjórnir Landverndar og Skógræktarfélagsins vita að binding kolefnis í gróðri og jarðvegi kemur ekki í stað annarra mikilvægra aðgerða eins og að bæta orkunýtni, draga úr sóun og innleiða nýja tækni og mengunarfría orku.

Landvernd hefur unnið víðtæka úttekt á losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi. Í henni var binding kolefnis í jarðvegi og gróðri tilgreind sem ein af mörgum aðgerðum sem grípa má til til að koma í veg fyrir hættulega röskun á loftslagi jarðar. Samtökin hafa því ákveðið að taka virkan þátt í þessu starfi með því að byggja upp sjóðinn Kolvið til að fjármagna ræktunarstarf og bindingu kolefnis. Takist vel til getur verkefnið skilað margþættum árangri; aukið bindingu kolefnis, bætt landkosti og stuðlað að umræðu og vitundarvakningu um vanda og lausnir vegna vaxandi gróðurhúsaáhrifa. Kolviður gefur ekki út „aflátsbréf“ til einstaklinga og fyrirtækja frá þeirri ábyrgð að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að draga úr þeim mikla vanda sem jarðarbúar standa frammi fyrir vegna losunar gróðurhúsalofttegunda. Viðfangsefnið kallar á fjölþættar aðgerðir sem stjórnvöld, fyrirtæki og einstaklingar geta og ber að grípa til að draga úr þeim vanda sem blasir við komandi kynslóðum. Um þær má lesa á heimasíðu Landverndar.

*Höfundur er auðlindahagfræðingur og situr í fagráði Kolviðar og Landverndar.*

# Er kristinfræðikennsla trúboð?

UMRÆÐAN

Kristinfræði



STEINDÓR J. ERLINGSSON

Kristinfræði er hluti af skyldunámsefni grunnskólanna. Í aðalnámsskrá segir að skólinn sé „fræðslustofnun en ekki trúboðsstofnun og er því fyrst og fremst ætlað að miðla þekkingu og auka skilning á kristinni trú og öðrum trúarbrögðum“. Eins og ég mun sýna hér fram á virðist námsefnið sem börnum okkar er boðið upp á í kristinfræði ganga á skjön við þennan skýra vilja löggjafans.

Margir fræðimenn hafa bent á að guð Gamla testamentisins sé frekar ógeðfelld „persóna“, sem meðal annars stundaði þjóðarmorð, nokkuð sem guðfræðiprófessorinn Hector Avalos fjallar ítarlega um í bókinni „Fighting Words: The Origins of Religious Violence“. Með þetta í huga er fróðlegt að skoða hvernig þessi guð og ofbeldið sem hann framkvæmir er sett fram í kennslubókum. Í bókinni „Birtan“, sem ætluð er fjórða eða fimmta bekk, er ýtarlega fjallað um dvöl gyðinga í Egyptalandi og baráttu þeirra til að losna þaðan, án þess þó að þar komi fram að rannsóknir síðustu áratuga hafi leitt í ljós að hún eigi sér líkast til enga stoð í raunveruleikanum, eins og fram kemur í „The Bible Unearthed“ eftir fornleifafræðingana I. Finkelstein og N. A. Silberman.

Hvort sem þetta endurspeglar fáfræði höfundanna eða er hluti af meintu trúboði þeirra þá er þetta léttvægt í samanburði við þá staðreynd að nemendum er kennt að ofbeldið sem guð framkvæmir í sögunni sé réttlætanlegt. Fjallað er um plágurnar sem guð sendi yfir Egypta og að eftir hverja þeirra hafi faraó lofað að sleppa gyðingunum en jafnharðan svikið loforðið. Að lokinni þessari frásögn eru bornar fram spurningar. Í loka spurningunni er guð hreinsaður af ábyrgð á eigin illvirkjum og hún færð yfir á faraó, þegar spurt er: „Er einhvern tíma í lagi að svíkja loforð?“ Þessi óhjákvæmilega túlkun kemur skýrt fram í kennarahandbókinni (bls. 10).

Spurningin sem þetta vakti upp hjá mér var hvort þessi hvítþvottur á ofbeldi guðs Gamla testamentisins sé undanfari þess að réttlæta fyrir grunnskólanemendum heimsendahugmyndafræðina sem fram kemur í Nýja testamentinu og illvirkin sem henni fylgja, sbr. grein mína „Enn um Jesúm og heimsendi“ (Fbl. 23/07/07). Með þetta í huga renndi ég yfir bókina „Upprisan og lífið“, sem ætluð er nemendum í sjöunda bekk, veturinn áður en þau taka endanlega ákvörðun um hvort þau ætla að fermast. Þessi tilgáta stóðst hins vegar ekki nánari skoðun.

Í bókinni er ekkert fjallað um að stór hópur virtra fræðimanna hafi í gegnum tíðina litið á Jesúm sem heimsendaspámann. Engin fræðsla er um deilurnar sem áttu sér stað innan frumkristninnar um hvers eðlis Jesú var og hvernig bæri að túlka boðskap hans, né að Nýja testamentið hafi verið sett saman á fjórðu öld af sigurvegurum þessara deilna, sem hinn heimsþekkti guðfræðiprófessor Bart Ehman gerir að umtalsefni í „Lost Christianities“. Ekkert er rætt um að fræðimenn hafi frá því á nítjándu öld vitað að Markúsarguðspjallið sé „elst guðspjallanna og að Matteus og Lúkas hafi báðir m.a. lagt Markús til grundvallar sögum sínum um Jesúm“. Þetta er mjög mikilvægt atriði því eins og Ehman bendir á í „Misquoting Jesus“ gerir þessi vitneskja okkur kleift að „sjá hvernig þessir síðari höfundar breyttu Markúsi“. Ein þessara breytinga fólst í að „mýkja“ heimsendaboðskapinn sem fram kemur í Markúsi, eins og Ehrman bendir á í bókinni „Jesus“. Enn fremur er ekkert fjallað um að frásagnir guðspjallanna af meintri upprisu Jesú séu svo misvísandi að rök þeirra sem trúa sögunni séu, eins og Ehrman bendir á, „guðfræðileg eða persónuleg, ekki sagnfræðileg“. Í stað alls þessa, og raunar enn fleiri atriða, lesa grunnskólabörn gagnrýnislausa umfjöllun um Matteusarguðspjall (handbók kennara bætir engu við).

Þessi upptalning er sterk vísbending um að kristinfræðinámsefnið sé sniðið að þörfum Þjóðkirkjunnar og vilja hennar til að viðhalda kristni hér á landi og brjóti þar með gegn þeirri sjálfsögðu kröfu að námsefni endurspegli það sem best er vitað sem og ólík sjónarmið fræðimanna. Athugasemdirnar sem hér koma fram renna einnig frekari stoðum undir gagnrýnina sem ég setti fram í greininni „Viðheldur fáfræði kristninni?“ (Fbl. 16/07/07). Það má því færa rök fyrir því að námsefni sjöunda bekkjar brjóti gegn vilja löggjafans um að skólinn eigi ekki að vera trúboðsstofnun. Vilja foreldrar láta bjóða sér þetta?

*Höfundur er vísindasagnfræðingur.*

# Vantar óvin

UMRÆÐAN

Heræfingar



SIGURÐUR FLOSASON

Við hvað er Ingibjörg Sólrún hrædd? Hún sem ekki hefur ennþá orðið sér úti um óvin fyrir Íslendinga.

Í Bréfi til Láru lýsir Þórbergur Þórðarson hræðslu á þessa leið:

„Fyrir nokkrum árum bjó ég í húsi sem stóð við fjölfarna götu. Ég hafði til íbúðar stóra stofu og lítið svefnherbergi...

Í þessari vistarveru var ég aldrei óhræddur um líf mitt...

Hræðsla mín við morðingja keyrði alveg um þverbak...

Einkum sótti hún að mér eftir að fór að skyggja af nóttu. Hún sat alls staðar fyrir mér. Hún óð að mér úr hverjum krók og kima. Hún hékk utan á hverjum ókunnum manni sem fyrir augu mín bar í myrkri. Hún læddist í sporin mín á götunni. Hún sat fyrir mér í dimmum göngum. Hún fól sig bak við ofninn. Hún lá í leyni undir rúminu. Hún sat fyrir mér undir legubekknum. Ég var hvergi óhultur.

En mestur stuggur stóð mér þó af gluggunum. Ég gekk aldrei upprréttur fyrir stofugluggana eftir að ég var búinn að kveikja ljós á kvöldin. Hvenær sem ég þurfti að fara fyrir annanhvorn gluggann skreið ég á fjórum fótum á gólfinu. Skrifborðið mitt stóð úti við vegginn á milli glugganna. Ég þorði aldrei fyrir mitt litla líf að sitja við það á kvöldin...

Þessvegna hnipraði ég mig saman við vinnu mína á dívansgarmi úti í horni og þó var það sannarlega ekki hættulaust. Meðan ég afklæddi mig sat ég flötum beinum á gólfinu undir skrifborðinu og skreið svo upp í rúmið með einstakri varúð.“

Vonandi á þessi lýsing ekki við ástand Ingibjargar Sólrúnar utanríkisráðherra, en hvað eiga menn að halda þegar hún vill eyða milljónatugum í heræfingar til að geta látið drepa óvininn ef við skyldum geta orðið okkur úti um hann?

Að æfa morðingjasveitir á Íslandi á kostnað skattgreiðenda vegna svona hysteríu á ekki að líðast. Það er nær að þeir sem eru haldnir henni, hvort sem þeir eru núverandi eða fyrrverandi utanríkisráðherrar eða aðrir, fái viðeigandi heilbrigðisþjónustu.

Það kostar allavega minna.

*Höfundur er bílstjóri.*




# TÖLVU TILBOÐ

## Ferðatölvur og borðtölvur í miklu úrvali • Frábær tilboð




### ACER 5100

- AMD Dual Core X2 TL50 1.6GHz
- 1GB DDR2 533MHz minni
- 120GB ATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15,4" WXGA CrystalBrite skjár
- 256MB Radeon Xpress 1100
- 5 í 1 minniskortalesari
- Windows VISTA Home Premium

Öflug ferðatölva frá Acer með tveggja kjarna örgjörva, stórum harðdisk og góðu skjákorti. Tilvalin í skólan á frábæru verði!

**79.900**

VE12 **7.789** Á MÁN | VE LÁN Í 12 MÁNUÐI




### ACER 7520 A

- AMD Dual Core X2 TL53 1.7GHz
- 2GB DDR2 667MHz minni
- 120GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17" WXGA+ CrystalBrite skjár
- 256MB GeForce Go7000 skjákort
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

Ný kynslóð af ferðatölvum frá Acer með tveggja kjarna örgjörva, FireWire, vefmyndavél og 2.1 Dolby hljóðkerfi

**99.900**

VE24 **5.356** Á MÁN | VE lán í 24 mánuði




### ACER 5720G B

- Intel Core 2 Duo T7100 1.8GHz
- 2GB DDR2 667MHz minni
- 160GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4" WXGA+ CrystalBrite skjár
- 256MB ATI HD X2300 skjákort
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

Intel Santa Rosa tækni með 54Mbps þráðlausu neti, FireWire, DVI HDCP og 2.0 Dolby Home Theatre hljóðkerfi

**129.900**

VE36 **5.017** Á MÁN | VE lán í 36 mánuði




### PACKARD BELL SB86

- Intel Core 2 Duo T7300 2.0GHz
- 2GB DDR2 667MHz minni
- 320GB Dual SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17" WXGA Diamond View skjár
- 512MB GeForce 8600GS skjákort
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

Intel Santa Rosa tækni með 300Mbps þráðlausu neti, BlueTooth, FireWire, HDMI, 2.1 hljóðkerfi, sjónvarpskort og fjarstýring

**159.900**

VE48 **4.965** Á MÁN | VE lán í 48 mánuði




### GIGABYTE GZ Entry

- AMD Sempron 64-Bit 3000+
- 512MB DDR 400MHz OCZ minni
- 160GB SATA2 8MB harðdiskur
- 18xDVD SuperMulti skrifari
- 128MB GeForce 6100 skjástýring
- 7.1 Dolby Digital DTS hljóðstýring
- 10/100 netkort og 6xUSB2
- Windows VISTA Home Basic

**37.900**

VE12 **3.826** Á MÁN | VE lán í 12 mánuði




### GIGABYTE Triton #2

- Intel Core 2 Duo E4300 - 2MB
- 2GB DDR2 667MHz OCZ minni
- 320GB SATA2 16MB NCQ diskur
- 22" WideScreen skjár 700:1 5ms
- 256MB 8400GS skjákort SilentPipe
- 7.1 Dolby Digital DTS hljóðstýring
- Logitech þráðlaust lyklaborð og mús
- Windows VISTA Home Premium

**112.900**

VE24 **6.020** Á MÁN | VE lán í 24 mánuði




### # 2 GIGABYTE Poseidon

- Intel Core 2 QUAD Q6600 - 8MB
- Intel P35-DS3 1333FSB móðurb.
- 2GB DDR2 800MHz OCZ minni
- 500GB SATA2 16MB NCQ diskur
- 320MB GeForce 8800GTS skjákort
- 7.1 HD Dolby Digital DTS hljóðstýring
- Hljóðlátur 500W hágæða aflgjafi
- Windows VISTA Home Premium

**129.900**

VE36 **5.017** Á MÁN | VE lán í 36 mánuði




### # 3 GIGABYTE Poseidon

- Intel Core 2 QUAD Q6600 - 8MB
- 2GB DDR2 800MHz OCZ minni
- 500GB SATA2 16MB NCQ diskur
- 22" WideScreen skjár 700:1 5ms
- 256MB GeForce 8600GT skjákort
- 7.1 HD Dolby Digital DTS hljóðstýring
- Logitech þráðlaust lyklaborð og mús
- Windows VISTA Home Premium

**149.900**

VE48 **4.670** Á MÁN | VE lán í 48 mánuði

VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi inniföldu. Birt með fyrirvara um breytingar, villur og myndabrengl


GIGABYTE
Triton 3
Til afgreiðslu
Strax
á meðan birgðir endast
ATHUGIÐ!
RAÐGREIÐSLUR
TIL ALLT AÐ 48
MÁNAÐA
GIGABYTE TRITON 3 OFURTÖLVUTILBOÐ
Intel Core 2 Duo
Nýjasta kynslóð Core2 Duo örgjörva með1333 FSB og enn meiri afköst í mörgum forritum í einu
2GB DDR2 OCZ
System Elite minnið frá OCZ er með XTC kopar spegluðum kæliplötum og með lífstíðarábyrgð
256MB 8500GT
Öflugt 256MB GeForce 8500GT DX10 skjákort með SilentPipe2 100% hljóðlausri kælitækni
22"WIDESCREEN
Glæsilegur 22" WideScreen skjár frá Acer með 700:1 í skerpu og 5ms viðbragðstíma
VISTA PREMIUM
Ótrúlegt nýtt grafískt viðmót, meira öryggi, fullkomnir leitarmöguleikar og fleiri nýjungar
NÝJASTA TÆKNIN
Hlaðin öllum helstu nýjungum og klár í alla alvöru vinnslu, leiki og kvikmyndir
• Intel Core 2 Duo E6550 2.33GHz 4MB
• 2GB DDR2 667MHz OCZ vinnsluminni
• 500GB SATA2 16MB NCQ harðdiskur
• 18xDVD SuperMulti DL skrifari
• 22" WideScreen LCD 5ms 700:1 skjár
• 256MB 8500GT Silent Pipe2 skjákort
• 7.1 HD Dolby Digital DTS hljóðstýring
• 2.1 Creative SBS380 hátalarakerfi
• Þráðlaust lyklaborð og mús frá Logitech
• Windows VISTA Home Premium
129.900
VE24
6.889
VE LÁN Í 24 MÁNUÐI
TÖLVUTEK
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

**KRISTIN HERSH ER 41 ÁRS Í DAG**

*„Karlar mega semja lög um fólk meðan konum leyfist að semja lög um konur."*

***Kristin Hersh***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 7. ÁGÚST ÁRIÐ 1727

## *Eldur uppi í Öræfajökli*

Stórt eldgos hófst í Öræfajökli þennan dag árið 1727 er stóð í tæpt ár en fyrstu þrír dagarnir voru skelfilegastir. Þá var öskufall svo mikið að vart sá skil dags og nætur. Jón Þorláksson prestur var í Sandfelli í Öræfum á þessum tíma og hér er gripið niður í frásögn hans af atburðum.

„…sjálfur jökullinn braust fram og bárust sumir jakarnir allt í sjó fram, en hinir stærri stóðu rétt við fjallsræturnar. Þessu næst fylltist loftið af eldi og ösku með óaflátanlegum brestum og braki; var askan svo þétt, að engi sást munur dags og nætur af myrkri því sem hún olli, hið eina ljós sem sást var bjarminn af eldi þeim, sem upp var kominn í 5 eða 6 fjallaskorum. Í 3 daga samfellt var Öræfasókn þjáð á þennan hátt með eldi, vatni og öskufalli. Þó er ekki létt að lýsa þessu eins og það var, því öll jörðin var svört af vikursandi, og ekki hættulaust að ganga úti sakir glóandi steina, sem rigndi úr loftinu, og báru sumir því fötur og kollur á höfðinu sér til hlífðar. Hinn 11. sama mánaðar tók ögn að rofa til í byggðinni, en eldur og reykur stóð upp úr jöklinum."



ÖRÆFAJÖKULL

**MERKISATBURÐIR**

- **1959** Fyrsta ljósmyndin var tekin af jörðinni úr gervihnetti.
- **1960** Vilhjálmur Einarsson, síðar skólameistari, stökk 16,70 metra í þrístökki sem var næstlengsta stökk í heimi á þeim tíma.
- **1991** Afnot af netinu bjóðast í fyrsta sinn almenningi.
- **1997** Fyrsti íslenski geimfarinn, Bjarni Tryggvason, hélt í geimferð með Discovery.
- **1998** Bandarísk sendiráð í Keníu og Tansaníu voru sprengd samtímis. Um 200 létust.
- **2000** Flugvél á leið frá Vestmannaeyjum fórst í Skerjafirði. Sex létust í slysinu og í kjölfar þess.

AFMÆLI



**Andrés Indriðason,** rithöfundur og dagskrárgerðarmaður, er 66 ára.



**Geir Hallsteinsson** íþróttakennari er 61 árs.




**70 ára afmæli**

**Steinar Már Clausen**

er sjötugur í dag. Hann verður að heiman.





†

*Elsku pabbi okkar, sonur, bróðir, mágur og barnabarn,*

**Davíð Guðmundsson**
Dalbrún 3, Fellabæ,

sem lést mánudaginn 30. júlí, verður jarðsunginn frá Lágafellskirkju í dag, þriðjudaginn 7. ágúst, kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir.

**Guðmundur Davíðsson**
**Viktoría Emma Davíðsdóttir**
**Guðmundur Davíðsson** **Sjöfn Eggertsdóttir**
**Guðbjörg Guðmundsdóttir** **Haukur Guðjónsson**
**Ingibjörg Guðmundsdóttir**
**Guðbjörg Valdimarsdóttir**





†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hörður Haraldsson**
húsasmíðameistari,

sem lést sunnudaginn 29. júlí, verður jarðsunginn í Langholtskirkju, miðvikudaginn 8. júlí.

**Ólof Kolbrún Harðardóttir** **Jón Stefánsson**
**Haraldur Harðarson**
**Björk Lind Harðardóttir**
**Harpa Harðardóttir** **Brynjar Freyr Stefánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**





†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Kristinn Þ. Hallsson**
óperusöngvari

verður jarðsunginn frá Langholtskirkju miðvikudaginn 8. ágúst nk. kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

**Guðrún Kristinsdóttir** **Brynjar V. Dagbjartsson**
**Sigurður Kristinsson**
**Anna Bryndís Kristinsdóttir** **Vernharður Linnet**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




**DÚKKULÍSUR** Sveitina skipa Erla Ragnarsdóttir, Gréta Sigurjónsdóttir, Guðbjörg Pálsdóttir, Erla Ingadóttir, Harpa Þórðardóttir, Hildur Viggósdóttir og Adda María Jóhannsdóttir.

**DÚKKULÍSUR:** FAGNA 25 ÁRA AFMÆLI MEÐ TÓNSMIÐJU OG DISKI

# Heiða með botninn breiða var eitt fyrsta frumsamda lagið

Hljómsveitin Dúkkulísur sem dúkkaði upp á Egilsstöðum fyrir 25 árum er ein af fáum kvennahljómsveitum á landinu og sú sem starfað hefur lengst. Hún ætlar að halda upp á aldarfjórðungsafmælið með tónsmiðju á Egilsstöðum 8., 9. og 10. ágúst sem eingöngu er ætluð stúlkum á aldrinum 12 til 18 ára. Að sögn Erlu Ragnarsdóttur, söngkonu Dúkkulísa, er hugmyndin að koma nokkrum kvennasveitum á koppinn á þessum þremur dögum, hvort sem það verða slagverkskombó, dúettar eða tríó. Bara að það heiti hljómsveit. „Við sköffum hljóðfæri og veitum leiðsögn," tekur hún fram. En þurfa stúlkurnar ekki að hafa einhverja undirstöðu? „Ja, ekkert endilega," svarar Erla. „Við kunnum lítið sem ekkert á sínum tíma, höfðum bara óbilandi áhuga. Það þarf því engin sérstök próf í þetta heldur einungis áhugann og gleðina."

Kennslan fer fram í höfuðstöðvum Tónskóla Fljótsdalshéraðs að sögn Erlu. „Þau bönd sem verða til þarna troða svo upp á afmæli Egilsstaðabæjar 25. ágúst með okkur Dúkkulísunum og nýrri kvennahljómsveit úr Hafnarfirði sem heitir Vicky Pollard," segir hún og heldur áfram. „Þá verða stórtónleikar í tjaldi og þar ætlum við Dúkkulísur að kynna nýtt efni því við erum líka að gefa út disk sem heitir Dúkkulísur 25. Á honum eru 18 lög bæði gömul og ný. Að kvöldi 25. spilum við svo á stórdansleik ásamt öðrum böndum."

Erla segir Dúkkulísur hafa bólgnað út á síðustu árum. „Við bættum við okkur slagverksleikara fyrir fjórum árum og svo gekk gamli hljómborðsleikarinn okkar til liðs við sveitina fyrr á þessu ári þannig að við erum orðnar sjö," útskýrir hún. En nú búa aðeins tvær hljómsveitarkvennanna fyrir austan, Erla Ingadóttir og Gréta Sigurjónsdóttir. Skyldi ekki vera snúið fyrir sveitina að vera svona tvístraða? „Jú, það er það eina sem er erfitt. Allt annað er brjálæðislega skemmtilegt," svarar Erla. „Við erum allar með heimili, börn og atvinnu. En við notum auðvitað netið og erum bæði á MSN fundum og í tölvupóstssambandi. Svo er það gamli góði síminn."

Nú er Erla beðin að rifja upp söguna í stórum dráttum. „Við slógum fyrst í gegn á landsvísu í Músíktilraunum 1984 en stofnuðum hljómsveitina 1982. Þá vorum við 14 til 16 ára. Viðtökurnar komu okkur skemmtilega á óvart. Reyndar vorum við búnar að vera að gutla í tónlist öll grunnskólaárin og koma fram á hinum ýmsu skemmtunum, saman eða með öðrum. Svo fékk þessi kjarni inni í æfingarhúsnæði þar sem nokkur strákabönd voru starfandi. Þar höfðum við aðgang að alvöru græjum og fannst rosalega gaman. Heiða með botninn breiða var með okkar fyrstu frumsömdu lögum, við syngjum það oft enn þegar við erum í stuði. Við fórum strax að semja og þegar það gerist verður tónlistin að bakteríu sem togar mann áfram því alltaf þarf að laga, fínpússa og breyta. Okkur finnst mjög gaman að búa til músík. Það er límið sem heldur okkur saman og svo auðvitað vinskapurinn."

gun@frettabladid.is



**Sigrún Lára Shanko** opnar sýningu sína á handlituðum veggteppum og fatnaði í listasal Saltfisksetурs Íslands í Grindavík í dag. Sigrún Lára hefur alla tíð verið heilluð af fornsögum okkar og má finna tilvísun til þeirra í verkum hennar. Sýningin stendur til tuttugasta þessa mánaðar.

**Heilsuhúsið** er með morgunkornið Choco Hits til sölu sem höfðar meira til flestra barna en hefðbundið músli. Það inniheldur minni sykur en flest annað morgunkorn, meiri trefjar, er unnið úr lífrænt ræktuðu hráefni og laust við kemísk aukaefni.



**Síðasta stóra ferðahelgi** ársins er liðin en þó eru enn margir sem neyta áfengis og ætla svo að keyra bíl morguninn eftir þrátt fyrir að slíkt sé ekki alltaf óhætt. Hjá apótekunum er hægt að kaupa mæli sem greinir áfengismagn í blóði og óhætt er að mæla með því að fólk setji einn slíkan í hanskahólfið hjá sér.

# allt







2.500KR

100 STAFRÆNAR MYNDIR

MYNDVAL

Álfabakki 14 · 557 4070
myndval@myndval.is · myndval.is




Elísabet mælir með að fólk æfi sig áður en það tekur þátt í Reykjavíkurmaraþoni Glitnis. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


ÞÚ GRÆÐIR EKKERT Á ÞVÍ AÐ VERSLA ANNARS STAÐAR

Nokia N95 - sá öflugasti
Íslensk valmynd
GPS staðsetningartæki
5 MP myndavél með Carl Zeiss linsu
2,6 tommu skjár
MP3 og vídeó spila
Nálægt DVD gæðum í video upptöku
640x480 pixlar, 30 rammar á sek.
Allt að 6,5 klst. í tali
3G kerfi og WiFi
og svo miklu meira



Almennt verð: 84.995 kr.
Farsímalagersverð: 77.990 kr.
Tilboðið gildir til 15. ágúst 2007

Tilboðsverð kr. 69.990

Farsímalagerinn.is


# Fínn undirbúningur

***Háskólaneminn Elísabet Margeirsdóttir tekur þátt í Reykjavíkurmaraþoni Glitnis 18. ágúst næstkomandi.***

Elísabet Margeirsdóttir, 22 ára, stefnir á þátttöku í Reykjavíkurmaraþoni Glitnis sem fram fer 18. ágúst næstkomandi. Þrátt fyrir ungan aldur á Elísabet þegar nokkur maraþon að baki og segir Reykjavíkurmaraþonið ágætis undirbúning fyrir maraþonið í Berlín sem hún ætlar að hlaupa í september.

„Glitnismaraþonið er góð æfing fyrir öll haustmaraþonin," segir Elísabet. „Mér finnst alveg æðislegt hvað það er orðið umfangsmikið. Að sífellt fleiri séu að uppgötva það og hvað þetta er góð hreyfing. Svo ekki sé talað um þann frábæra félagsskap sem maður kemst í."

Sjálf hefur Elísabet hlaupið um nokkurra ára skeið, eða frá því að hún byrjaði að æfa líkamsrækt aðeins sextán ára. Hún setti sér fljótlega það markmið að hlaupa heilt maraþon, en hljóp þó áður tíu kílómetra hlaup og hálfmaraþon eftir það. Þá taldi hún sig loks tilbúna til að fara alla leið.

„Ég hef núna tvisvar sinnum hlaupið maraþonið í New York," segir Elísabet. „Í fyrra og hittifyrra. Svo hljóp ég í Kaupmannahöfn á síðasta ári. Þannig að ég hef farið í þrjú maraþon á síðustu tveimur árum. Núna er stefnan sett á Berlín í lok september."

Að sögn Elísabetar er bráðnauðsynlegt að tileinka sér ákveðinn lífsstíl ætli maður sér að ná langt í maraþoni og þar er sjálfsagi ofarlega á baugi. „Lífsstíll sem er heilbrigður og góður fyrir líkama og sál er nauðsynlegur, enda kostirnir margir. Hlaupið hreinsar hugann og er mjög streitulosandi. Ég virka betur í daglegu lífi ef ég æfi svona mikið. Maður nýtir dagana miklu betur. Svo er alltaf gott að setja sér árangurstengd markmið."

Ef marka má Elísabetu dugir æfingin ein og sér þó ekki til að fleyta manni áfram í maraþoni, heldur verður einnig að passa upp á mataræðið. Alltof margi falli í þá gryfju að borða annaðhvort of mikið, telji þeir sig hafa eytt of mikilli orku, eða lítið. Það sé hins vegar mikilvægt að stilla mataræðið rétt.

„Ég mæli þó ekki með að fólk skrái sig í maraþon án þess að hafa einhverja reynslu af að hlaupa," segir Elísabet. „Til dæmis eins og hálfmaraþon eða tíu kílómetrana. Fólk verður að sýna þolinmæði og setja sér langtímamarkmið ætli það sér að ná langt."


roald@frettabladid.is






Atvinnuhúsnæðislán með lægri lántökukostnaði

VEXTIR FRÁ AÐEINS 3,7%

Miðað við myntkörfu 4, Libor-vextir 20.6.2007.

Frjálsi fjárfestingarbankinn lánar fyrirtækjum og einstaklingum til kaupa eða endurfjármögnunar á atvinnuhúsnæði. Lánstími er allt að 30 árum og við kappkostum að veita framúrskarandi þjónustu á hagstæðari kjörum. Komdu til okkar í Lágmúla 6, hringdu í 540 5000 eða sendu póst á frjalsi@frjalsi.is til að kynna þér málið nánar.

FRJÁLSI

**Vatn** er okkur lífsnauðsynlegt. Þreyta, slen og hausverkur getur stafað af vökvaskorti. Æskilegt er að drekka sex til átta glös af vatni á dag.























Ásgerður, forstöðukona Lífs og heilsu í Garðabæ, umkringd ánægðum börnum á leikjanámskeiði. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Nauðsyn að efla áhuga barna á eigin heilsu

***Hollt mataræði, reglubundin hreyfing, vinátta og umhirða umhverfisins er meðal verkefna á haustnámskeiðum í Heilsuskólanum okkar í Garðabæ.***

„Námskeiðin hófust hjá okkur um leið og grunnskólarnir fóru í sumarfrí og starfsemin hefur verið blómleg alveg frá upphafi,“ segir Ásgerður Guðmundsdóttir, forstöðukona Lífs og heilsu í Garðabæ. Hún segir um 250 börn á aldrinum fimm til ellefu ára hafa verið á sumarnámskeiðum og haft þar margt áhugavert fyrir stafni.

„Fyrir utan að iðka alls kyns leiki og íþróttir hafa krakkarnir stundað sund, listasmiðju, fjöruferðir, hjólreiðar, hraun- og lækjarferðir, diskótek og óvissuferðir. Þeir hafa heimsótt Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, Árbæjarsafnið, Þjóðminjasafnið, Veröldina okkar, Hellisgerði, bókasöfn, Vídalínskirkju og síðast en ekki síst mörg skemmtileg fyrirtæki,“ telur hún upp. „Hingað kom líka Ingi Þórðarson sem er íþróttakennari úti í Danmörku og kenndi krökkunum nýja leiki, meðal annars eltingaleik sem heitir balleball. Þar byrja krakkarnir á að klæða sig í vesti með frönskum rennilás á brjóstinu og rassinum, síðan gengur leikurinn út á að grípa bolta með brjóstkassanum og rassinum. Boltinn er úr þannig efni að hann festist við franska rennilásinn. Þetta er einfaldur leikur en þvílíkt skemmtilegur og krakkarnir fá mikið út úr honum. Unglingar og fullorðnir hafa líka heillast af honum og ég veit um handboltalið sem hita upp með honum.“

Eitt sumarnámskeið er eftir hjá Heilsuskólanum okkar að sögn Ásgerðar. Það stendur frá 6. til 17. ágúst og hægt er að skoða dagskrána á heimasíðunni www.lifogheilsa.is undir Heilsuskólinn okkar – sumarnámskeið. Síðan hefjast grunnskólarnir að nýju og þá hefur leikskólabörnum og grunnskólabörnum í 1. og 2. bekk boðist að taka þátt í haustnámskeiðum Heilsuskólans. Þau fara bæði fram í leikfimisal og felast í vinnubókarverkefnum.



Ingi Þórðarson íþróttakennari kynnir krökkunum leikreglur balleball og er sjálfur með bolta fasta við franska rennilása á brjóstkassa og rassi.

„Við fjöllum um fæðuval, hreyfingu og útivist, vináttu og umhirðu umhverfisins svo dæmi séu nefnd,“ segir Ásgerður og heldur áfram. „Reynslan sýnir að þeir sem fá fræðslu um starfsemi líkamans og mikilvægi hreyfingar og hollrar fæðu strax í æsku eru líklegri en aðrir til að stunda heilbrigt líferni á fullorðinsárum. Því er brýn nauðsyn til að efla áhuga og ábyrgð barna á eigin heilsu.“

gun@frettabladid.is






# Bretar tilraunarottur snyrtivörurisa

***Snyrtivöruframleiðendur prófa vörur sínar í Bretlandi áður en þeir selja þær í Bandaríkjunum.***

Svo virðist sem snyrtivöruframleiðendur notfæri sér lélegt eftirlit með efnum í Bretlandi til að prófa vörur sínar þar á bæ áður en þær eru seldar á Bandaríkjamarkaði.

Frá þessu er greint í breska tímaritinu Which?, þar sem því er haldið fram að meðal annars sé um fylliefni að ræða, sem eru sprautuð í húð til að draga úr hrukkum.

Sem stendur eru 65 fylliefni leyfð í Bretlandi á meðan aðeins sjö eru leyfð í Bandaríkjunum.



Botox er eitt af mörgum fylliefnum sem notuð eru við fegrunaraðgerðir.

Vilja sumir meina að þetta sé til marks um að herða þurfi eftirlit með snyrtivörum og svipuðum efnum í Bretlandi. - rve



Margir karlmenn krefjast þess að stunda óvarin mök með vændiskonum en hjátrúin segir að óvarin kynmök með ungum stúlkum lækni alnæmi.

# HIV breiðist út með kynlífsþrælum

*Hátt hlutfall HIV-smitaðra á meðal vændiskvenna frá Nepal.*

Talið er að kynlífsþrælkun sé stór ástæða fyrir hraðri útbreiðslu HIV-veirunnar á Indlandi, þar sem 2,7 milljónir manna eru smitaðir, og annars staðar í Suður-Asíu. Næstum 40 prósent kvenna frá Nepal, sem hafa verið neyddar í kynlífsþrælkun á Indlandi, hafa greinst með smit eftir að þær snúa heim.

Niðurstöðurnar voru birtar í tímariti bandarísku læknasamtakanna. Þær byggja á rannsókn sem framkvæmd var á 287 konum frá Nepal, sem höfðu um árabil starfað í indverskum vændishúsum.

Aðstandendur rannsóknarinnar segja að hlutfall smitaðra hafi verið 60 prósent algengara á meðal stúlkna 14 ára og yngri. Vitað er að margir viðskiptavinir krefjast þess að stunda óvarið kynlíf með stúlkunum. Það þykir sýna að hjátrúin um að samfarir við hreina mey muni lækni menn af HIV sé enn við lýði.

Í júlí sendi utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna frá sér skýrslu, sem sýndi að mansal er algengast á Indlandi. Vitað er að það fer að miklu leyti fram í gegnum Kalkútta, þar sem stelpum frá Nepal, Bangladess og Búrma er smyglað til landsins. Indversk stjórnvöld ætla að grípa til sinna ráða. - rve

# Kynlífsnámskeið gagnslaus

***Kennsla í kynlífsbindindi virðist hvorki koma í veg fyrir óvarið kynlíf né ótímabærar meðgöngur hjá unglingum.***

Námskeið sem byggja á kennslu í kynlífsbindindi virðast engin áhrif hafa, hvorki til góðs ná ills. Þetta eru niðurstöður vísindamanna við Oxford-háskóla sem skoðuðu útkomur úr þrettán rannsóknum þar sem þátttakendur voru 15.000 og á aldursbilinu tíu til 21 árs.

Rannsakendur komust að því að fæst námskeiðin höfðu áhrif á það hvort unglingar stunduðu óvarið kynlíf, tölu rekkjunautanna þeirra, tíðni þungana og útbreiðslu kynsjúkdóma. Í einu tilviki hafði námskeið þau áhrif að þátttakendur drógu úr kynlífsiðkunum í mánuð. Í öðru tilviki hafði námskeið þveröfug áhrif, þar sem tíðni meðgangna og kynsjúkdómsmita reyndist hærri á meðal þátttakenda.

Miklar deilur hafa staðið um námskeið af þessu tagi og með þessum ofangreindum niðurstöðum þykir sumum sýnt að opinberu fé sé betur varið í aðra hluti. - rve



Í verstu tilfellum hefur hvatning til kynlífsbindindis þveröfug áhrif.


Nýtt!
PÚLSÞJÁLFUN
Örugg leið til árangurs

NORDICASPA

Fjögurra vikna lúxusnámskeið
fyrir konur og karla









**Púlsþjálfun – brennsla og styrking.** Þrír hóptímar í viku með áherslu á brennslu, þol og styrk. Þú æfir alltaf með púlsmæli til þess að tryggja að þú sért í hámarksfitubrennslu. Öruggasta leiðin til að æfa á réttu álagsstigi.
**Styrktaræfingar/Supersett.** Til að hámarka brennslu og styrk, tveir tímar í tækjasal undir leiðsögn þjálfara.
**Vikuleg mæling.** Vigtun, fitu- og ummálsmæling.
**Ítarlega næringarráðgjöf** – 2 frábærir fyrirlestrar um líkamann, næringuna og hugann.
**Lífsorka.** Lærðu að borða rétt til þess að auka brennsluna, bæta meltinguna, auka orkuna, bæta svefn og minnka sykurþörf.

**Leyndarmálið.** Að virkja kraft hugans og temja sér hugsunarhátt sem veitir þér það sem þú þráir.
**Vikulegur fróðleikur** – Einfaldar uppskriftir ásamt góðum ráðum.
**Heilsudrykkur** í lok hverrar æfingar.
**Slökun og herðanudd** í pottunum eftir æfingu.
**Þjálfari** er Gunnar Már Sigfússon einkaþjálfari.
**Takmarkaður fjöldi** í hverjum hópi.
**Tímar** kl 6:30, 7:30, 10:00. 16:30 og 18:30.

**Ný námskeið hefjast 13. ágúst.**
**Skráning** er hafin í síma 4445090 eða nordicaspa@nordicaspa.is







**Notaðir sófar** geta oft verið klístraðir og skítugir. Þess vegna er ágætt að kaupa leðursófa sem er auðvelt að strjúka af og endist oft betur en tausófi.



**Þýskar álkerrur** fyrir fjölskylduna, verktakann, sveitarfélagið. Vandaðar kerrur frá einum stærsta framleiðanda Evrópu. Kerrur sem slegið hafa í gegn síðustu ár. Sumarsendingin nýkomin. Leitið upplýsinga og skoðið hið mikla úrval. Margar stærðir og gerðir.

N1 Langatanga 1a - Mosfellsbæ - Sími: 566 8188
Fjarðanet hf. - Grænigarður - Ísafjörður - S.470 0836




GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

**BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR**
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir




**Handrið og stigasmíði**
Mikið úrval af handriðum inni sem úti. Stigar fáanlegir á lager - Gerum tilboð í sérsmíði.

Nýtt -glerpunkta-festingar 50mm

Q-Railing - Engin rafsuða - einfalt og snyrtilegt! Inni og úti handriða- og stigasmíði, 304 og 316 ryðfrítt stál

ATLANTSKAUP

Upplýsingar á www.atlantskaup.is
Atlantskaup ehf. Bæjarflot 6, 112 Reykjavík S:533-3700.




pgv

GLUGGI TIL FRAMTÍÐAR ...

- ENGIN MÁLNINGAVINNA
- HVORKI FÚI NÉ RYÐ
- FRÁBÆR HITA OG HLJÓÐEINANGRUN
- FALLEGT ÚTLIT
- MARGIR OPNUNARMÖGULEIKAR
- ÖRUGG VIND- OG VATNSÞÉTTING

PGV ehf. sérhæfir sig í smíði glugga, hurða, sólstofa og svalalokanna úr PVC-u

Öllum framleiðsluvörum PGV fylgir 10 ára ábyrgð

Gluggarnir eru viðhaldsfríir og á sambærilegum verðum og gluggar sem stöðugt þarfnast viðhalds

PGV ehf. ı Bæjarhrauni 6 ı 220 Hafnafjörður ı Sími: 564 6080 ı Fax: 564 6081 ı www.pgv.is


# Kvöldstemning á pallinum

***Ýmislegt er hægt að gera til að gera garðveruna ánægjulegri nú er dimma tekur.***

Nú er ágústmánuður runninn upp og farið að síga á seinni hluta sumarsins. Á kvöldin er farið að dimma og kólna en margir hafa samt sem áður ánægju af að sitja í garðinum eða úti á palli fram á kvöld. Það er gott að hafa eitthvað til að halda á sér hita og sjá fyrir birtu í kvöldskímunni auk óbrjótanlegra glasa fyrir léttvínið. *- sig*

5


3


4


1


2


**1.** Kamínan getur komið í góðar þarfir á pallinum síðla kvölds þegar farið er að kólna. Þessi er úr BYKO og kostar 139.000 krónur.
**2.** Gashitari getur gert heilmikið gagn við að halda hita á fólki þegar setið er á pallinum eða úti í garði þegar kvölda tekur. BYKO selur þennan hitara og hann kostar 34.900 krónur.
**3.** Oft getur verið notalegt að sveipa um sig hlýju teppi ef hrollur sækir að og má fá mikið úrval af fallegum teppum í IKEA. Þetta teppi heitir STOCKHOLM og er 170x130 sentímetrar að stærð. Það fæst í IKEA og kostar 2.990 krónur.
**4.** Þegar daginn er farið að stytta að nýju og dimmt orðið á kvöldin getur verið notaleg birta af borðlugtum. Þessar fást í IKEA og kosta 695 krónur stykkið.
**5.** Til að fullkomna kvöldið á pallinum er ekki úr vegi að hafa góð glös undir léttvínið. Þessi glös eru óbrjótanleg, fjölnota, úr plasti og alveg kjörin í stemninguna á pallinum. Glösin fást í Bónus og kosta 259 krónur stykkið.


**Sumartilboð**

**Vorum að fá nýja sendingu frá ELBA og bjóðum nú þessi frábæru tæki með 20-40% afslætti meðan birgðir endast.**

**Við bjóðum enn betur, því við veitum einnig magnafslátt, 3% af tveimur tækjum, 4% af þremur og 5% séu keypt 4 eða fleiri tæki samtímis.**

**20-40% afsláttur**
Tilboðinu lýkur 10. ágúst



**Keramik-helluborð**

| | | |
|---|---|---|
| 230-050 | 2 hellur | 14.900,- |
| 345-450 | 4 h. án ramma | 22.900,- |
| 345-442 | 4 h. stálrammi | 29.900,- |
| 345-005 | 4 h. snertirofar | 39.900,- |
| 377-007 | 4 h. 70 cm br. | 43.900,- |
| 377-006 | 4 h. 70 cm Snr. | 49.900,- |



**Eldavélar**
m/keramikhelluborði

| | | |
|---|---|---|
| 66-W955 | 60 cm hvít | 49.900,- |
| 66-EX396 | 60 cm stál | 79.900,- |
| 106-EX939 | 100 cm stál | 159.900,- |
| 126-EX339 | do. 2 ofnar | 177.900,- |



**Ofnar**
Fjölvirkir 8 eða 9 kerfi

| | | |
|---|---|---|
| 608-100 | Hvítur / svartur | 56.900,- |
| 608-100 | Stál | 59.900,- |
| 608-800 | Með snertirofum | 68.900,- |
| 618-100 | Með alhreinsun | 79.900,- |
| 700-80 | 70 cm. breiður | 74.900,- |
| 101-80 | 90 cm. breiður | 89.900,- |
| 918-100 | 2ja hólfa | 99.900,- |

**Viftur & Háfar**



| | | | |
|---|---|---|---|
| HMC-622 | Útdregin | hvít | 12.900,- |
| HMC-602 | Útdregin | stál | 12.900,- |

ELBA



**Gas-helluborð**

| | | |
|---|---|---|
| 235-100 | 1 brennari | 15.600,- |
| 235-200 | 2 brennarar | 15.100,- |
| 271-300 | 3 brennarar | 27.100,- |
| 265-445 | 4 brennarar | 24.900,- |
| 375-545 | 5 brennarar | 29.900,- |
| 395-545 | 5 brennarar | 32.900,- |


Stærð: BxDxH=60x60x85

**Gaseldavélar**
( gasborð-rafm.ofn )

| | | |
|---|---|---|
| 66-EX348 | 60 cm. stál | 79.900,- |
| 106-EX870 | 100 cm. stál | 139.900,- |

**Vegghháfar**



| | | | |
|---|---|---|---|
| HMC-6144 | 60 cm. | stál | 18.900,- |
| HMC-9144 | 90 cm. | stál | 23.900,- |
| HMC-10144 | 100 cm. | stál | 29.900,- |

**Eyjuháfar**



| | | | |
|---|---|---|---|
| HMC-6144 | 66x90 cm. | stál | 49.900,- |
| HMC-9664 | 65x90 cm. | gler | 59.900,- |

Opið virka daga kl. 9-18
Sumarlokun á laugardögum

Friform

*Velkomin í Fríform þar sem þú færð meira fyrir peningana*

Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500

BETRI STOFAN

www.leit.is smellið á Ristilvandamál.

Léttist um 10 kg á 12 vk.Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s.8625920

**Léttist um 15 kg á aðeins 10 vikum.**
**LR- HENNING - Nýtt á Íslandi**

**Viltu léttast? Fá meiri orku?**

**Stuðningur, einkaráðgjöf og matarprógramm sniðið að þínum þörfum**
**Uppl. Gefur Dóra í síma 869 2024**

**Eða lr-dora@internet.is**

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is Ásta s. 891 8902.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Kennsla

**Viltu verða stílisti?**
Nám í útlitsráðgjöf. The Academy of Colour and Style - útlits-og förðunarskóli. Uppl. í síma 533 5101.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Queen side rúm fæst gegn skiptum fyrir minna rúm. Uppl. í s 845 6933.

Til sölu vegna flutnings. Útskorinn borðstofuskápur + borð og 8 stólar, skápasamstæða með ljósum, leðursófasett 3+2+1, sófaborð, rúm 160x200 og náttborð frá Axis, bókaskápur ofl. Uppl. í s. 699 6355.

## Dýrahald

Kettlingar fást gefins mjög fallegir, 5. stk. Uppl. í s. 895 8098 & 861 3246.

## Ýmislegt



**- Beachcomber -**

**Kanadískir heitir pottar**
**Sumartilboð á heitum pottum. Eigum potta til afgreiðslu strax. Mest einangruðu pottar á markaðnum, lokað 24 tíma hreinsikerfi o.m.fl. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs.**

**11 ára reynsla á Íslandi.**
**Opið alla daga frá 14 til 21.00.**
**Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvehf@hive.is**

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðaþjónusta




**Sjóstangveiði - Andrea**
Hvalaskoðun, Skemmtisiglingar. Tilvalið fyrir fyrirtæki og starfsmannahópa. Símar 562 2300, 892 8433. Nánari upplýsingar www.sjostong.is, hvalalif@hvalalif.is

## Gisting



**Sumarhús í Varmahlíð í Skagafirði**
Til leigu 50-60fm bústaðir með heitum potti við skóginn fyrir ofan Varmahlíð. Helgar & vikuleiga. Hestaleiga, rafting omfl. Uppl. í s. 862 2129.

Til leigu á Spáni allan ársins hring -Barcelona, Costa Brava, Menorca, Valladolid. Uppl. í s. 899 5863 www.helenjonsson.ws & www.spainapartments.ws

## Fyrir veiðimenn




**Góðir maðkar**
til sölu! Silungs og laxa. Margra ára reynsla. S. 692 5133.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Húvörður óskast á sem first á gistiheimili. Húsvörðurinn býr á gistiheimilinu. Uppl. í s. 517 4530 & 824 4535.

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**Skipta.is**
**Eignir-skipti Viltu skipta á einhverju sem þú átt og vilt eitthvað í staðinn?**
**Farðu á www.skipta.is og skráðu þína eign. Mikil hreyfing! Góð skipti! Láttu hlutina gerast og farðu á www.skipta.is**

**Leigusalar auglýsa frítt.**
Skráðu eignina þína á leiga.is eða hringdu í síma 534-1020.
**Leigjendur leita frítt.**
**Leiga.is býður**
✓ leit að leigjanda
✓ leigu- og tryggingaráðgjöf
✓ gerð leigusamninga fyrir íbúðar og atvinnuhúsnæði.
Leiga.is
Löggild leigumiðlun

12-16 fm herbergi til leigu í Hafnafirði. Aðgangur að eldhúsi og wc. Uppl. í s. 898 0927 frá og með 13

Til leigu stórglæsileg 62 fm. íbúð á besta stað í miðbæ Rvk. Frá 1. sept. - 1 nóv. nk. Möguleiki á framlenginu. Verð 130. þús á mán. Uppl. í s. 661 3707 & 820 0628.

## Húsnæði óskast

**Húsnæði óskast**
Þýska sendiráðið þarf á 4-5 herb.hús/íbúð að halda til leigu í 4 ár . Staðs. helst innan v/ 10-15 km radíus frá Laufásvegi 101 Rvk. Óskast án húsgagna og helst m/bílskúr. Uppl.með myndum og grunnteikningum sendist til info. reyk@freenet.de

Auglýsi eftir íbúð eða rúmgóðu herbergi með aðgangi að eldhúsi og baði. Kemur líka til greina að vera meðleigjandi. Er reyklaus. Áhugasamir hafið samband í síma 867 3235.

## Sumarbústaðir



Til sölu til flutnings 2 ný Sumarhús 67 fm + 32 fm svefnloft. Fullbúin að utan, einangruð og plöstuð að innan. Teikningar fylgja með. Sumarhus.com S. 615 2500.

Sumarhús með heitri laug í Biskupstungum. Helga- og vikuleiga í ágúst og september. S. 898 6033.

## Gisting

**Stúdíóíbúð í Reykjavík**
Til leigu stúdíóíbúð í Reykjavík, fullbúinn húsgögnum. Sólarhringurinn á 14.900 kr. Uppl. í s. 861 2319.

## Atvinnuhúsnæði

Ódýrustu geymslu m2 á markaðnum í nýstandsettu húsnæði Á Eyrarbakka 250 m2 á 495 m2, og 1.500 m2 á 465 m2 Sími: 661 6800.

## Geymsluhúsnæði







GULL BYLGJAN 909
- ÞESSI GÖMLU GÓÐU!

**ÖLL GÖMLU GÓÐU LÖGIN ÞÍN**
Á GULL BYLGJUNNI

*Gull Bylgjan er á Suðvestur horninu á tíðninni 90,9, á bylgjan.is og Digital Íslandi.*

## Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
### Lausar stöður í leik- og grunnskólum

**Grunnskólar**

**Áslandsskóli** (664 5501 leifur@aslandsskoli.is)
- Almenn kennsla í yngri deild
- Íþróttir/sundkennsla
- Stærðfræði á unglingastigi
- Skólaliði

**Hraunvallaskóli** (664 5872 einar@hraunvallaskoli.is)
- Kennarar á yngsta og miðstigi
- Kennsla á unglingastigi
- Smíðakennsla
- Sérkennsla
- Skólaliði
- Leikskólakennari (590 2880 sigrunk@hraunvallakoli.is)
- Deildarstjórar (leikskólakennarar)

**Hvaleyrarskóli** (664 5893 helgi@hvaleyrarskoli.is; 664 5869 marsibil@hvaleyrarskoli.is)
- Umsjónarkennari f. 4. bekk
- Umsjónarkennari f. 6. bekk
- Íþróttir/sundkennsla

**Lækjarskóli** (664 5877 haraldur@laekjarskoli.is)
- Deildarstjóri námsvers innan fjölnáms sem er úrræði fyrir elstu bekki grunnskólans
- Skólaliði
- Stuðningsfulltrúi

**Setbergsskóli** (664 5880 gudosk@setbergsskoli.is)
- Forfallakennsla
- Skólaliði

**Víðistaðaskóli** (664 5890 sigurdur@vidistadaskoli.is 664 5891 annakr@vidistadaskoli.is)
- Stærðfræðikennsla
- Heimilisfræðikennsla
- Tvítyngdra nemenda
- Stuðningsfulltrúi
- Tölvukennsla
- Skólaliði

**Leikskólar**

**Álfaberg** (695 2921/664 5846 alfaberg@hafnarfjordur.is)
- Leikskólakennari f. 5 ára börn
- Starfsfólk með aðra uppeldismenntun

**Álfasteinn** (555 6155 alfasteinn@hafnarfjordur.is)
- Matreiðlsumeistari/matráður
- Deildarstjóri

**Hlíðarberg** (565 0556 hlidarberg@hafnarfjordur.is)
- Leikskólakennari
- Aðstoð í eldhús
- Síðdegisstöður

**Hraunvallaskóli** (590 2880 sigrunk@hraunvallaskoli.is)
- Leikskólakennarar
- Deildarstjórar

**Kató** (555 0198 kato@hafnarfjordur.is)
- Leikskólakennara (100%) frá 1. ágúst
- Leikskólinn er tveggja deilda og tekst á við forystu verkefni í samkennslu

**Norðurberg** (555 3484 nordurberg@hafnarfjordur.is)
- Leikskólakennarar

**Stekkjarás** (517 5920/664 5862 stekkjaras@hafnarfjordur.is)
- Leikskólakennarar á ungbarnadeild leikskólans. Deildin verður opnuð í ágúst og uppeldisstarf deildarinnar mun byggja á starfsaðferðum Reggio Emilia. Sjá nánar á heimasíðu skólans.
- Þroskaþjálfi
- Skilastöður

**Vesturkot** (565 0220 vesturkot@hafnarfjordur.is)
- Leikskólakennarar
- Sérkennsla
- Starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Allar upplýsingar um störfin gefa skólastjórar viðkomandi skóla.
Sjá einnig nánar á heimasíðum skólanna.
Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfin.

**Fræðslustjórinn í Hafnarfirði**

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í **síma 585 5500** og á heimasíðunni **www.hafnarfjordur.is**

vísir www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR




Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

AVM alltaf gott fólk

**AVM Starfsmannalausnir geta fundið fyrir ykkur frábæra starfskrafta frá Englandi**
Verkamenn, pípara, múrara, flísamenn, kranamenn, gröfumenn, járnbindingarmenn, steypusmiði, trésmiði, suðumenn ofl. Allir hafa þeir hæfni á sínu sviði og auðveldir í samskiptum.
Sjáið síðuna okkar www.avm.is eða hringið í Alan 897 8978 email avm@avm.is

**Kaffihús, Bakarí**
Bakarameistarinn Mjódd, Smáratorgi, Suðurveri, Austurveri, Glæsibæ & Húsgagnahöll óska eftir afgreiðslufólki. Vinnutími 10-19 & 13-19, 07-13 & 08-16 Einnig laus helgarstörf. Góð laun í boði. ATH ekki eru um sumarstarf að ræða.
Uppl. í s. 897 5470 til kl.17.00. Einnig umsókareyðublöð www.bakarameistarinn.is

**Leikskólinn Skógarborg**
Leikskólakennari / leiðbeinandi óskast í 100% starf í ágúst n.k. á leikskólann Skógarborg í Fossvogi.
Uppl. gefa leikskólastjórar í s. 553 1805 & 693 9874.

**Veitingahúsið Nings Stórhöfða & Hlíðarsmára**
Óskar eftir að ráða vaktstjóra. Unnið er 15 vaktir í mánuði. Ekki yngri en 20 ára.
Upplýsingar í síma 822 8840, 822 8870 og einnig inn á www.nings.is

**Veitingahúsið Nings**
Óskar eftir í bílstjórum og fólki í sal, kvöld- og helgarvinna.
Upplýsingar í síma 822 8870 og einnig inn á www.nings.is

**Bakaríið hjá Jóa Fel**
Bakaríið og sælkeraverslun Jóa Fel Kleppsvegi. Vantar hresst og duglegt starfsfólk. Tvískiptar vaktir. Einnig laus störf um helgar, hentar vel skólafólki. Uppl. fást hjá Önnu Helenu í síma 699 7967 eða á staðnum Kleppsvegi. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.

BÆJARBAKARÍ

**Starfskraftar óskast**
Bakarí í Hfj. óskar eftir starfskrafti í afgreiðslu, á tvískiptar vaktir. Getum einnig bætt við helgarstarfsfólki. Umsóknareyðublöð á staðnum & í s. 555 0480, Sigurður.

HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT KORNIÐ BAKARÍ

**Afgreiðslufólk óskast.**
Kornið rekur 8 verslanir og vill ráða hörkuduglegt fólk til starfa. Vinnutími sveigjanlegur. Uppl. í s. 864 1543, Rut.

**Islandus.com**
WWW.ISLANDUS.COM/ATVINNA
ATVINNA Í BOÐI
1. Þjónustufulltrúi Starf í Reykjavík
2. Buyer - US/English Native Speaker
islandus.com/atvinna

Sölu/Þjónustufulltrúi. Spennandi starf og góðar tekjur við markaðssetningu nýrra bíla. Símasala/fyrirtækjakynningar. Also wanted US/English native for Buying Dept. Nánari Uppl./More info www.islandus.com/atvinna

**HÁRSNYRTIR**
ÓSKUM EFTIR HÁRSNYRTI Í 50% STARF
UPPL. Í S. 698 7537
HÁRSNYRTISTOFAN DALBRAUT

**Loftorka Reykjavík**
Óskar eftir verkamönnum & valtaramanni með lyftarapróf til malbikunar framkvæmda ofl. Matur í hádeginu og heimkeyrsla.
Upplýsingar í síma 565 0875.

**NK Kaffi Kringlunni**
Óskum eftir að ráða þjónustulipurt fólk til afgreiðslustarfa. Fullt starf og helgarvinna.
Upplýsingar á staðnum og í síma 568 9040.

**Kökuhúsið Auðbrekku**
óskum eftir að ráða starfskraft til afgreiðslu starfa. Vinnutími 13-17.30 eða 14-17.30
Upplýsingar gefur Örvar í síma 693 9093.




**Leikskólinn Vinaminni**
Laus er til umsóknar staða leikskólakennara eða starmanns með reynslu af leikskólastarfi á Leikskólanum Vinaminni Asparfelli 10, 111 Rvk. Viðkomandi þarf að hafa gaman af börnum og skapandi starfi, börnin eru besta fólkið, hvað er betra en að vinna að því að efla visku og vöxt leikskólabarnanna þar sem gleðin og einlægnin er í fyrirrúmi?
Nánari upplýsingar fást hjá Sólveigu leikskólastjóra í síma 861 8055 eða 587 0977.

**Viltu vinna í leikskóla?**
Starfsfólk óskast í leikskólann Nóaborg, Stangarholti 11 Reykjavík.
Upplýsingar gefur leikskólastjóri, Anna Margrét Ólafsdóttir, í símum 562 9595 eða 693 9830.

**Finnst þér gaman að elda?**
Matráður óskast í leikskólann Nóaborg.
Upplýsingar gefur leikskólastjóri, Anna Margrét Ólafsdóttir, í símum 562 9595 eða 693 9830.

**Vélsmiðja í skipaþjónusu**
Óskum eftir að ráða járniðnaðarmenn, vélvirkja og aðra starfsmenn. Tökum við nemum. Möguleiki á hlutastarfi.
Upplýsingar í síma 896 2336 & 896 2335.

**Ritfanga- og leikfangaverslun**
Óskar eftir starfsfólki í fullt starf og hlutastarf. Umsóknir sendist á smaar@frett.is merktar „Ritföng“.

KOKKUR - MATRÁÐUR - RÁÐSKONA óskast í leikskólann Álfatún. Vinnutími 8-16 eða e.samkl. Uppl.í síma 8639111 eða alfatun@kopavogur.is

Lagermaður óskast til starfa hálfan dag eftir hádegi á skrifstofu/heildsölu. Vinsamlegast sendið uppl. lr-aldalilja@internet.is.

**Bakarí Hafnarfjörður**
Vort daglegt brauð. Vantar hresst og duglegt starfsfólk. tvískiptar vaktir. Uppl. hjá Þóru í s. 891 8258.

**Bakarí Garðarbær**
Kökubankinn vantar hresst og duglegt starfsfólk. Tvískiptar vaktir. Einnig laus störf um helgar hentar vel skólafólki. Uppl. hjá Þóru í síma 891 8258 eða á staðnum 565 8070.

## Atvinna óskast

**Útvegum starfsfólk frá Póllandi og Portúgal**
í eftirtalin störf : Smiði, Múrara, Pípara, Rafvirkja, Vélvirkja, Meiraprófsbílstjóra, Tækjastjórnendur, Verkamenn, Hjúkrunarfólk og önnur störf samkvæmt óskum atvinnurekanda.
SAS Starfsmannaleigan. Uppl. gefur Sverrir í s:661-7000

**VANTAR ÞIG STARFSFÓLK?**
Útvegum starfsfólk frá Póllandi í allar stéttir atvinnulífsins.
Erum eingöngu með faglært fólk á skrá eða fólk með mikla reynslu.
Veitum trausta og góða þjónustu.
Verð 39.000.- m/vsk
UPPLÝSINGAR Í SÍMA 661 1888
FAGRÁÐNING
Sími 534 8886 - Fax 534 8887
Stangarhylur 7 - 110 Reykjavík

## Viðskiptatækifæri

Viltu vinna heima? ráða þínum vinnutíma? Er með frábært tækifæri fyrir þig. S 866 1441 oli@heima.is

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar



Skjöldur er byrjaður að vinna á 101 Skjöldur, Pósthússtræti. sími 561 9090.

**Celebrity.is**
Núna 12.000+ myndir af fræga fólkinu á flottum vef. Nýjar myndir daglega.

**Matseld.is**
Nýjar uppskriftir daglega á fallegum uppskriftavef.

Eldhúsinnréting fæst gefins, gegn því að vera tekin niður. Einnig fæst gefins ísskápur. 20. ára gamalt. Uppl. í s. 659 3988 & 587 8824.

## Einkamál

TANTRA
ERÓTÍSK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00 OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS

Til sölu Palomino colt fellihýsi með fortjaldi dúkur grjótgrind og isskápur S.820 8139

**18plús.is.**
XXX samfélag íslendinga á netinu. Sýndu þig, sjáðu aðra. Vertu velkomin/n. www.18plús.is.

# Menntaskólinn við Hamrahlíð
## STÖÐUPRÓF í HAUSTIÐ 2007

**Stöðupróf á vegum menntamálaráðuneytisins verða haldin í Menntaskólanum við Hamrahlíð sem hér segir:**

| | | |
|---|---|---|
| Þriðjudaginn 14. ágúst | Kl. 16:00 | Danska (hámark 6 einingar), norska (hámark 6 einingar), sænska (hámark 6 einingar), finnska (hámark 12 einingar). |
| Miðvikudaginn 15. ágúst | Kl. 16:00 | Ítalska (hámark 12 einingar), portúgalska (hámark 12 einingar), spænska (hámark 12 einingar), hollenska (hámark 12 einingar). |
| | Kl. 18:15 | Albanska (hámark 12 einingar), franska (hámark 12 einingar), japanska (hámark 12 einingar), pólska (hámark 12 einingar) rússneska (hámark 12 einingar), víetnamska (hámark 12 einingar),og þýska (hámark 12 einingar). |
| Fimmtudaginn 16. ágúst | Kl. 16:00 | Enska (hámark 9 einingar). |
| Föstudaginn 17. ágúst | Kl. 16:00 | Stærðfræði. Boðið er upp á próf í STÆ103, STÆ203 og STÆ263. |

Skráð er í stöðupróf á skrifstofu skólans frá og með 9. ágúst í síma 595-5200.
Prófgjald, kr. 3500 fyrir hvert próf, ber að greiða inn á reikning Menntaskólans við Hamrahlíð í banka 323 hb 26 nr 106, kt. 460269-3509. Greiðslufrestur er til hádegis prófdag, nauðsynlegt er að fram komi nafn og kennitala próftaka. Sýna þarf kvittun fyrir greiðslu og persónuskilríki með mynd í prófinu.

Í Aðalnámskrá framhaldsskóla er tekið fram að þessi próf séu ætluð þeim sem búa yfir þekkingu og reynslu sem ekki hefur verið aflað með hefðbundnum hætti í skóla. Að gefnu tilefni skal tekið fram að fyrir liggur álit menntamálaráðuneytisins um að stöðupróf skuli ekki nota sem upptektarpróf fyrir nemendur sem fallið hafa á annar eða bekkjarprófi.

**Rektor.**

## Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
## Matreiðslumeistari

Staða matreiðslumeistara við Hraunvallaskóla í Hafnarfirði er laus til umsóknar.

Í Hraunvallaskóla eru nemendur á leik- og grunnskólaaldri og felst starf matreiðslumeistara í því að elda góðan og næringarríkan mat fyrir nemendur og starfsfólk skólans.
Umsækjandi þarf að vera góður fagmaður og hafa til að bera jákvæðni og aðlaðandi framkomu.
Allar upplýsingar um starfið veitir skrifstofu- og rekstrarstjóri skólans Ágústa Bárðardóttir í síma 664 5874 netfang agusta@hraunvallaskoli.is

Umsóknarfrestur er til og með 12. ágúst.
Laun og kjör samkvæmt samningum Hafnarfjarðar við viðkomandi stéttarfélag.

**Fræðslustjórinn í Hafnarfirði**

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í **síma 585 5500** og á heimasíðunni **www.hafnarfjordur.is**



**www.hrafnista.is**



vilborga@centrum.is

# FJÖLBREYTT STÖRF Í BOÐI

Hrafnista er fjölskylduvænn vinnustaður
sem býður fúsar hendur velkomnar til að
sinna gefandi vinnu með góðum félögum.
Á Hrafnistu er lögð áhersla á sveigjanleika í starfi.

**Allar nánari upplýsingar á www.hrafnista.is, magnea@hrafnista.is eða í síma 585 9529**

das HRAFNISTA
Reykjavík | Hafnarfjörður | Vífilsstaðir | Víðines

512 50 50
Auglýsingasími




– Mest lesið

30. JÚLÍ - 12. ÁGÚST

# SUMAR




**Gríptu tækifærið og gerðu góð kaup**

**Intersport Húsgagnahöll** SÍMI 585 7220 • Mán. - föstud. 10 -19 • Laugardaga 10 -18 • Sunnudaga 12 -18




INTERSPORT®

Intersport Smáralind SÍMI 585 7240 • Mán. - föstud.11 - 19 • Laugardaga 11 - 18 • Sunnudaga 13 - 18 •

# Tilboðsveisla Heimsferða í ágúst

frá aðeins kr. 14.990

Frábær sértilboð - síðustu sætin



Heimsferðir bjóða síðustu sætin í ágústsólina austan hafs og vestan, á hreint ótrúlegu verði. Tryggðu þér sumarfrí á frábærum kjörum! Nánari á www.heimsferdir.is.

**Bókaðu núna!**

## Rhodos - síðustu sætin

| | | |
|---|---|---|
| 11. ágúst | UPPSELT | |
| 18. ágúst | örfá sæti | frá kr. 59.990 |
| 25. ágúst | örfá sæti | frá kr. 39.990 |

## Fuerteventura - síðustu sætin

| | | |
|---|---|---|
| 7. ágúst | UPPSELT | |
| 14. ágúst | 19 sæti | frá kr. 39.990 |
| 21. ágúst | örfá sæti - 2 vikur | frá kr. 34.990 |

## Montreal - Kanada - síðustu sætin

| | | |
|---|---|---|
| 9. ágúst | UPPSELT | |
| 16. ágúst | 19 sæti | frá kr. 29.990 |
| 23. ágúst | örfá sæti | frá kr. 29.990 |
| 30. ágúst | örfá sæti | frá kr. 29.990 |

## Mallorca - síðustu sætin

| | | |
|---|---|---|
| 10. ágúst | UPPSELT | |
| 17. ágúst | örfá sæti - 2 vikur | frá kr. 44.990 |
| 24. ágúst | nokkur sæti | frá kr. 29.990 |

## Costa del Sol - síðustu sætin

| | | |
|---|---|---|
| 8. ágúst | UPPSELT | |
| 15. ágúst | örfá sæti | frá kr. 49.990 |
| 22. ágúst | nokkur sæti | frá kr. 39.990 |

## Króatía - síðustu sætin

| | | |
|---|---|---|
| 12. ágúst | UPPSELT | |
| 19. ágúst | örfá sæti | frá kr. 39.990 |
| 26. ágúst | örfá sæti | frá kr. 39.990 |

## Alicante - Benidorm - síðustu sætin

| | | |
|---|---|---|
| 9. ágúst | 6 sæti | frá kr. 14.990 |
| 16. ágúst | 11 sæti | frá kr. 34.990 |
| 23. ágúst | örfá sæti | frá kr. 34.990 |
| 30. ágúst | nokkur sæti | frá kr. 39.990 |

## Barcelona - síðustu sætin

| | | |
|---|---|---|
| 3. ágúst | UPPSELT | |
| 10. ágúst | 6 sæti | frá kr. 19.990 |
| 17. ágúst | 14 sæti - vikuferð | frá kr. 49.990 |
| 24. ágúst | 16 sæti - vikuferð | frá kr. 49.090 |

Munið Mastercard ferðaávísunina

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • www.heimsferdir.is


# STUÐ MILLI STRÍÐA Þegar landsbyggðarpakkið skreppur í bæinn

**ÞÓRGUNNUR ODDSDÓTTIR** ER FRÁ ÞESSUM STAÐ SEM HEITIR ÚTI Á LANDI



Þegar ég var 16 ára fór ég í heimavistarskóla á Akureyri og kynntist þá krökkum frá ýmsum landshlutum. Þar heyrði ég í fyrsta skipti talað um Reykjavík sem Bæinn með stórum staf og greini. Fyrir mér var Akureyri Bærinn og ég stóð í þeirri meiningu að þegar fólk talaði um að fara í Bæinn væri það að tala um þann bæ sem væri næstur þeim. Þannig hélt ég að íbúar austur á Héraði færu til Egilsstaða þegar þeir færu í bæinn og Árnesingar færu á Selfoss. Þarna á heimavistinni komst ég að því að svo var ekki. Það vorum bara við Norðlendingarnir sem vorum svona stórlátir. Þegar við fórum til Reykjavíkur fórum við suður – ekki í bæinn.

Þetta tal um Bæinn olli stundum misskilningi á heimavistinni. Einu sinni hringdi síminn á herberginu mínu og spurt var eftir herbergisfélaga mínum. Ég svaraði sem satt var að hún hefði skroppið í bæinn en kæmi aftur fyrir kvöldmat. Eftir langa þögn lýsti viðmælandinn undrun sinni á því hvað stúlkan væri að þvælast til Reykjavíkur svona í miðri viku.

Umræddur viðmælandi var einn þeirra sem halda ekki aðeins að Reykjavík sé eini bærinn með greini heldur líka að allt sem ekki fellur undir bæinn sé eitthvert óráðið svæði sem heitir einu nafni úti á landi.

Mér leiðist þetta tal um landsbyggðina og höfuðborgarsvæðið sem tvo ólíka póla. Þessi einfalda skipting í okkur og hina er hundleiðinleg. Hér áður fyrr voru menn frá Egilsstöðum, Grundarfirði, Breiðdal og Barðaströnd. Nú hefur málið verið einfaldað og allt þetta pakk er einfaldlega utan af landi.

„Hei, þekkir þú ekki hann Böðvar?“ sagði náungi á bar við mig um daginn þegar í ljós kom að ég var ekki Reykvíkingur. „Hvaða Böðvar?“ spurði ég. „Hann er frá Ísafirði,“ útskýrði viðmælandinn. Ég svaraði neitandi og bætti því við að sjálf væri ég að norðan og hefði bara einu sinni komið til Ísafjarðar á ævinni. „Já, ég hélt bara að þú þekktir hann kannski af því hann er utan af landi eins og þú,“ var svarað.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



SJÓNVARPSTÆKI HEYRNARTÓL BÍLHÁTALARAR BÍLTÆKI ÚTVÖRP HLJÓMBORÐ BÍLMAGNARAR HÁTALARAR
MYNDAVÉLAR FERÐATÆKI
DVD SPILARAR LCD SJÓNVÖRP
ELDAVÉLAR PLASMA SJÓNVÖRP
ÞVOTTAVÉLAR ÍSSKÁPAR MP3 SPILARAR
MYNDBANDSTÆKI
KAFFIVÉLAR
MAGNARAR
REIKNIVÉLAR

# RISA ÚTSALA

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

## ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

UPPÞVOTTAVÉLAR
ÖRBYLGJUOFNAR
RYKSUGUR
RAKVÉLAR
ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR
SAMLOKUGRILL
STRAUJÁRN
BLANDARAR
HRÆRIVÉLAR
VÖFFLUJÁRN
HÁFAR

BROT AF ÞVÍ BESTA

**Brauðristar, kaffivélar, sléttujárn, hárblásarar og fleira frá kr. 995**

**PHILIPS flatsjónvörp á frábæru verði**

**KENWOOD hrærivélar með allt að 40% afslættti**

**Kæliskápar með allt að 100.000 kr. afslættti**

**Þvottavélar frá kr. 34.995**

**Útlitsgallaðar vörur með miklum afslætti**

Skoðið tilboðin
á www.ht.is

Heimilistæki
www.ht.is

TAKMARKAÐ MAGN
Fyrstur kemur – fyrstur fær!

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFOSS |
|---|---|---|---|
| SÆTÚNI 8 | GLERÁRGÖTU 36 | GARÐARSBRAUT 18A | EYRARVEGI 21 |
| SÍMI 569 1500 | 460 3380 | 464 1600 | 480 3700 |

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS SuperTech UNITED BEKO DeLonghi elna
ide line Melissa TecnoWind Bauknecht Bompani GeneralFrost Indesit VESTFROST Whirlpool

HUGVERKA.smiðja

## > VISSIR ÞÚ?

Það tók Alfred Hitchcock viku að taka upp sturtuatriðið fræga í kvikmyndinni Psycho, en það er 45 sekúndur. Blóðið í atriðinu, sem hefur vakið óhug hjá mörgum áhorfandanum, er í rauninni súkkulaðisíróp.



# Fólk

folk@frettabladid

# Lindsay fer á kostum í Elle

Ekki hefur borið mikið á ungstirninu Lindsay Lohan eftir að hún var tekin ölvuð undir stýri en hún er þó á forsíðu nýjasta heftis bandaríska Elle.

Viðtalið var tekið áður en stúlkan var handtekin en blaðamaðurinn spjallaði við hana um ölvunarakstur. „Þeir eru að bíða eftir því að ég hrasi en ég myndi ekki gera það. Ég er mun ábyrgari en svo,“ sagði Lindsay en önnur hefur nú raunin verið.

Í myndatökunni fyrir blaðið olli Lindsay stílistunum miklum vandræðum og reyndi í sífellu að stela hlutum af settinu. „Louis Vuitton hafði sent okkur vörur til að nota í myndatökunni en Lindsay var alltaf að setja þá í töskuna sína,“ sagði vitni. „Aðstoðarmaður stílistans tók hlutina aftur upp úr töskunni, aðeins til þess að Lindsay gæti sett þá aftur þangað. Að lokum gekk hún út með rándýra skyrtu og fleiri hluti,“ sagði heimildarmaðurinn en Lindsay talaði einnig um myndatökuna í viðtalinu. „Mig langaði í allt þarna. Það var til dæmis Cartier-úr í tökunni sem ég hefði gert mikið fyrir að eignast.“




**ELLE** Í september hefti af bandaríska Elle er viðtal við Lindsay Lohan og myndaþáttur af stúlkunni. Hún hagaði sér með endemum illa í myndatökunni og stal rándýrum hlutum.



**BECK** Tónlistarmaðurinn Beck hannaði umslag fyrir bókina Le Grand Meaulnes.

# Hönnuðu bókaumslög

**Tónlistarmennirnir Beck og Ryan Adams eru á meðal þeirra sem hafa verið fengnir til að hanna umslag fyrir uppáhaldsbókina sína. Bókaforlagið Penguin í Bretlandi stendur fyrir uppákomunni. Bað það sjö tónlistarmenn eða hljómsveitir að hanna umslög fyrir bækur sem hafa komið út hjá Penguin. Geta lesendur í framhaldinu hannað sín eigin umslög á sömu bækur. Beck valdi að skreyta bókina Le Grand Meaulnes eftir Alain-Fournier og Ryan Adams hannaði umslag fyrir Bram Stoker´s Dracula.**



RYAN ADAMS

# Gamli skrautlegi Keith Richards

**Rokkarinn Keith Richards horfir nú um öxl enda er ævisaga hans í vinnslu. Myndir frá ferli kappans sýna að hann hefur lifað skrautlegu lífi.**

Bókaútgefendur rífast þessa dagana um útgáfu ævisögu Keith Richards.

Eflaust mun hún innihalda mikið af krassandi sögum úr lífi rokkarans sem hefur lifað tímana tvenna. Hann ber það vel með sér að vera gamall og er sennilega með krumpuðustu rokkurum heims enda sennilega ekki verið mikið í heilsufæðinu. Keith var þó einu sinni ungur og sætur tónlistarmaður sem heillaði hverja konu upp úr skónum með töffaraskap. Það var áður en líferni hans tók sinn toll af útlitinu. Hann var líka með flottan stíl og sniðugur í að raða saman fötum. Fréttablaðið fann nokkrar gamlar og nýjar myndir af rokkaranum sem er með þeim skrautlegri í bransanum.

hilda@frettabladid.is



















## KEITH Í GEGNUM TÍÐINA

Á myndunum koma einnig fyrir hljómsveitarfélagar Richards, Ronnie Wood og Mick Jagger. Einnig bregður fyrir fyrrverandi kærustu og barnsmóður hans, Anitu Pallenberg, en með henni á hann tvö börn. Nú er hann kvæntur Patti Hansen og á með henni tvær dætur.




Himinn og haf / SÍA

Förum varlega í akstri um Ísland og höfum hugfast að ferðalagið er jafnmikil upplifun og áfangastaðurinn. Landið hefur upp á ótalmargt að bjóða og aldrei að vita hverju þú missir af þegar farið er um í óðagoti. Stillum hraðanum í hóf, göngum vel um landið okkar og komum heil heim.

www.ferdalag.is

**Ljósmyndasamkeppni**

Á **ferdalag.is** finnurðu ýmiss konar upplýsingar sem tengjast ferðalögum um Ísland. Kynntu þér fáséðar perlur utan alfaraleiðar og sjáðu með eigin augum. Safnaðu ljósmyndum og sendu inn í ljósmyndasamkeppnina okkar. Sú stendur í allt sumar og vegleg verðlaun eru í boði.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Pamela Anderson** ætlar að hætta að leika í kvikmyndum og sjónvarpsþáttum og einbeita sér að sviðinu en hún leikur í sýningu í Vegas á dögunum. „Ég elska leikhúsið. Ég er að skemmta mér svo vel, mig langar að vera í Vegas að eilífu. Þetta er svo mikið glamúrlíf. Þetta er það sem ég elska að gera, ég er hætt í sjónvarpi og kvikmyndum,“ sagði Pamela, greinilega í skýjunum með nýju vinnuna.



**Dita Von Teese** er í sérstöku uppáhaldi hjá slúðurbloggaranum **Perez Hilton** sem er frekar þekktur fyrir að ráðast á stjörnurnar en að taka þær í dýrlingatölu. Dita talaði um þetta í nýlegu viðtali. „Ég er svo hamingjusöm að Perez sé ánægður með mig og veit ekki hvað ég gerði til að verðskulda það. Ég reyni að gera ekkert heimskulegt á almannafæri, það er ekki svo erfitt. Ekki keyra undir áhrifum eða láta eins og fífl, sumir eiga erfiðara með að sleppa því. ”



Sveitasöngkonan **Dolly Parton** hefur sett á stofn sitt eigið plötufyrirtæki en fyrsta platan sem gefin verður út er hennar eigin. „Þetta er fyrsta meginstraums platan sem Dolly hefur gert í sautján ár,“ sagði **Danny Nozell**, umboðsmaður Dolly, og bætti því við að þeim hefði ekki litist á tilboð frá neinum plötufyrirtækjum og því stofnað sitt eigið. Fyrsti singúll plötunnar, Better Get To Livin', verður gefinn út í september en Dolly fer í tónleikaferðalag í mars.



Tímaritið In Style hefur valið **Madonnu** og **Guy Richie** sem best klædda par heims en þar með ryðja þau **Beckham**-hjónunum úr hásætinu. Victoria og David féllu niður í þriðja sætið á meðan **Angelina** og **Brad** náðu silfrinu. Um sjö þúsund gestir heimasíðu tímaritsins kusu á listann. Einnig eru þar nöfn eins og **Gwen Stefani** og **Gavin Rossdale** og **Demi Moore** og **Ashton Kutcher**.

# Hressandi hálsklútar Hlínar

Hlín Reykdal er nemi í fatahönnun við Listaháskóla Íslands. Hún hefur verið dugleg við að skapa í sumar og nú hefur verslunin Belleville tekið til sölu hálsklúta hannaða af Hlín.

„Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á fylgihlutum og nota þá mikið sjálf. Það er gaman að geta verið í einföldum klæðnaði og skreytt sig með fylgihlutum sem eru orðnir mikilvægur partur af fataskápnum mínum. Klútana er hægt að nota á fjölbreytilegan hátt og sumum er til dæmis hægt að snúa við og þannig fá þeir nýtt lúkk,“ segir Hlín sem hefur verið að dunda sér við að sauma klútana í vinnustofunni sinni í sumar. „Klútarnir eru frekar klassískir án þess að vera of einfaldir og til dæmis eru sumir með kögri og aðrir í „sailor“-stíl. Þeir eru bæði fyrir stelpur og stráka og einnig hef ég gert slaufur sem minna helst á skemmtilega skartgripi.“

Hlín er með fleiri járn í eldinum og er til dæmis að vinna með stílistunum Möggu og Dýrleifu fyrir óperu. „Svo er ég að vinna að listaverki með Brynjari Sigurðssyni, vini mínum úr Listaháskólanum. Það verður sýnt á Menningarnótt, á litlu eyjunni á Tjörninni. Svo byrjar skólinn fljótlega en ég er að fara á annað ár í fatahönnun í haust.“ **- bor**







**HLÍN OG HÁLSKLÚTARNIR**
Hlín Reykdal hannar fallega klúta sem verslunin Belleville á Laugavegi hefur tekið í sölu.



**O´ DONNELL OG FENTRESS** Leikarinn þekkti á von á sínu fimmta barni með eiginkonu sinni, Caroline Fentress.

# Eignast enn eitt barnið

**Leikarinn Chris O´Donnell og eiginkona hans, Caroline Fentress, eiga von á sínu fimmta barni. „Við erum mjög spennt,“ sagði O´Donnell, sem er 37 ára.**

**O´Donnell og Fentress gengu í það heilaga árið 1997 og eiga saman þrjá drengi og eina stúlku. Eignaðist Fentress fjórða barnið á síðasta ári. Á meðal þekktustu mynda O´Donnell eru Batman Forever og Scent of a Woman. Um þessar mundir fer hann með aðalhlutverk í þáttaröðinni The Company.**








Landið er fallegra á löglegum hraða

UMFERÐARSTOFA
Ferðamálastofa
www.ferdalag.is

Nýtt í bíó

LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus





LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| PLANET TERROR | kl. 8 og 10.20-POWER | 16 |
| SIMPSONS enskt tal | kl. 4, 6, 8 og 10 | L |
| SIMPSONS íslenskt tal | kl. 4 og 6 | L |
| 1408 | kl. 8 og 10 | 16 |
| SHREK 3 íslenskt tal | kl. 4 og 6 | L |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is

NÝTT Í BÍÓ!







SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | |
| THE SIMPSONS MOVIE LÚXUS | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | |
| THE SIMPSONS MYNDIN ÍSL. TAL | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | |
| EVAN ALMIGHTY | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | |
| DIE HARD 4.0 | kl. 5 - 8 - 10.45 | 14 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| PLANET TERROR | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 6.30 - 8.30 - 10.30 | |
| DEATH PROOF | kl. 5.20 - 10.40 | 16 |
| DIE HARD 4.0 | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 14 |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 6 - 8 - 10 | |
| THE SIMPSONS MYNDIN ÍSL. TAL | kl. 6 | |
| DEATH PROOF | kl. 8 - 10.40 | 16 |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| PLANET TERROR | kl. 8 - 10 | 16 |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 6 - 8 - 10 | |
| THE SIMPSONS MYNDIN ÍSL. TAL | kl. 6 | |

MIÐASALA Á midi.is

SAMBÍÓIN www.SAMbio.is 575 8900 midi.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| NANCY DREW | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | 7 |
| GEORGIA RULES | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 7 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 2 - 5 - 8 - 10:10 | 10 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 2 - 5 DIGITAL | 10 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 2 - 4:50 VIP | |
| EVAN ALMIGHTY | kl. 2 - 4 | L |
| BLIND DATING | kl. 8 | 10 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| SHREK 3 M/- Ensku TAL | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 5:30 FORSÝND | L |
| RATATOUILLE M/- ENSKU TAL | kl. 8 FORSÝND | L |
| NANCY DREW | kl. 6 - 8:10 - 10:20 | 7 |
| GEORGIA RULES | kl. 8 - 10:30 | 7 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 10:20 | 10 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |

VIP SALURINN ER BARA LÚXUS ER STAÐSETTUR Í SAMBÍÓUNUM ÁLFABAKKA

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| NANCY DREW | kl. 8 - 10 | 7 |
| GEORGIA RULES | kl. 9 | 7 |
| SHREK 3 ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| HARRY POTTER 5 | kl. 6 | 10 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| SIMPSONS M/- ENSK TAL | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| NANCY DREW | kl. 8 - 10 | 7 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |


# Kókaín-kúrekar til Íslands

**Heimildarmyndin Cocaine Cowboys verður sýnd á Bíódögum Græna ljóssins síðar í mánuðinum. Myndin fjallar um fólkið sem flutti kókaín inn til Bandaríkjanna á áttunda og níunda áratugnum. Fólkið sem myndin Scarface og þættirnir Miami Vice eru byggð á. Uppistaða myndarinnar er viðtöl við glæpamennina sjálfa þar sem þeir tala um kókaíninnflutninginn, peningana og morðin.**



**HEIMILDARMYND UM KÓKAÍNINNFLUTNING** Billy Corben er leikstjóri heimildarmyndarinnar Cocaine Cowboys.

„Það sem við gerum í þessari mynd er að tala við kókaínkúrekana sjálfa. Við töluðum ekki við lögguna eða lögmenn eins og oft er gert þegar verið er að fjalla um glæpamenn, heldur töluðum við glæpamennina sjálfa. Þá sem fluttu kókaínið inn, dreifðu því og myrtu þá sem stóðu í vegi þeirra,“ segir Billy Corben, leikstjóri heimildarmyndarinnar Cocaine Cowboys, sem fjallar um fólkið sem flutti kókaín inn til Bandaríkjanna í tonnavís. Peningana sem þau græddu og morðin og ofbeldið sem fylgdu í kjölfarið.

### Morðinginn Rivi

Corben segir að stór hluti aðdráttarafls myndarinnar sé að sjá fólkið sem stóð að baki þessu og heyra hvað það hefur að segja. „Það var rosalegt að tala við Jorge „Rivi“ Ayala.“ Rivi þessi var einn þeirra sem sá um að drepa þá sem stóðu ekki í skilum við kókaínbarónana og er í fangelsi fyrir það. „Skrítið að sitja og hlusta á hann lýsa rólega og yfirvegað hverju morðinu á fætur öðru eins og hann væri að ræða um veðrið. Hann var svo vinalegur og rólegur að ég þurfti oft að klípa mig í handlegginn til að minna mig á að ég væri að tala við fjöldamorðingja.“ Corben segir að Rivi muni eftir hverju einasta morði sem hann framdi og hafi lýst þeim öllum í smáatriðum fyrir kvikmyndatökuliðinu. Hann sýndi engin merki um iðrun nema fyrir að hafa óvart drepið barn sem var í aftursætinu á bíl sem hann skaut á.“



**GUÐMÓÐIRIN GRISELDA** Kólumbíska guðmóðirin Griselda lét myrða heilu fjölskyldurnar án þess að blikna í kókaín-stríðinu í Miami í byrjun níunda áratugsins.

### Guðmóðirin Griselda

Í myndinni eru margir áhugaverðir karakterar en þeirra rosalegust er guðmóðirin Griselda. Það var hún sem kom kókaínstríðinu af stað, en það var morðfaraldurinn í Miami á þessum tíma kallaður, með því að drepa alla þá sem stóðu í vegi hennar og stóðu ekki við gefin loforð. Griselda þessi virðist vera algerlega samviskulaus. Hún lét iðulega drepa heilu fjölskyldurnar, þar á meðal ungbörn, ef eitthvað var henni ekki að skapi. Þessi morð vöktu skiljanlega mikinn óhug hjá Miami-búum á þessum tíma.

„Þegar Griselda var að alast upp í Kólumbíu var borgarastríð í landinu, La Violencia. Virðing fyrir lífi var mjög lítil. Lík lágu á víðavangi án þess að hirt væri um að gera eitthvað við þau og Griselda og vinir hennar léku sér með þau eins og börn leika sér að dúkkum. Hún var í barnaglæpagengi og framdi fyrsta morðið sitt tíu ára gömul.“



**KÓKAÍN-KÚREKAR** Heimildarmyndin Cocaine Cowboys fjallar um kókaíninnflutninginn í Miami á áttunda og níunda áratugnum og fylgikvilla hans.

Griselda þekkti Pablo Escobar, kókaínbaróninn alræmda, og að sögn Corben var það hún sem kynnti hann fyrir kókaíninu. Griselda er á lífi og býr einhvers staðar í Suður -Ameríku. Að sögn Corben hefur Griselda séð myndina og er hrifin af henni en myndi þó vilja leiðrétta nokkur smáatriði.

### Gífurleg spilling

Eitt af því sem kemur á óvart þegar maður horfir á myndina er hve spillingin í Miami á þessum tíma var mikil. Sums staðar var nær öll lögregludeildin á launum hjá kókaín-kúrekunum. „Það er ekki hægt að múta heiðarlegu fólki með nokkrum dollurum, ekki einu sinni með nokkur þúsund dollurum,“ segir Corben. „Þarna voru bara svo rosalegir peningar í spilinu að upphæðirnar sem þeir gátu boðið voru allt að margföld árslaun lögreglumannanna.“

John Roberts kókaín-kúreki talar um það að hann hafi farið nokkrum sinnum á ári og keypt sér nýjan bíl og greitt hann út í hönd með ávísun frá Panamabanka án þess að neinn hafi gert athugasemd við það.

Hann var líka stór styrktaraðili Repúblikanaflokksins. Hann segir í myndinni að hann hafi komist að því að allt hafi verð. Þegar það eru engin takmörk fyrir því hvað maður getur boðið mikla peninga þá falli allir á endanum.

Cocaine Cowboys verður sýnd á Bíódögum Græna ljóssins síðar í mánuðinum. **jara@frettabladid.is**

# Kanadískt araba/gyðinga-diskó

Chromeo er ein af þessum sveitum sem maður sér trekk í trekk á prófílum fólks á MySpace. Tónlist Chromeo er líka grípandi með eindæmum, dillivænni en Páll Óskar á Nasa og hefur með sér fíling sem fólk tengir við partí, bros, sumaryl, efnislítil föt og dans uppi á borðum klukkan hálfsex að morgni sunnudags. Tónlistin fær líka auðveldlega hippstera-stimpilinn á sig með sínu 80‘s afturhvarfi og tilheyrandi hljóðgervlum í litríkari kantinum. Reyndar virkar allt ofantalið sem eitur í eyrum margra en þetta er einfaldlega staðreyndin um Chromeo.

Sveitin er sett saman úr gyðingnum Dave 1 (eldri bróðir A-Trak, plötusnúðs Kanye West) og arabanum Pee Thugg en sjálfir segja þeir að þetta sé í fyrsta skiptið í sögunni sem samstarf þessara tveggja kynþátta gengur almennilega upp. Samstarfið gengur vissulega upp og ekki spillir fyrir að dúettinn fékk landa sinn Tiga til þess að hjálpa við upptökurnar á plötunni.

Eins og áður segir spilar Chromeo áhrifaríka diskóblöndu undir svo sterkum 80‘s áhrifum að jafnvel Limahl úr Kajagoogoo gæti flokkast sem post-pönkari samanborið við tónlist Chromeo. Þannig hljómar lagið Outta Sight eins og 1999 með Prince á enn meiri 80‘s sterum. Reyndar koma oft við sögu Stevie Wonder-ættaðir hljóðgervlar sem eiga meira skylt við lok áttunda áratugarins.

Textarnir eru auðlærðir og fjalla um hin hressilegu samskipti kynjanna. Dave og Pee lenda í sífelldum vandræðum í tengslum við konurnar sem þeir vilja annaðhvort að dansi meira eða hringi oftar í þá og fleira í þeim dúr.

Helsta vandamál plötunnar er að hana vantar fleiri hittara. Tenderoni, Opening Up og Fancy Footwork skyggja einfaldlega of mikið á annað á plötunni og eins og endaði oft með plötur listamanna 9. áratugarins þá er Fancy Footwork alltof óheilsteypt verk. En mikið lifandis skelfingar ósköp verður gaman að taka smá snúning þegar sveitin mætir á Airwaves í október.

**Steinþór Helgi Arnsteinsson**



**TÓNLIST**

**Fancy Footwork**

Chromeo

★★★

Vantar fleiri hittara en inniheldur smellið grúv og stuðið er í botni.

# SÖNGNÁMSKEIÐ

## HAUSTÖNNIN ER AÐ HEFJAST

**Fullorðins- og unglinganámskeiðin hefjast í byrjun september**


María Björk
Skólastjóri/Söngkona


Regína Ósk
Yfirkennari/Söngkona


Sessý
Söngkona/Kennari


Guðrún Árný
Söngkona/Kennari


Jónsi
Söngvari/Kennari


Erna Hrönn
Söngkona/Kennari


Guðbjörg
Söngkona/Kennari


Sara Dís
Söngkona/Kennari


Agnar Jón Egilsson
Leikstjóri/Leiklist
hjá Leynileikhúsinu.
nánarar á leynileikhusid.is

Á haustönn verður boðið upp á:
**5 ára og eldri:** Byrjenda- og framhaldsnámskeið
**Unglingar:** Byrjenda- og framhaldsnámskeið
**Fullorðnir:** Byrjenda- og framhaldsnámskeið.

Aldursskiptir hópar. Haldnir verða tónleikar á námskeiðinu og nemendur fá upptöku með söng sínum á geisladiski í lok námskeiðs.

Markmið söngkennslunnar er að þjálfa nemendur í túlkun, raddbeitingu, sjálfsstyrkingu og framkomu. Skólinn leitast við að veita nemendum sínum tækifæri til að koma fram opinberlega, svo sem við hljóðritanir, framkomur í sjónvarpi og á öðrum vettvangi. Skólinn leitast við að hafa sérþjálfað starfslið sem eru atvinnumenn hver á sínu sviði.



**GESTIR Á NÁMSKEIÐI**
**Magni og Jóhanna Guðrún**



**LEIKLIST!**
**Núna bjóðum við einnig upp á leiklistarkennslu.**

**Söngskólinn er alltaf í leit að hæfileikaríku fólki**

**Söngskóli**
MARÍU BJARKAR

Skráning og upplýsingar:
Sími: 588 1111, 696 0771 & 897 7922
poppskolinn@poppskolinn.is

Fákafeni 11 • www.poppskolinn.is • Sími 588 1111

## > Vassell ekki áfram hjá ÍR

Keith Vassell verður ekki áfram hjá ÍR í Iceland Express deild karla í körfubolta. ÍR-ingar ákváðu að semja ekki við Vassell sem var með 9,7 stig og 5,5 fráköst með liðinu í deildinni eftir að hann gekk til liðs við Breiðhyltinga í ársbyrjun. Hann hækkaði tölurnar síðan upp í 15,7 stig og 8,7 fráköst í úrslitakeppninni. ÍR-ingar eru í staðinn að leita að sér að stórum Evrópumanni en þeir hafa þegar ráðið til sín Bandaríkjamanninn Sonny Troutmann, fjölhæfan 22 ára og 195 sm framherja úr Ohio-háskólanum.



sport

sport@frettabladid.is

**SIGURPÁLL GEIR SVEINSSON:** VANN EINVÍGIÐ Á NESINU Í FYRSTA SINN Í TÍUNDU TILRAUN

# *Lætur lánskylfurnar ekkert af hendi aftur*

Sigurpáll Geir Sveinsson úr Golfklúbbnum Kili úr Mosfellsbæ vann einvígið á Nesinu sem fram fór í ellefta sinn í gær. Í öðru sæti varð Ólafur Björn Lárusson úr NK og þriðji var síðan Magnús Lárusson úr Kili. „Ég sló mjög vel og það var lítil skekkja í öllum höggum. Ég hef spilað þessar níu holur á fjórum höggum undir pari og það er mjög gott. Ég er bjartsýnn á framhaldið," sagði Sigurpáll eftir að sigurinn var í höfn. Sigurpáll hafði betur en heimamaðurinn, Ólafur Björn Loftsson, á lokaholunni en á holunni á undan hafði hann endað þriggja ára og 34 holu sigurgöngu félaga síns, Magnúsar Lárussonar, en aðeins munaði nokkrum sentimetrum á þeim í umspili um sæti í lokaúrslitunum. „Þetta er voða mikið spurning um heppni. Það munaði bara örfáum sentimetrum á að ég kæmist ekki í úrslitin. Minn bolti lenti illa en boltinn hans Magnúsar lenti aðeins verr á nýju flötinni," sagði Sigurpáll sem spilaði lokaholuna af öryggi. „Ég ætlaði að vera nær flötinni en ég var en það var þó betra að vera þarna megin við holuna því annars væri maður búinn að tapa þessu," sagði Sigurpáll sem lagði upp að holu og púttaði síðan örugglega í holu. Sigurpáll sem hefur orðið þrisvar sinnum Íslandsmeistari segist hafa verið búinn að reyna oft að vinna þetta mót en ekki tekist. „Ég held að ég sé búinn að taka þátt í þessu móti tíu sinnum. Ég hef tvisvar komist á síðustu holu og einu sinni í umspil um sigurinn þannig að það var kominn tími á þetta hjá mér," sagði Sigurpáll.



Sigurpáll var nýlentur á landinu eftir að hafa tekið þátt í Norðurlandamótinu í Danmörku.

„Við komum tvö í nótt þannig að undirbúningurinn var ekki mikill enda er þetta nú bara til gamans gert. Farangurinn okkar kom ekki með heim þannig að við sem vorum úti erum öll með lánskylfur á þessu móti. Þessar kylfur reyndust mér svo vel þannig að hann fær þær ekkert aftur sem á þær," sagði Sigurpáll í léttum tón.



**GÓÐUR** Lewis Hamilton vann sinn þriðja sigur á tímabilinu. NORDICPHOTOS/GETTY

Ungverski kappaksturinn:

## Hamilton vann í Ungverjalandi

**FORMÚLA 1** Lewis Hamilton náði sjö stiga forskoti á liðsfélaga sinn hjá McLaren, Fernando Alonso, þegar hann vann sigur í ungverska kappakstrinum.

Lewis Hamilton komst á ráspallinn eftir að Alonso var dæmdur fyrir að tefja hann í tímatökunum og hélt fyrsta sætinu allan tímann. Alonso, sem þurfti að ræsa sjötti, vann sig upp um tvö sæti og endaði í 4. sæti.

„Þetta var einn erfiðasti kappaksturinn sem ég hef tekið þátt í og miðað við allt sem gekk á hefði verið auðvelt að missa einbeitinguna," sagði Hamilton.

- óój



**ÁFRAM KR** KR-ingar munu treysta á góðan stuðning. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Evrópukeppnin í körfubolta:

## KR-ingar fara til Tyrklands

**KÖRFUBOLTI** Íslandsmeistarar KR-inga drógust gegn tyrkneska liðinu Banvit BC í 32 liða úrslitunum í bikarkeppni Evrópu en KR slapp við að fara í forkeppnina. Sláí KR-ingar Tyrkina út þá komast þeir inn í riðlakeppnina.

Þetta verður í fyrsta skipti sem íslensk lið mætir tyrknesku liði í Evrópukeppni. Banvit BC endaði í 7. sæti í tyrkensku deildinni í vetur og datt út í 8 liða úrslitum fyrir Efes Pilesen sem fór alla leið í úrslitin. Fyrri leikurinn fer fram á nýja parketinu í DHL-höllinni 20. nóvember en sá seinni í Balikesir sem er suðvestan við Istanbúl.

- óój

# Van der Sar varði þrjú víti í röð

**Hollenski markvörðurinn Edwin van der Sar tryggði Manchester United Samfélagsskjöldinn í opnunarleik enska tímabilsins á Wembley um helgina. Man. Utd vann Chelsea 3-0 í vítakeppni eftir 1-1 jafntefli liðanna.**

**FÓTBOLTI** Manchester United vann meistarakeppnina í Englandi, Samfélagsskjöldinn, í sextánda sinn á sunnudaginn en þurfti til þess vítakeppni gegn erkifjendum sínum í Chelsea.

Þetta var fyrstu leikurinn í enska boltanum síðan Chelsea vann bikarúrslitaleik liðanna í vor en deildin hefst síðan um næstu helgi. Hollenski markvörðurinn fékk uppreisn æru eftir að hafa verið gagnrýndur fyrir sigurmark Chelsea í úrslitaleiknum í maí því kappinn varði allar þrjár vítaspyrnur Lundúnaliðsins í vítakeppninni. Edwin van der Sar varði víti frá Claudio Pizarro, Frank Lampard og Shaun Wright-Phillips og á sama tíma skoruðu þeir Rio Ferdinand, Michael Carrick og Wayne Rooney fyrir þá rauðklæddu. Allar vítaspyrnur leikmanna United voru mjög öruggar.

„Ég var búinn að tapa 5 af 7 vítakeppnum sem ég hef lent í þannig að þetta lagar þá tölfræði aðeins. Við áttum þetta skilið, spiluðum betri fótbolta og sköpuðum fleiri færi. Þetta er pínulítil hefnd fyrir bikarúrslitaleikinn í vor," sagði Van der Sar eftir leikinn.

Ryan Giggs kom United í 1-0 á 35. mínútu eftir frábæran undirbúning Patrice Evra og Cristiano Ronaldo en Frakkinn Florent Malouda jafnaði á lokamínútu fyrri hálfleiks í sínum fyrsta alvöruleik fyrir Chelsea.

Ryan Giggs var hins vegar að skora sitt fyrsta mark á Wembley í sínum 17. leik.

Það var enginn titlaður framherji í byrjunarliði Chelsea og á meiðslalistanum voru menn eins og John Terry, Didier Drogba, Claude Makelele, Michael Ballack, Andriy Shevchenko og Wayne Bridge enda var José Mourinho meðal annars með tvo varamarkverði í leiknum og annan 19 ára strák sem hafði aldrei spilað fyrir aðallið félagins.

„Ég hef engar áhyggjur, þegar þeir eru klárir þá eru þeir klárir. Ég er tilbúinn að spila næsta leik á þessum mönnum sem eru klárir. Það var ekki auðvelt að undirbúa liðið en það gleður mig hvernig við stóðum okkur í þessum leik. Manchester var með nánast fullmannað lið en við vorum með meira en helming liðsins óleikhæfan. Þeir voru samt ekki betri en við og það gefur okkur mikið sjálfstraust inn í nýtt tímabil," sagði Mourinho eftir leikinn.

Alex Ferguson segir liðið eiga enn nokkuð í land. „Við erum ekki tilbúnir. Nýju leikmennirnir eiga allir nokkra vinnu fyrir höndum og við treystum því á mennina sem við höfðum á síðasta tímabili. Gary Neville, Louis Saha og Ole Gunnar Solskjaer eiga síðan allir eftir að koma til baka úr meiðslum þannig að við erum ekki eins sterkir og við getum orðið," sagði Sir Alex.

ooj@frettabladid.is



2



1



3



**HETJAN**

**Edwin Van der Sar** var hetja Manchester United í leiknum um Samfélagsskjöldinn. Hann varði víti frá Claudio Pizarro (1), Frank Lampard (2) og Shaun Wright-Phillips (3). NORDICPHOTOS/GETTY



Norðurlandamót í golfi í Danmörku um helgina:

## Íslenskir meistarar

**GOLF** Ísland eignaðist Norðurlandameistara í flokki 35 ára og eldri á Norðurlandamótinu í golfi sem fram fór í Danmörku.

Meðal meistara íslenska liðsins var nýkrýndur Íslandsmeistari í höggleik, Björgvin Sigurbergsson, en aðrir í sveitinni voru þeir Ólafur Jóhannesson, Sigurbjörn Þorgeirsson og Sigurður Pétursson.

Íslenska liðið lék samtals á 229 höggum, Sigurbjörn lék best á 74 höggum, Björgvin var á 77 og Ólafur var á 78 höggum. Sigurður lék á 82 höggum.

Íslenska sveitin lék á tveimur höggum betur en Svíar sem unnu heildarkeppnina. Ísland komst næst því að vinna annan titil í karlaflokki þar sem þeir Sigurpáll Geir Sveinsson, Pétur Freyr Pétursson, Arnór Ingi Finnbjörnsson og Sigmundur Einar Másson urðu í 2. sæti, 11 höggum á eftir Svíum.

- óój



**MEISTARI** Björgvin Sigurbergsson safnar að sér gulli. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Michel Platini, forseti UEFA, um enska boltann:

## Varar við erlendum eigendum

**FÓTBOLTI** „Ég hefði miklar áhyggjur af öllum erlendu eigendunum ef ég væri Englendingur," sagði Michel Platini, forseti UEFA, í sjónvarpsviðtali sem verður sent út í dag.

Platini talar þar einnig um að enska knattspyrnusambandið ætti ekki að leyfa erlendum eigendum, sem ætla sér bara að komast yfir skjótan gróða, að taka yfir ensku félögin. „Ég óttast að félögin missi sína sérstöðu og ef þetta væri að gerast í Frakklandi þá myndi ég berjast á móti því," bætti Platini við.

Enska knattspyrnusambandið segist vera með góða stjórn á yfirtöku erlendra eigenda en útilokar jafnframt ekki að reglugerðin verði strangari í framtíðinni.

- óój



**HARÐORÐUR** Michel Platini, forseti UEFA. NORDICPHOTOS/GETTY



erum og verðum

# ALLTAF ÓDÝRARI

## INTEL TÖLVUPAKKI 3

- Intel Core2Duo E6550 - 4MB
- 2GB 667MHz Dual DDR2
- 500GB SATAII WD - 16MB
- 256MB Geforce 8600GT
- 19" Acer Widescreen skjár

119.950

## TURNUPPFÆRSLA 2

- Athlon 64 X2 4600+ AM2
- 1GB DDR2 667MHz
- 320GB SATAII WD - 16MB
- 128MB GeForce 6100

39.950

## TURNUPPFÆRSLA 3

- Athlon 64 X2 6000+ AM2
- 2GB DDR2 667MHz
- 320GB SATAII WD - 16MB
- 256MB GeForce 8600GT

69.950

## ACER 19" AL1916WA

19" Acer LCD Widescreen 1440X900, 700:1, 5ms VGA tengi, silfurlitur

acer 17.950

## ACER 22" AL2216WSD

22" Acer LCD Widescreen 1680x1050, 700:1, 5ms VGA/DVI tengi, silfurlitur

acer 29.750

## INTEL ÖRGJÖRVI

Intel Core2 Duo E6550 Örgjörvi 2.33GHz 1333MHz FSB, 4MB cache oem

15.950

## INTEL SLI MÓÐURBORÐ

MSI P6N SLI FI V2 er öflugt móðurborð frá MSI fyrir Intel örgjörva, 4xDDR2 800 4x SATA2, SLI, GB LAN ofl.

11.950

## ACER ASPIRE 5720G

- 1.8GHz Intel Core2 Duo T7100
- 2GB Dual DDR2 667MHz
- 160GB SATA 5400rpm
- 256MB ATI HD 2300 PCI-E
- 15,4" CrystalBrite skjár

acer 124.950

## FORTRON AFLGJAFI

Extra hljóðlátur, 400 watt mjög öflugur aflgjafi, 120MM Low noice vifta

4.950

## ASPIRE TURNKASSI

Flottur turnkassi með gluggahlið og 2 kassa-viftum með ljósdíóðum, svartur, án aflgjafa

6.750

## ACER ASPIRE 5104WLMI

- 1.8Ghz AMD Turion64 X2 TL-56
- 1GB Dual DDR2 533MHz
- 160GB SATA 5400rpm
- 384MB ATI X1300 PCI-E
- 15,4" CrystalBrite skjár

acer 87.950

## LOGITECH Z-3E

Öflugt 2,1 hátalarkerfi frá Logitech, 2 nettir hátalarar + risa bassi, total power 80watt, farstýring fylgir

Logitech 9.950

## LOGITECH EX110

- Logitec EX110
- Þráðlaus geislamús
- Þráðlaust lyklaborð
- Áprentaðir íslenskir stafir

Logitech 3.450

## DIVICO TVIX M-3100

DViCO TViX M-3100U spilari/hýsing fyrir 3.5" IDE harðdiska m/LCD skjá tengist við sjónvarp

TViX 14.950

## 400GB HARÐUR DISKUR

Hljóðlátur 400GB Samsung harður diskur ATA100 8MB buffer, 7200rpm

SAMSUNG 8.950

## 2GB MINNISLYKILL

Corsair 2GB Usb lykill vatnsþéttur, höggþolinn og með 10 ára ábyrgð

CORSAIR 2.450

## HEYRNARTÓL MX200

Lítil og nett heyrnatól frá sennheiser, mjög þæginleg og extra fínn hljómur

SENNHEISER 950

# @tt.is

*Allt tölvutengt á betra verði*

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl.

# www.att.is

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS 500 KR HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700

## > Heather Locklear

Heather á langa sambandssögu að baki. Eftir að hafa verið með bæði Tom Cruise og Scott Baio giftist hún trommaranum Tommy Lee. Þau skildu sex árum síðar en hún var ekki lengi að giftast næsta tónlistarmanni, gítarleikara Bon Jovi, Richie Sambora. Þau skildu í apríl síðastliðnum eftir 13 ára hjónaband. Stuttu síðar tilkynnti Heather að hún væri tekin saman við dýralækninn í Melrose Place, Dr. Peter Burns, en persónan sem hún lék á skjánum var ástfangin af Dr. Burns öll sex árin sem hún lék í þáttunum.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: KLEMENS ÓLAFUR KYNNTIST TVENNS KONAR SPURNINGAÞÁTTUM:

# *Erlendir spyrlar, hýrir og hugstola*

Á þýskri stöð var seint um kvöld þáttur sem snerist á einhvern hátt um orðin „Löwe“ og „Maus“. Einræður þáttastjórnanda ríktu, en hann virtist kominn að og á leiðinni yfir útmörk röklegrar hugsunar. Sat þessi ungi maður við borð á stól með strípur í hári og hélt einbeittur um höfuð sér. Tautaði eitthvað um SMS sem okkur væri fyrir bestu að senda honum um Löwe und Maus og leit til áherslu þráðbeint í myndavélina á meðan, ískyggilega fjarrænn á svip.

Af einhverfu muldrinu mátti skilja að leiksvið hins bitra var orðaspurningaleikur. Lá lífið á að svara einhverju um þessi orð, Löwe und Maus! Alveg sama hvað það tæki langan tíma fyrir áhorfendur að senda inn SMS með réttu svari. „Skiljið þið ekki? LÖWE UND MAUS!“ Á færibandi í myndveri þokaðist nær glás af seðlum, sem hann handlék öðru hvoru, skipti upp í bunka og taldi. Stemningin var óvingjarnleg og á stundum eins og væri paródía um hugarvíl græðginnar. Að lokum kæmu upp óumflýjanlegir logar í myndveri og fram stykki skottugur skratti.

Þá er nú huggulegri þáttur Saber y ganar (að vita og vinna) í spænska sjónvarpinu. Þar er hæfilega aulalegur þáttastjórnandi, Jordi, sem lætur sér annt um og heldur með gestum sínum en gerir góðlátlegt grín að þeim á milli. (Eftirfarandi dæmi kann þó að virðast ögn karlrembulegt). „Svei mér þá, Anna, það hefur heldur betur verið djúpt á vitneskju þinni um Habsborgarana í þetta skiptið, haha seiseijá, en það gengur nú bara betur næst hjá svona glæsilegri konu með þennan líka guðdómlega prófíl.“ Jordi er hýr inn við skinnið og blíðmæltur fremur. Þegar þarf að selja flatskjái með SMS-leikjum, kemur löngu fyrrverandi frú Kynþokki til aðstoðar og hvetur þá sem heima hvíla til að spreyta sig á skjáþraut. Jordi litli heldur sig í hæfilegri fjarlægð á meðan.

Saber y ganar sést virka daga frá Spánarströndum, hinn þátturinn er sendur út á fullu tungli, að öllum líkindum frá helvíti.



**JORDI HURTADO** Spyrillinn knái hefur stýrt Saber y ganar í áratug.

## EKKI MISSA AF



▶ **22.40** Dauðir rísa SJÓNVARPIÐ



▶ **21.35** Ghostboat STÖÐ 2



▶ **20.00** The Perfect Man STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.45** Pirate Master SIRKUS



▶ **19.30** According to Jim SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Út og suður** (10:16)

**17.05 Leiðarljós**

**17.50 Táknmálsfréttir**

**18.00 Geirharður bojng bojng** (8:26)

**18.22 Sögurnar hennar Sölku** (6:13)

**18.30 Váboði** (8:13)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.05 Mæðgurnar** (3:22) Bandarísk þáttaröð um einstæða móður sem rekur gistihús í smábæ í Connecticut-fylki og dóttur hennar á unglingsaldri.

**20.50 Lithvörf** (10:12) e.

**20.55 Á flakki um Norðurlönd** (8:8)

**21.25 Willtir Westfirðir** (2:2) Þættir um villta náttúru Vestfjarða, mannlíf, menningu og matargerð undir berum himni. Ferðast er um land, sjó og loftin blá frá Látrabjargi að Hornströndum auk Reykhólasveitar og Strandasýslu.

**22.00 Tíufréttir**

**22.20 HM íslenska hestsins** (1:4) Samantekt frá keppni dagsins á heimsmeistaramóti íslenska hestsins sem fram fer í Hollandi.

▶**22.40 Dauðir rísa** (2:12) Breskur sakamálaflokkur um Peter Boyd og félaga hans í þeirri deild lögreglunnar sem rannsakar eldri mál sem aldrei hafa verið upplýst. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.40 Soprano-fjölskyldan** (2:12) e

**00.35 Kastljós**

**01.00 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 The Perfect Man**

**08.00 Les triplettes de Belleville**

**10.00 Another Pretty Face**

**12.00 You Got Served**

**14.00 Les triplettes de Belleville**

**16.00 Another Pretty Face**

**18.00 You Got Served**

▶**20.00 The Perfect Man** Rómantísk gamanmynd með þeim Heather Locklear og Hilary Duff í aðalhlutverkum.

**22.00 Cause of Death**

**00.00 Buffalo Soldiers**

**02.00 Narc**

**04.00 Cause of Death**

## STÖÐ 2

**07.00 Stubbarnir**

**07.25 Litlu Tommi og Jenni**

**07.45 Kalli litli kanína og vinir**

**08.10 Oprah**

**08.55 Í fínu formi 2005**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Forboðin fegurð** (106.114)

**10.15 Homefront**

**11.00 Whose Line Is it Anyway?**

**11.25 Sjálfstætt fólk**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Nágrannar**

**13.10 Homefront** (6.18)

**13.55 Studio 60** (8.22)

**14.45 According to Bex** (8.8)

**15.15 Whose Line Is it Anyway? 4**

**15.50 Tvíburasysturnar** (9.22)

**16.15 Shin Chan**

**16.38 Kalli á þakinu**

**17.03 Ofurhundurinn**

**17.28 Bold and the Beautiful**

**17.53 Nágrannar**

**18.18 Ísland í dag og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veð**

**19.40 Simpsons** (15.21)

**20.05 Extreme Makeover. Home Edition** (9.32) Johnson-fjölskyldan hefur þolað erfiða tíma síðan yngsta barnið fæddist með mænuskaða sem gerir það að verkum að hann þarf að fara allra sinna ferða í rafmagnshjólastól. Ty og félagar byggja glænýtt og stórglæsilegt heimili þar sem fullt tillit er tekið til sérþarfa yngsta barnsins. 2006.

**20.50 Las Vegas** (16.17)

▶**21.35 Ghostboat** Seinni hluti framhaldsmyndar mánaðarins. Fyrir 40 árum hvarf kafbátur með nær alla áhöfnina og var talið að hann hefði sokkið. Þegar kafbáturinn kemur á yfirborðið 40 árum seinna fer í gang rannsókn á því hvað gerðist og hvað varð um áhöfnina. 2006.

**22.45 The Unit** (12.23)

**23.30 The Riches** (10.13)

**00.20 Ghost Whisperer** (24.44)

**01.05 Hustle** (2.6)

**01.55 Paul Newman Hollywood/s Cool Hand**

**03.25 Not Without My Daughter** (e)

**05.20 Fréttir og Ísland í dag**

**06.30 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíVí**

## SÝN besta sætið

**18.05 Íþróttahetjur** Íþróttahetjur eru af öllum stærðum og gerðum. Í þættinum er fjallað um fólk sem æfir og keppir í ólíkum íþróttagreinum en allt er það íþróttahetjur á sinn hátt. Skák, skylmingar og borðtennis eru aðeins nokkrar íþróttagreinar sem koma við sögu í þættinum. Á meðal viðmælenda eru kúreki og búddamunkur og segir það meira en mörg orð um efnistökin sem eru mjög fjölbreytt.

**18.30 Meistaradeildin 2007 - forkepp** (FH - BATE) Útsending frá leik FH og Bate í forkeppni Meistaradeildar Evrópu.

**20.10 PGA Tour 2007 - Highlights** (The PLAYERS Championship)

**21.05 Height of Passion** (Spánn: Real Madrid v Barcelona ) Frábær þáttaröð þar sem teknar eru fyrir viðureignir erkifjenda í knattspyrnuheiminum. Í þessum þætti verður fjallað um hið sérstaka haturssamband sem ríkir á milli spænsku stórliðanna Real Madrid og Barcelona.

**22.00 Heimsmótaröðin í Póker 2006**

**22.55 Meistaradeildin 2007 - forkepp** (FH - BATE)

## SÝN2

**20.00 Premier League World** (Premier League World 2007/08) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.

**20.30 Season Highlights** (Season Highlights 2002/2003)

**21.30 10 Seasons - A Decade of Great** (West Ham - Bradford) Svipmyndir frá leik West Ham og Bradford City tímabilið 1999-2000. Ýmsir þekktir knattspyrnumenn léku með Bradford eins og Chris Waddle og Lee Sharpe.

**22.00 10 Seasons - A Decade of Great** (Leeds - Liverpool) Svipmyndir frá leik Leeds United og Liverpool leiktíðina 2000-2001. Leeds var með ungt og feykilega skemmtilegt lið á þessu tímabili.

**22.30 Goals of the season** (Goals of the Season 2007/2008) Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.

## SKJÁREINN

**07.35 Everybody Loves Raymond** (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Vörutorg**

**09.45 Óstöðvandi tónlist**

**16.15 Vörutorg**

**17.15 On the Lot** (e)

**18.15 Dr. Phil**

**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)

▶**19.30 According to Jim** (e) Bandarísk gamansería með grínistanum Jim Belushi í aðalhlutverki. Jim hittir mann sem hann hann grunar að sér pabbi sinn.

**20.00 All of Us** (19.22) Fjölmiðlamaðurinn Robert James er nýskilinn við eiginkonu sína og barnsmóður, Neesee, en hann er staðráðinn í að afsanna þjóðsöguna um að skilnaður útiloki að hægt sé að láta sér lynda við þá fyrrverandi.

**20.30 How Clean is Your House?** (10.13) Bresku heinlætisdívurnar Kim Woodburn og Aggie MacKenzie þefa uppi subbuleg heimili og taka til hendinni. Þessar bresku kjarnakonur skúra, skrúbba og bóna auk þess sem þær gefa sóðunum góð ráð.

**21.00 Design Star** (9.10) Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir hönnuðir fá tækifæri til að sýna snilli sína. Við fylgjumst með sigurvegaranum byrja undirbúninginn að þættinum sínum og fá sorgarfréttir að heiman.

**22.00 Angela's Eyes** (11.13) Bandarísk þáttaröð um konu sem les í lygar fólks og er besti lygamælir bandarísku alríkislögreglunnar.

**22.50 Everybody Loves Raymond**

**23.15 Jay Leno**

**00.05 Runaway** (e)

**01.00 Sex, love and secrets** (e)

**01.50 Vörutorg**

**02.50 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.

**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


Auglýsingasími

512 50 50




– Mest lesið

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.05
**Extreme Makeover: Home Edition**

Þriðja þáttaröð hins sívinsæla Extreme Makeover: Home Edition. Þúsundþjalasmiðurinn Ty Pennington heimsækir fjölskyldur sem eiga við erfiðleika að stríða og endurbyggir heimili þeirra frá grunni. Í þætti kvöldsins byggja Ty og félagar glænýtt og stórglæsilegt heimili fyrir Johnson-fjölskylduna en þau hafa þolað erfiða tíma síðan yngsta barnið fæddist með mænuskaða.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ E-RING

**Sirkus kl. 21.10**

Ysti hringurinn er nýr spennuþáttur úr smiðju Jerry Bruckheimers sem hefur meðal annars framleitt þættina CSI, Cold Case og Amazing Race. Með aðalhlutverk fara Dennis Hopper og Benjamin Bratt J. T. Tisnewski (Benjamin Bratt) er fyrrum CIA-maður sem vinnur í Pentagon fyrir bandaríska herinn.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Laufskálinn
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Heima er best
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Sakamálaleikritið: Mótleikur
**13.15** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Hótel Kalifornía
**14.30** Í grænni lautu
**15.03** Litir í tónum og orðum: rauður
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Laufskálinn
**19.40** Útvarpsleikhúsið: Mæja spæja
**20.00** Hið fagra mun sigra að lokum
**21.40** Slæðingur
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Ævintýri Artúrs Gordons Pym
**22.45** Kvöldtónar
**23.10** Hvítu svingdívurnar
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**18.00 Insider**
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Entertainment Tonight**
**20.10 The George Lopez Show** (2:22) George Lopez er fjölskyldufaðir sem á í stökustu vandræðum með að hafa stjórn á unglingsdóttur sinni og óþægum syni. Börnin eru þau ekki eina vandamálið því hans er stöðugt í heimsókn og oftast við það að gera hann vitlausann. 2005.
**20.40 Kitchen Confidential** (12:13) Gamanþættir um Jack Bourdain sem var eitt sinn þekktur kokkur en eftir eina villta nótt ▶ tókst honum að klúðra öllu því sem hann hafði afrekað.
**21.10 E-Ring** (1:22) Spennuþáttur úr smiðju Jerry Bruckheimers með Dennis Hopper og Benjamin Bratt í aðalhlutverkum.
**22.00 Men In Trees** (8:17) Bráðkemmtileg ný þáttaröð með Anne Heche í aðalhlutverki.
**22.45 Pirate Master** (10:14) Hörkuspennandi raunveruleikaþáttur.
**23.35 True Hollywood Stories** (8:8) (e)
**00.20 Filthy Rich Cattle Drive** (3:8) (e)
**01.05 Entertainment Tonight** (e)
**01.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## BBC PRIME

**11.00** As Time Goes By **11.30** My Family **12.00** Hetty Wainthropp Investigates **13.00** Waking the Dead **14.00** House Invaders **14.30** Bargain Hunt **15.15** Bargain Hunt **16.00** As Time Goes By **16.30** My Family **17.00** Little Angels **17.30** Little Angels **18.00** Waking the Dead **19.00** Supernova **19.30** The Mighty Boosh **20.00** Knowing Me, Knowing You... With Alan Partridge **20.30** Nighty Night **21.00** Waking the Dead **22.00** Keeping Up Appearances **22.30** Supernova **23.00** The Mighty Boosh **23.30** As Time Goes By **0.00** My Family **0.30** EastEnders **1.00** Waking the Dead **2.00** Hetty Wainthropp Investigates

## DR 1

**6.00** SommerSummarum **7.35** Yu-Gi-Oh! **7.55** Ctrl Z **8.15** Kronen og scepteret **8.30** Historien om John Henry **8.40** Shin Chan **8.50** Dyre-Internatet **9.20** Vagn på floden **10.00** TV Avisen **10.10** De moderne familier **10.40** Med rygsæk **11.05** Orkesterliv **11.35** Forsvundne Danskere **12.05** Dawsons Creek **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.05** Pigebandet Frank **13.30** SommerSummarum **15.05** Dragejægerne **15.30** Min farfars rekordbog **16.00** Når der går forår i dyrene **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.05** Sherlock Holmes **18.00** Hokus Krokus **18.30** Uventet besøg **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Kong Salomons miner **20.55** Seinfeld **21.20** Airport 77 **5.30** Home things **5.35** Anton **5.40** Byggemand Bob **5.50** Tagkammerater **6.00** SommerSummarum

## NRK 1

**6.00** Teddy og Annie **6.15** Postmann Pat **6.35** Pingu **6.40** Noahs dyrebare øy **7.10** Gjengen på taket **7.26** Moro med dyr **7.35** Kalle på kroa **7.45** Grusomme grøss **8.00** Laura Trenter **8.30** Med hjartet på rette staden **9.15** Jukeboks: Sport 10.00 Jukeboks: Norsk på norsk **11.00** Jukeboks: Ut i naturen **12.00** Jukeboks: Dansefot **13.25** The Tribe - Den nye morgendagen **13.50** Byttelånerne **14.15** Pakten **15.50** Oddasat - Nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Lille Prinsesse **16.15** Robotgjengen **16.25** Fotball er ikke noe for jenter **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Ut i naturen: Dei som lever av havet **17.55** Nigellas kjøkken **18.25** Med torsk til Lofoten **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Siste nytt **19.10** Sommeråpent **19.55** Diana - prinsessens siste dager **20.45** Extra-trekning **21.00** Kveldsnytt **21.15** Norge i dag **21.25** I frihetens navn **5.30** Sommermorgen **5.31** Fimlene **5.55** Peppa Gris **6.00** Teddy og Annie

## SVT 1

**7.15** Hej hej sommar **7.16** Tintin **7.45** Flyg 29 saknas **10.00** Rapport **10.05** Att odla sin trädgård **10.35** Kunskap och vetande **12.35** Nattvardsgästerna **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Runt omkring på Island **15.30** Bergen - Kirkenes t/r **16.00** Emil i Lönneberga **16.25** Bolibompas sommartips **16.30** Hej hej sommar **16.31** Tintin **17.00** Flyg 29 saknas **17.30** Rapport **18.00** Allsång på Skansen **19.00** Friidrott: DN-galan **21.30** Rapport **21.40** Six Feet Under **22.35** Sändningar från SVT24 **4.00** Gomorron Sverige




## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég er aðallega að hlusta á svona rólega alternative tónlist. Air, Charlotte Gainsbourg, Massive Attack, Boards of Canada, Beck, Goldfrapp, Elbow, Nouvelle Vague og fleira. Klaxons er líka í miklu uppáhaldi hjá mér núna.“*

Elva Rósa Skúladóttir, fatahönnuður hjá Cintamani.

# Fyrirsæta á framabraut í Barcelona

Fyrirsætan Svala Lind Þorvaldsdóttir hefur dvalist í Barcelona í sumar á vegum Eskimo og gengið ansi vel að koma sér á kortið í fyrirsætubransanum. Hún hefur setið fyrir í tveimur myndaþáttum, fyrir blöðin Boulevard í Barcelona og Thelmu í Madrid, ásamt ýmsum öðrum auglýsingum. Slíkir myndaþættir eru með eftirsóknarverðustu verkefnum í fyrirsætuheiminum, og að sögn Svölu þar að auki með þeim skemmtilegri. „Ég held að þetta þyki bara gott, svo er mér að minnsta kosti sagt,“ sagði Svala Lind hógvær. „Ég er búin að vera hérna síðan í maí, en byrjaði ekki fyrr en í júní hjá View, sem er spænsk skrifstofa. Verkefnin eru núna svona um tíu,“ útskýrði hún.

Fyrirsætuferill Svölu Lindar er þó ansi stuttur. „Ég byrjaði bara á þessu ári hjá Eskimo. Ég var til dæmis í auglýsingu fyrir Símann og svo sat ég fyrir í finnskum sportvörubæklingi,“ sagði hún og hló við. Flest verkefnin hefur hún þó fengið í Barcelona, en þar á meðal eru auglýsingar fyrir vöruhúsið þekkta El Corte Inglés, og auglýsing fyrir spænska Vogue.

Dvöl Svölu Lindar á Spáni er senn á enda, en hún snýr aftur heim 11. ágúst. Þá bíður skólabekkurinn, en Svala Lind hefur í haust þriðja námsár sitt við Menntaskólann í Hamrahlíð. „Mér var reyndar sagt að ég ætti möguleika á að fljúga hingað til að vinna, ef ég fæ verkefni, en það verður bara að koma í ljós. Ég verð að minnsta kosti heima í vetur,“ sagði Svala Lind. - sun



**RÍFSTARTAÐ** Fyrirsætuferill Svölu Lindar Þorvaldsdóttur er á hraðri uppleið. Hún hóf fyrirsætustörf á þessu ári og á nú þegar tvo myndaþætti í spænskum blöðum að baki.

| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT** 2. birta **6.** tónlistarmaður **8.** flíkur **9.** meðvitundarleysi **11.** átt **12.** áfergja **14.** ofsareiður **16.** tveir eins **17.** sigti **18.** rá **20.** tvíhljóði **21.** bannhelgi.

**LÓÐRÉTT** 1. listi **3.** ógrynni **4.** fornt ríki **5.** óhreinka **7.** fífla **10.** mál **13.** ögn **15.** viðskipti **16.** kærleikur **19.** í röð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** rofa, **6.** kk, **8.** föt, **9.** rot, **11.** na, **12.** ákafi, **14.** klikk, **16.** áá, **17.** sía, **18.** slá, **20.** au, **21.** tabú.

**LÓÐRÉTT: 1.** skrá, **3.** of, **4.** fönikía, **5.** ata, **7.** kokkála, **10.** tal, **13.** fis, **15.** kaup, **16.** ást, **19.** áb.






**Á HEIMASLÓÐIR** Dögg Mósesdóttir segir ekkert því til fyrirstöðu að halda alþjóðlega stuttmynda- og tónlistarmyndbandahátíð í heimabæ sínum, Grundarfirði.

## DÖGG MÓSESDÓTTIR: HELDUR STUTTMYNDAHÁTÍÐ Á GRUNDARFIRÐI

# Vill tónlistarvæna hátíð

Kvikmyndagerðarkonan Dögg Mósesdóttir ætlar að halda alþjóðlega stuttmynda- og tónlistarmyndbandahátíð á Grundarfirði í febrúar á næsta ári. „Upphaflega hafði ég hugsað mér að hafa hátíðina að sumri til, en svo sá ég að yfir sumarið er svo mikið í gangi úti um allt land,“ sagði Dögg, sem nú er búsett í Barcelona. Hún hyggst þó snúa aftur á heimaslóðir tveimur mánuðum fyrir hátíðina til að leggja lokahönd á verkið og segir ekkert því til fyrirstöðu að kvikmyndahátíð geti verið haldin í eitt þúsund manna byggðarlagi.

„Bransinn þarf ekkert að vera beintengdur höfuðborginni. Mig langar að reyna að fá ferðamenn á staðinn á þessum rólega tíma; Íslendinga, erlenda ferðamenn og þá sem taka þátt í hátíðinni. Svo er Berlínarhátíðin helgina á eftir, þannig að fólk getur tekið kvikmyndahátíðarúnt,“ sagði hún spösk.

Dögg stefnir á að gera hátíðina að árlegum viðburði og vill í framtíðinni hafa fleiri kvikmyndir í fullri lengd. Í vetur verður hins vegar áherslan lögð á stuttmyndir og tónlistarmyndbönd, ásamt einni íslenskri kvikmynd í fullri lengd. „Það hefur aldrei verið alþjóðleg keppni í stuttmyndum og tónlistarmyndböndum á Íslandi áður,“ sagði Dögg, sem hefur sjálf gert nokkur tónlistarmyndbönd og hefur mikinn áhuga á listforminu. „Þau geta verið mjög skapandi og skemmtileg. Og fyrir vikið verður þetta svolítið tónlistarvæn kvikmyndahátíð. Það væri til dæmis mjög gaman ef hljómsveitirnar fylgdu myndböndunum sínum á hátíðina og héldu tónleika,“ bætti hún við.

Í alþjóðlegri dómnefnd á Northernwave verður meðal annars Luis Aller, kennari Daggar þegar hún nam kvikmyndagerð í Barcelona, gagnrýnandi og kvikmyndagerðarmaður. Hún hefur þar að auki verið í viðræðum við Javier Aguirresarobe, kvikmyndatökumann sem er nú við tökur á nýjustu mynd Woodys Allen, og fjórfaldan óskarsverðlaunahafa í hljóðvinnslu. Dögg vonast til að dómararnir, sem og leikstjóri íslensku myndarinnar, geti miðlað af reynslu sinni til hátíðargesta. „Mig langar til að geta haft málfundi, eða eitthvað í þá átt, þar sem ungir og óreyndir kvikmyndagerðarmenn geta fengið smá leiðsögn,“ sagði hún.

Northernwave stendur yfir frá 31. janúar til 3. febrúar 2008. Heimasíðan northernwave.is, er enn í vinnslu, en nánari upplýsingar verða birtar þar á næstu vikum.

sunna@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Teiknimyndahöfundurinn **Hugleikur Dagsson** teiknar myndir í auglýsingaherferðinni Frítt í strætó sem Strætó bs. í samvinnu við Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög hefur sett á laggirnar. Skondnar mannlífsmyndir eftir Hugleik verða hengdar upp í strætisvögnunum og eiga þær vafalítið eftir að vekja mikla athygli, rétt eins og önnur verk hans í gegnum tíðina.



Áhrif **Borats** frá Kasakstan, sem **Sacha Baron Cohen** hefur gert svo eftirminnilega skil í sjónvarpi og kvikmyndahúsum, gætir víða og þar á meðal hér á landi. Eins og þeir sem muna sem sáu myndina um Borat klæddist hann sundbol eða rétta sagt grænum þveng með axlaböndum í myndinni. Nú hafa íslenskir karlmenn fengið að kenna á þessum klæðnaði en hann þykir nokkuð vinsæll í steggjaveislum.



Fréttablaðið hefur að minnsta kosti haft spurnir af tveimur slíkum steggjum, öðrum á Laugavegi en hinum á leið inn á Kaplakrika þar sem FH og Keflavík áttust við í Landsbankadeildinni. Steggjunum var misvel tekið af nærstöddum en sá sem ætlaði í Kaplakrika var meinaður aðgangur þar sem þvengurinn þótti ekki við hæfi í áhorfendastúkunni. -fb/kh






# Með gervigras í garðinum

Ísfirðingurinn Fjölnir Baldursson kom flestum bæjarbúum í opna skjöldu á dögunum þegar hann ákvað að leggja nýtt, iðagrænt gervigras á hundrað fermetra svæði á lóðinni sinni.

„Maður átti í vandamálum með garðinn. Það var svo mikil órækt þegar ég flutti að það lá beint við að gera þetta, því mig langaði að fá sléttan garð og grænan,“ segir Fjölnir, sem borgaði um eina milljón bæði fyrir grasið og fleira sem þurfti að laga í garðinum. „Þetta er ekki það mikið verð ef maður hugsar um endingu og annað, ef maður hugsar þrjátíu ár fram í tímann. Það þyrfti fimm eða sex sláttuvélar til að vinna í venjulegu grasi öll þessi ár en þetta er alveg viðhaldsfrítt nema að á fimm ára fresti þarf ég að fara yfir gervigrasið með sérstakri þvottavél.“

Fjölnir, sem starfar sem kokkur, viðurkennir að vera langt frá því að vera með græna fingur enda myndi vafalítið engum skógræktarunnanda láta sér detta annað eins í hug. „Ef það gengur fyrir rafmagni þá kann ég ekki á það.“ - fb



**Á NÝJA GRASINU** Ísfirðingurinn Fjölnir stoltið uppmálað á nýja gervigrasinu sínu.

MYND/BB.IS

heima Öndvegi

# ÚTSALAN Í FULLUM GANGI!

# 15-60% AFSLÁTTUR

RAFEMAR, KRISTALIA, KASTHALL, CHATEAU D'AX, CALLIGARIS, HÜLSTA OG JENSEN.







heima

Öndvegi

HEIMA HÚSIÐ

Síðumúla 30 I Sími 5684242 I www.heimahusgogn.is I heima@heimahusgogn.is

Opið: Virka daga 10 - 18 laugardaga 11 - 16

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



DAGANA 8.–26. ÁGÚST
SPARIDAGAR
..og þú gerir frábær kaup!
ORMSSON
TÓLF VERSLANIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT




**BAKÞANKAR**

KARENAR D. KJARTANSDÓTTUR

# *Íslandssaga*

Faðir minn gat ekki gert upp við sig hvort hann vildi verða bóndi eða sjómaður þegar hann var yngri. Rétt rúmlega tvítugir höfðu foreldrar mínir eignast bú á Suðurlandi auk nokkurra dætra. Þegar þau höfðu byggt nýtt íbúðarhús skall óðaverðbólga á. Þegar pabbi þurfti svo að dvelja lengi á sjúkrahúsi vegna mjög skæðrar lungnabólgu var bóndadraumurinn að mestu úr sögunni og næsta grunnatvinnugrein þess tíma tók við – sjómennska. Hægt var að selja aðsetur fjölskyldunnar bónda sem ætlaði að verða ríkur á loðdýrarækt. Haldið var til Stokkseyrar, svona rétt áður en mest öll útgerð þar lagðist af. Leiðir fjölskyldunnar lágu því víðar um landið.

**VESTFIRÐIR** urðu þó útundan. Úr því var loksins bætt í sumar. Lagt var í hann með trausta vegahandbók, Vestfirðingasögur í gamalli útgáfu og Íslandssögu Illuga í óhandhægu broti. Þema ferðarinnar skyldi vera hryllingur liðinna tíma.

**HÓLMAVÍK** var upphafsreitur ferðarinnar. Þar kynntum við fjölskyldan okkur hörmungar galdrafársins.

**BREIÐAVÍK** var næsti áfangastaður. Kirkjan sem reist var af drengjunum sem þar voru geymdir fyrr á öldinni var læst. Ég leit inn um rauðlitað glerið og virti fyrir mér kvalasvip Krists á altaristöflunni áður en við grilluðum á hvítri ströndinni.

**SJÖUNDÁ** er ekki hægt að skilja útundan í ferð sem þessari. Staðurinn afskekkti þar sem eitt frægasta sakamál 19. aldar átti sér stað. Gönguleiðin að bænum er torfær og grýtt. Því kom mér á óvart að sjá konu, nokkuð við aldur, sitja við rústir bæjarins. Grátt hár hennar í nákvæmlega sama lit og veðraður rekaviðurinn sem eitt sinn hafði haldið þaki bæjarins uppi. Hún var að setja nýja gestabók við bæinn. Tilkynnti mér, eftir að við höfðum kynnt okkur, að hún væri afkomandi ógæfufólksins sem bærinn er helst þekktur fyrir. Hún fræddi mig um það að á Sjöundá hefði verið búið til 1920; afi hennar og amma hefðu verið síðustu ábúendurnir.

**ÖGUR** er einnig nauðsynlegur viðkomustaður í hryllingsferð. Sýslumaðurinn Ari í Ögri er jú maðurinn sem stóð fyrir eina fjöldamorði Íslandssögunnar.

**Á** heimleið komum við að yfirgefinni sundlaug. Hún var hrein og hlý. Ólíkt niðurníddu sturtuhúsinu sem eyðilegging og rotnun höfðu unnið á. Tómur ískælir í gangveginum með myndum af brosandi fólki var eins og ósmekklegur brandari. Svona í stíl við fallega en kalda eyðifirðina í kring. Frá salerni hússins heyrði ég dynjandi vatnsnið. Ég gekk inn og reyndi að skrúfa fyrir heitavatnskrana. Úr honum hafði sjóðheitt vatn greinilega runnið lengi því mikill kísill hafði sest á stútinn. Blátt gullið – sjálfan ríkidóm framtíðarinnar – náði ég þó ekki að beisla og áfram seytlaði það ofan í niðurfallið og út í firðina þar sem menn dreymir um að koma á laggirnar stöð til að hreinsa svartagull annarra þjóða. Stöð sem myndi eyða tækifærunum sem fyrir eru. Stöð sem hljómar eins og hryllingur úr framtíðinni.


www.volkswagen.is




Verðið á Volkswagen Golf hefur aldrei verið hagstæðara. Taktu gæðin og glæsileikann með í reikninginn og þú sérð að þetta er tækifæri sem borgar sig að grípa. Komdu, reynsluaktu og tryggðu þér Golf.

**Golf Trendline kostar aðeins 25.490 kr. á mánuði.***

**Gerðu bílinn enn glæsilegri með sportpakka að verðmæti 280.000 kr.**

• 16" álfelgur • sóllúga • leðurstýri • þokuljós
• armpúði milli framsæta • samlitur

*M.v. 10% útborgun og bílasamning SP til 84 mánaða.

**Volkswagen Golf er grænn bíll**

HEKLA greiðir fyrir kolefnisjöfnun allra nýrra Volkswagen-bíla í eitt ár. Kolefnisjöfnun felst í því að binda samsvarandi magn gróðurhúsalofttegunda og bíllinn gefur frá sér. Þetta gerum við með skógrækt og landgræðslu.

**HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is**
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi